


SHALDOR
skoðun 18



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Litrík leyniföt
Fötin í Leynibúðinni á Laugavegi
eru eftir íslenska hönnuði.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

2. júní 2011
127. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt heimild: Stjórnun Genesent Cellum árið 2011



Hvert ár er ávinningur
Guðrún Agnarsdóttir er
sjötug.
tímamót 24

Setja sér stjórnarskrá

Frændur okkar í Færeyjum
búast nú til að setja sér
nýja stjórnarskrá, skrifar
Þorvaldur Gylfason.

í dag 19




Blatter nýtur trausts

Formaður KSÍ hefur trú
á því að Sepp Blatter geti
endurreist ímynd FIFA.

sport 40

veðrið í dag



BJART OG MILT í dag verða
vestan 3-8 m/s. Víða léttskýjað en
skýjað með köflum og stöku skúrir
vestra. Hiti 5-15 stig.

VEÐUR 4



Uppstigningardagur
Opið 13-18

Ríkið skuldbundið að veita sömu kjör

Efnahags- og viðskiptaráðherra segir nauðsynlegt að ríkisreknar stofnanir veiti sömu kjör og á almennum markaði. Íbúðalánasjóður þyrfti að afskrifa allt að átta milljarða króna til að bjóða sambærilegar niðurgreiðslur og Landsbankinn.

EfNAHAGSMÁL Árni Páll Arnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir nauðsynlegt að ríkisreknar stofnanir veiti viðskiptavinum sínum sömu kjör og fást á almennum markaði. Ef Íbúðalánasjóður ætti að feta í fótspor Landsbankans varðandi niðurgreiðslur á húsnæðislánum, þýddi það enn frekari afskriftir upp á allt að átta milljarða króna.

Landsbankinn hefur kynnt umfangsmiklar breytingar á greiðsluúrræðum viðskiptavina sinna er varða meðal annars niðurgreiðslur á húsnæðislánum.

Aðgerðirnar í heild munu kosta bankann á bilinu 25 til 30 milljarða króna. Um fjögur þúsund manns eiga möguleika á að nýta sér úrræðið, sem snúa í aðalatriðum að því að verðmæti fasteigna er metið eftir fasteignamat en ekki markaðsvirði eins og tíðkast hefur. Þá lækka aðrar veðhæfar eignir einstaklinga ekki niðurgreiðslur eins og hjá Íbúðalánasjóði, Íslandsbanka, Arion banka og lífeyrissjóðunum.

Árni Páll segir ríkið þurfa að geta tryggt að Íbúðalánasjóður, sem og aðrar stofnanir í ríkis-

ábyrgð, sé í stakk búinn til að mæta viðskiptavinum sínum með sama hætti og almennt gerist á markaði, annars sé tilverugrundvöllur þeirra í hættu. Nauðsynlegt sé að veita Íbúðalánasjóði þá fjármögnun í samræmi við þörf markaðarins en eftir eigi að koma í ljós hvernig hinir bankarnir bregðist við. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka og Arion banka er verið að skoða málin hvað varðar framhald á niðurgreiðslum húsnæðislána, en engar ákvarðanir hafa verið teknar.

- sv / sjá síðu 12

Veitingamönnum gengur vel: Íslendingar vinsælir í Köben

FÓLK Danski veitingastaðurinn Kung fu 2 Izakaya bar í Kaupmannahöfn er tilnefndur sem besti nýi veitingastaðurinn og besti nýi barinn á vefsíðunni Alt om København. Yfirskokkurinn og yfirbarþjónninn eru báðir íslenskir. Vefsíðan er vinsæl í Danmörku, og nota Danir hana til að afla sér upplýsinga um ýmiss konar afþreyingu.



JÓN RÚNAR
SIGURÐSSON

Jón Rúnar Sigurðsson yfirskokkur tengir velgengni staðarins þó ekki við þjóðerni yfirmannanna. „Þetta byggist allt á góðri hugmynd eigendanna. Fólk virðist vera tilbúið að borða þennan mat.“

- mmf / sjá Allt



ALLT Á FULLU Framkvæmdir við fyrstu verksmiðju CRI ganga hratt þessa dagana en flutningaskipið BBC France lagði að bryggju í fyrkvöld með 200 tonn af búnaði í verksmiðjunum og fer sennilega þrjár ferðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirtækið CRI hefur brátt framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti:

Ætla að draga úr bensínnotkun

IDNABUR Vinna er nú í fullum gangi við byggingu fyrstu verksmiðju nýsköpunarfyrirtækisins Carbon Recycling International (CRI). Fyrirtækið hefur þróað aðferð til að framleiða vistvænt eldsneyti og stefnir að því að draga úr bensínnotkun hér á landi.

„Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að framleiða miklu meira af metanóli,“ segir Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CRI. Alls staðar sé verið að reyna að finna aðra orkugjafa en bensín því það verði sífellt flóknara mál að sjá heiminum fyrir því.

Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að framleiða miklu meira af metanóli

BENEDIKT STEFÁNSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTAÞRÓUNAR
HJÁ CRI

CRI framleiðir metanól sem unnið er úr koltvísýringi sem fenginn er úr gufunum úr túrbín-orkuversins í Svartsengi. Metanólinu er svo blandað í bensín sem hægt er að nota á venjulegar bílvegar.

Í fyrstu er gert ráð fyrir að aðeins þrjú prósent af metanóli

fari saman við 97 prósent af bensíni en að hlutfallið verði síðan hækkað.

Hugsanlegt er að blanda komi á markað í haust en verðið á henni verður sennilega svipað og verðið á bensíni.

Gert er ráð fyrir að prófanir á verksmiðjunni hefjist í lok mánaðar og að þrjátíu manns muni vinna hjá fyrirtækinu, mest tæknimenn að fólk. Áætlað er að verksmiðjan geti framleitt fimm milljónir lítra af endurnýjanlegu metanóli á ári.

Þá standa yfir viðræður við Landsvirkjun um byggingu stærri verksmiðju við Kröflu.

- jab, mbl / sjá síðu 4

Tennur veita nýjar upplýsingar: Konur lögðust í ferðir til forna

VÍSINDI, AP Fyrir ríflega tveimur milljónum ára, þegar forfeður manna bjuggu í Afríku, voru það ekki karlarnir sem fóru út að kanna heiminn meðan konurnar biðu heima, heldur voru það konurnar sem lögðust í ferðalög til að finna sér maka.



EINN
FORFEÐRANNA

Þetta fullyrða vísindamenn, sem hafa gert ítarlegar rannsóknir á tönnum úr tveimur tegundum forfeðra okkar.

Af efnasamsetningu tannanna geta vísindamennirnir dregið ályktanir um það, hvort viðkomandi einstaklingur hafði ferðast víða eða haldið sig á sömu slóðum allt sitt líf.

Rannsókninni stjórnaði Sandi Copeland við Colorado-háskóla.

- gb

SUMARTILBOÐ Verð frá 19.800 kr

Kemur með uppsettu
Íslensku skjályklaborði



Erum á möti Ikea í gallery Art2b

2b.is 0939303

Kaupstún 3 - Garðabær - 5.5 800 800 - www.2b.is

SPURNING DAGSINS



Andri, áttu ekki bara eftir að lenda í tömu klandri á þessu flandri?

„Ja, ég heiti allavegana ekki Tandri.“

Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson sér um sjónvarpsþættina „Andri á flandri“ í Sjónvarpinu í sumar.

Hreifst af stefnu flokksins:

Ásmundur Einar í Framsókn

STJÓRNMÁL Ásmundur Einar Daðason þingmaður gekk í gær til liðs við Framsóknarflokkinn. Hann



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

sat þingflokksfund hjá flokknum í gær.

Ásmundur Einar sagði sig úr þingflokki Vinstri grænna 13. apríl síðastliðinn og hefur síðan verið óháður þingmaður þar til nú.

Í tilkynningu frá Ásmundi segir að flokkurinn hafi tekið mjög jákvæðum breytingum á undanföllum tveimur árum. Undir formennsku Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafi átt sér stað mikil endurnýjun og flokkurinn haldið uppi skynsamlegum málflutningi á mörgum sviðum.

- mþl

Fatasöfnun Rauða krossins:

Tekið við fötum við sundlaugar

LÍKNARMÁL Í dag verður fatagámur komið fyrir við sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu svo fólk geti notað sundferðirnar til að styrkja Hjálparsjóð Rauða krossins.

Fólki er bent á að nota tækifærið í vorhreingerningunni og koma með gömlu fötin, skóna, handklæði, rúmföt, gluggatjöld og jafnvel stöku sokkana því mikil verðmæti eru fólgin í allri vefnaðarvöru.

Fatnaðinum er úthlutað til berskjaldara um land allt og til aðila erlendis, en hann er einnig til sölu í Rauðakrossbúðunum. Það sem ekki nýtist er selt til endurvinnslu.

- gb

Alþjóða kjarnorkumálastofnunin kynnir niðurstöður sínar í Japan:

Flóðahættan var vanmetin

JAPAN, AP Kjarnorkumálastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að japönsk stjórnvöld og japanskir eftirlitsaðilar hafi vanmetið þá hættu sem steðjað hafi að kjarnorkuverum landsins vegna stórfloða í kjölfar jarðskjálfta.

Þetta eru helstu niðurstöður skýrslu stofnunarinnar, sem lét kanna hvað fór úrskeiðis þegar alvarlegar skemmdir urðu á kjarnorkuverinu í Fukushima í kjölfar náttúruhamfaranna um miðjan mars.

Stofnunin segir að flóðahættan sé enn vanmetin í viðbragðsáætlunum

sjö annarra kjarnorkuvera í Japan.

„Þeir sem hanna og starfrækja kjarnorkuver ættu að leggja rétt mat á hættum vegna allra tegunda náttúruhamfara og setja upp varnir gegn þeim,“ segir í skýrslunni.

Að öðru leyti hrósar stofnunin Japönnum fyrir rétt og vönduð viðbrögð í kjölfar hamfaranna. Þá segir í skýrslunni að framkvæmd brottflutnings fólks frá hættusvæðum hafi verið til fyrirmyndar.

Skýrslan verður birt í heild sinni á ráðstefnu Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg seint í júní.

- gb



NAOTO KAN Forsætisráðherra Japans sætti gagnrýni á þingi í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Hluti Laugavegar göngugata:

Bílar í burtu af Laugaveginum

REYKJAVÍK Hluti Laugavegar, frá Vatnsstíg að Skólavörðustíg, verður gerður að göngugötu frá 1. júlí til 1. ágúst. Þetta var samþykkt í umhverfis- og samgönguráði á þriðjudag.

Tillagan var samþykkt samhljóða en hún verður endurmetin eftir tvær vikur. Markmiðið er að skapa spennandi götu að því er segir á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gerðar verða mælingar á því hvernig til tekst, fyrir, eftir og á meðan takmörkun umferðar stendur.

- kóp

Verið að skoða bann við veiðum á lunda

Náttúrustofa Suðurlands vill láta leggja algjört bann á lundaveiðar og eggjatíslu í Vestmannaeyjum þar til fuglastofnar hafa tekið við sér. Formaður umhverfisráðs tekur undir áhyggjurnar og segir algjört veiðibann koma til greina.

NÁTTÚRA Náttúrustofa Suðurlands hefur lagt til algjört bann við lundaveiðum í Vestmannaeyjum þar til stofninn tekur við sér. Þá er einnig lagt til að ekki verði leyft að tína svartfuglsegg í eyjunum. Þetta kom fram í bréfi stofnunar til umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyja.

Þrátt fyrir að í Vestmannaeyjum sé stærsta lundavarp heims hefur mikill viðkomubrestur verið viðvarandi hjá lundastofnunum í Eyjum frá árinu 2005 og á síðasta ári var viðkoman engin. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Náttúrustofu Suðurlands.

Rúmlega átta tíu prósent eggja voru afrækt, sem er hæsta hlutfallið hingað til. Þá hefur langvíu í Vestmannaeyjum fækkað um fjórutíu prósent á síðustu árum og því er lagt til að eggjataka verði einnig bönnuð, sem og að ryðja stropuðum eggjum fram af syllum. Náttúrustofan óskar einnig eftir umfjöllun umhverfis- og skipulagsráðs um dýrahald sem geti skaðað fuglabýggðir í Heimaey, þá sér í lagi varðandi útígangsketti, sem séu alþjóðlega vel þekkt vandamál fyrir sjófuglabýggðir.

„Náttúrustofa Suðurlands leggur til að lundaveiði í Vestmannaeyjum verði óheimil þangað til að viðkoma tekur við sér, til dæmis um eða yfir 0,4 ungar/egg í að minnsta kosti þrjú ár í röð,“ segir í bréfinu.

Gunnlaugur Grettisson, formaður umhverfisráðs Vestmannaeyja, segir alla vera samstíga í málinu og ástandið sé vissulega slæmt.

„Við vitum að ástandið er alvarlegt. En þó hafa veiðarnar sem slíkar jafnframt afar takmörkuð áhrif á stofninn,“ segir hann.



Á VEIÐUM Formaður umhverfisráðs Vestmannaeyja segir það vel koma til greina að banna alfarið veiðar á lunda í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Mun minni veiði

Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun voru veiddir rúmlega 43 þúsund lundar á landinu á síðasta ári, en þó einungis 123 í Eyjum. Til samanburðar voru veiddir yfir 125 þúsund lundar árið 2002 og yfir 230 þúsund árið 1996. Stóran hluta fimm árganga vantar í lundastofninn í Eyjum og allan árgang ársins 2010. Náttúrustofa Suðurlands telur viðbúið að varpstofninn minnki mjög hratt næstu sex ár nema stórfelldur innflutningur eigi sér stað.

Gunnlaugur segir það vel koma til greina að leggja algjört bann við lundaveiði í ár eða hafa einungis opið yfir eina helgi. Í fyrra voru veiddir 123 lundar í Vestmannaeyjum og veiðitímabilið stóð yfir í fimm daga. Yfirvöld á svæðinu beindu þeim tilmælum til fólks að veiða vinsamlegast ekki lunda og segir Gunnlaugur það hafa verið

til fyrirmyndar hvernig það gekk eftir.

„Það er ekki mikið verið að veiða lunda og við viljum helst ekki loka alveg fyrir það,“ segir hann. „Það er vissulega ákveðin menning tengd þeim hér á svæðinu og það hefur borið árangur að beina tilmælum til manna um að fara ekki til veiða.“

sunna@frettabladid.is

Ný öryggisstefna í vinnslu:

Netárás mætt með hernaði

BANDARÍKIN Í drögum að nýrri öryggisstefnu Bandaríkjanna vegna netárása kemur fram að í ákveðnum tilvikum verði hægt að líta á slíka árás á mikilvæga innviði landsins sem beina árás gegn Bandaríkjunum, sem hægt verði að svara með árás Bandaríkjahers.

Bandaríkin munu einnig geta brugðist við netárás með gagnsókn í netheimum, eða með því að beita ríki sem talið er bera ábyrgð á slíkri árás efnahagsþvingunum, að því er fram kemur í frétt BBC. Ný öryggisstefna vegna netárása verður tilbúin innan nokkurra vikna.

- bj

Mladic fyrir dómara í dag:

Sagður mjög samvinnuþýður

HOLLAND, AP Ratko Mladic, sem grunaður er um verstu stríðsglæpi seinni tíma í Evrópu, kemur fyrir almennings sjónir í dag í fyrsta sinn frá því að hann var handtekinn í Serbíu í síðustu viku.

Þá hafði hann verið í felum í áratug.

Starfsmaður alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins í Haag, sem fer með málefni fyrrverandi Júgóslavíuríkja, segir að Mladic hafi frá fyrstu stund verið afar samvinnuþýður eftir að hann var framseldur frá Serbíu.

- gb

Innanríkisráðherra ætla að beita sér fyrir athugun á stöðu fórnarlamba ofbeldis:

Samsetning bóta verður skoðuð

SAMFÉLAGSMÁL Úrskurði dómari fórnarlambi ofbeldis bætur undir 400 þúsundum króna fær fórnarlambið engar bætur greiddar úr ríkissjóði vegna líkamstjóns og annars tjóns. Þetta var ákveðið 1. júlí 2009 vegna brota framinnar eftir þann tíma, að því er Halldór Þormar Halldórsson, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Siglufirði, greinir frá. Lögfræðiskostnaðurinn fellur jafnframt á fórnarlambið en annars greiðir ríkið yfirleitt þann kostnað.

„Reglunum var breytt í kjölfar bankahrunsins, en fyrir hrún var viðmiðið 100 þúsund krónur. Breytingin er í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum í kjölfar bankahrunsins. Það er mín tilfinning að þessi ákvörðun hafi leitt til þess að bætur ákveðnar af dómi hafi farið hækkandi,“ segir Halldór.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

miskabætur. Þessar hámarksbætur hafa verið óbreyttar frá árinu 1996.

„Það þarf að taka öll þessi mál til athugunar og það verður gert,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Hann segir óbreytta upphæð bóta til fórnarlamba ofbeldis í fimmtán ár að hluta skýrast af þrengingum síðustu ára og miss-

„Það má vel vera að breyta þurfi innbyrðis vægi óháð því hvort aukin framlög koma til sögunnar.“

ÖGMUNDUR JÓNASSON
INNANRÍKISRÁÐHERRA

era. „Hins vegar er full ástæða til þess að skoða samsetningu á ráðstöfun þessara bóta, annars vegar skaðabóta og hins vegar miska-bóta. Ég mun beita mér fyrir því að slík athugun fari fram.“

Ögmundur segir fjármuni til ráðstöfunar takmarkaða. „Allt sem við gerum er á kostnað einhvers núna. Það má vel vera að breyta þurfi innbyrðis vægi óháð því hvort aukin framlög koma til sögunnar.“

- ibs

Hagstæð kaup

25 sneiðar

20% afsláttur

af Samlokuosti í sneiðum í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.

TILBOÐ 20%
AFSLÁTTUR REIKNAST VIÐ KASSA

ms.is



Matjurtir
599,-
~~799,-~~

STJÚPUR SPRENGIVERÐ!

10 stk.	1.499,-	999,-
20 stk.	2.999,-	1.699,-
30 stk.	4.499,-	2.499,-



Matjurtiráðgjöf í dag!
 Skútuvoði 12-16
 Kristinn Þorsteinsson
 Grafarholti 12-16
 Auður Jónsdóttir

25% AFSLÁTTUR* Í DAG

GARÐ HÚSGÖGN og leikföng



25% AFSLÁTTUR* AF LEIKFÖNGUM



25% AFSLÁTTUR* AF GARÐ-HÚSGÖGNUM

Eitt mesta Úrval landsins



Pylsa og kók 99 KR
 Kaffi-garður Skútuvoði

OPIÐ Í DAG!

Skútuvoði Grafarholti Selfossi Akureyri | Akranesi Egilsstaðir Reykjanesbær

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

AFSLÁTTUR GILDI EKKI AF GÁFUM TILBOÐUM Eða VÖRUM MÆRKTUM LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMÍÐJANAR. Allar upplýsingar eru birtar með tilliti til umhverfis og myndavélar. Útval gætu verið mikið milli verslana.



GENGIÐ 01.06.2011

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,47 115,01
Sterlingspund	188,02 188,94
Evra	164,64 165,56
Dönsk króna	22,079 22,209
Norsk króna	21,279 21,405
Sænsk króna	18,489 18,597
Japanskt jen	1,4077 1,4159

SDR 183,02 184,12

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,7478

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



KULDI Meðalhiti á Grænlandi lækkaði verulega um svipað leyti og byggð norrænna manna lagðist í eyði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Víkingar flýðu kalt Grænland: Snarkólnaði á áttatíu árum

VÍSINDI Kólnandi veðurfar á Grænlandi gæti hafa orðið til þess að byggðir norrænna manna lögðust af, samkvæmt niðurstöðum vísindamanna.

Víkingar námu land á Grænlandi í lok 10. aldar, en byggð þeirra lagðist af á 15. öld. Með rannsóknum á vötnum sunnarlega á Grænlandi hefur nú verið leitt í ljós að meðalhiti þar lækkaði um fjórar gráður á áttatíu ára tímabili við upphaf 15. aldar.

Fræðimenn sem unnið hafa að rannsóknum á hitastiginu benda þó á að fleira spili inn í brotthvarf norrænu nýbúanna, svo sem átök þeirra við Inúíta og hversu afskekkt byggðin var.

- bj

ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á laugardag var ranglega haft eftir Friðriki J. Arngrímssyni, framkvæmdastjóra LIÚ, að munurinn á því verði sem miðað er við þegar sjómönnum eru greidd laun, í þeim tilvikum þar sem fiskur kemur frá eigin útgerð, og verði á fiskmarkaði skýrðist af sölukostnaði. Friðrik sagði að sölukostnaður væri dreginn frá þegar þessi munur væri reiknaður, ekki að sölukostnaður skýrði muninn.

Lögreflugfélag Vestmannaeyja mótmælir boðaðri fækkun lögreflumanna: Öryggi bæjarbúa stefnt í hættu

LÖGREGLUMÁL Öryggi bæjarbúa í Vestmannaeyjum og lögreflumanna sem þar starfa er stefnt í hættu með áformum um að fækka starfandi lögreflumönnum í eyjunum, að því er segir í ályktun félagsfundar Lögreflugfélags Vestmannaeyja.

Í dag starfa ellefu lögreflumenn í Vestmannaeyjum, þar af níu sem ganga vaktir. Fyrirhugað er að fækka lögreflumönnum í átta, þar af sex sem ganga vaktir.

„Það sér auðvitað hver maður að með þessum skipulagsbreytingum mun lögreflugfélagið ekki geta

sinnt því hlutverki sem henni er ætlað. Ljóst er að öryggi bæjarbúa er sett í hættu sem og öryggi þeirra lögreflumanna sem eiga að starfa eftir hinu nýja fyrirkomulagi,“ segir í ályktuninni.

Þar er bent á að lögreflugfélagið í Vestmannaeyjum verði að vera sjálfri sér nóg til að bregðast við verkefnum sem upp geti komið, enda ekki hægt að komast þangað á skömmum tíma. Nái breytingarnar fram að ganga verður lögreflugfélagið lokað hluta nætur, og aðeins einn lögreflugmaður á vakt á dagvöktum um helgar.

- bj



HERJÓLFUR Búast má við fjölgun ferðamanna til Vestmannaeyja vegna Landeyjahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eiturlyfjastríðið í Mexíkó: Spilltar lögur handteknar

MEXÍKÓ, AP Tíu lögreflumenn, þar á meðal lögreflugstjóri, eru í hópi 25 manna sem hafa verið handteknir í átaki gegn eiturlyfjaklíknum Zetunum undanfarið.

Yfirvöld í fylkinu Hidalgo í miðhluta landsins handtóku nokkra lágt setta meðlimi Zetanna, sem bentu þeim á lögreflugmennina. Þeir höfðu veitt glæpamönnum vernd gegn greiðslu.

Þúsundir manna hafa látið lífið í harðvítugri baráttu gegn eiturlyfjaklíkum um allt land síðustu misseri.

- þj

Stefnt að því að yta bensíni til hliðar

Framkvæmdir við verksmiðju Carbon Recycling eru á lokastigi. Búnaður var fluttur í hana í gær. Neytendur ættu að geta keypt bensín blandað vistvænu eldsneyti í haust. Stefnt er að því að auka hlut metanóleldsneytis eftir tvö ár.

IBNAÐUR Stefnt er að því hjá nýsköpunarfyrirtækinu Carbon Recycling International (CRI) að framleiða vistvænt eldsneyti úr metanóli fyrir fjölkubíla og draga úr bensínnotkun hér á næstu tveimur árum. Ekki eru líkur á að verðið á metanóllítranum verði mikið lægra en á bensíni.

„Menn eru að reyna að finna aðra orkugjafa en bensín því það verður sífellt flóknara mál að sjá heiminum fyrir því,“ segir Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CRI.

Vinna er nú í fullum gangi við byggingu fyrstu verksmiðju fyrirtækisins við Svartsengi á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að prófanir á verksmiðjunni geti hafist í lok mánaðar og þrjátíu manns muni vinna hjá fyrirtækinu, mest tæknimenn að fólk. Áætlað er að verksmiðjan geti framleitt fimm milljón lítra af endurnýjanlegu metanóli á ári.

Um fimmtíu manns vinna við flutninga á tækjum og búnaði úr skipi sem kom frá Bandaríkjunum og lagði við bryggju í Helguvíkurböndum á þriðjudagskvöld. Flutningar á búnaðinum hófust í gær. Heildarþungi hans er tvö hundruð tonn. Stærsta einingin vegur 42 tonn og er 23 metra há, sem er álíka hæð og á átta hæða blokk.

CRI hefur þróað aðferð til að framleiða vistvænt metanól úr koltvísýringi sem fenginn er úr jarðgufunum úr túrbínunum orkuversins í Svartsengi. Metanólið verður blandað við bensín og má setja það á venjulegar bílvegar. Hugsanlegt er að blandað komi á markað í haust.



STÓR TÆKI FLUTT INN Í LAND Flutningaskipið BBC France lagði úr höfn með tvö hundruð tonn af búnaði fyrir metanólverksmiðju CRI um miðjan maí. Það lagðist að bryggju í fyrirkvöld. Þyngstu einingarnar vega 42 tonn. Reiknað er með því að fara þrjár ferðir með búnaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Menntu eru að reyna að finna aðra orkugjafa en bensín því það verður sífellt flóknara mál að sjá heiminum fyrir því.

BENEDIKT STEFÁNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTAÞRÓUNAR

Í fyrstu er gert ráð fyrir að aðeins þrjú prósent af metanóli fari saman við 97 prósent af bensíni.

„Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að framleiða miklu meira af metanóli,“ segir Benedikt. Hann bætir við að í Bandaríkjunum og Evrópu sé áhersla lögð á framleiðslu

fjölkubíla, sem geti gengið fyrir blöndu alkóhóls og bensíns í nánast hvaða hlutföllum sem er. Því megi auka hlutfall metanóls í bensínlítranum, jafnvel allt upp undir 85 prósent eins og gert sé með etanol í Svíþjóð. Nokkur þúsund slíkir bílar eru þegar á götunum hér.

„Við erum að velta fyrir okkur að þróa sambærilega blöndu úr metanóli,“ segir hann. Kaupa þarf sérstakan fjölkubíl þegar hlutfall metanólsins eykst. Þá þarf CRI að vinna með olíufélögunum að rannsóknum og þróun á því og stærri verksmiðju. Viðræður standa þegar yfir við Landsvirkjun um byggingu stærri verksmiðju við Kröflu.

jonab@frettabladid.is

Styrkveiting úr Orkusjóði: Innlendir orkugjafar styrktir

ORKUMÁL Alls voru veittar 27,4 milljónir króna í styrki úr Orkusjóði í gær, en þá voru fimmtán rannsóknar- og kynningarverkefni styrkt. Alls bárust 52 umsóknir um samtals 133 milljónir króna.

Hæsta styrkinn hlaut verkefni um tilraunahverfil fyrir sjávarfallavirkjanir, alls 4,2 milljónir króna. Þá voru veittar fjórar milljónir króna til verkefnis um að skapa eldsneyti úr lífmassa með háhitagösum og 3,6 milljónir króna til eldsneytisframleiðslu úr örverum.

- kóp



FRÁ SUÐUREYRI Vegagerðin segist ekki hafa fjármagn til að auka götulýsingu á Suðureyri og Flateyri.

Fjárskortur Vegagerðarinnar: Ekki fjármagn í götulýsingar

SAMCÖNGUR Vegagerðin verður ekki við beiðni Ísafjarðarbæjar um aukna götulýsingu á Suðureyri og Flateyri.

Á bb.is segir að Vegagerðin hafi svarað því til með bréfi að ekki sé hægt að verða við beiðninni sökum niðurskurðar.

„Í umræðunni er að stytta verulega lýsingartíma eða jafnvel að hætta alveg að lýsa einstaka vegi. Eðlilegast er að stefna að því að vegir séu ekki notaðir sem gönguleiðir enda getur af því stafað hættu,“ segir í bréfinu Vegagerðarinnar.

- þj

SÓLGLER með styrkleika fylgja kaupum á gleraugum í júní

augastaður
Glernaugverslunin þín

MJÓDDINN Álfabakka 14 Opíð: virka daga 9-18 og laugardaga 11-15	FIRÐI Fjarðargötu 13-15 Opíð: virka daga 10-18 og laugardaga 11-16	AKUREYRI Hafnarstræti 95 Opíð: virka daga 9-17.30	SELFOSS Austurvegi 4 Opíð: virka daga 10-18
---	--	---	---

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

GÓÐVIÐRI víðast hvar á landinu í dag þar sem vindur verður tiltölulega hægur. Einnig verður að teljast nokkuð milt í veðri miðað við fyrri vikur. Það bætir í vindinn á morgun og áfram eru líkur á smáskúrum vestan til á landinu næstu daga.

Á MORGUN 5-13 m/s. LAUGARDAGUR 8-13 m/s, hvassara á annesjum NV-til.

HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	23°
Berlín	23°
Billund	21°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	21°
London	22°
Mallorca	19°
New York	25°
Orlando	32°
Ósló	22°
París	20°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

15

Nr. 15: Allir starfsmenn undirrita siðasáttmálann fyrir 1. júní

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

Starfsmenn hafa nú allir staðfest nýjan siðasáttmála

Allir starfsmenn Landsbankans hafa staðfest nýjan siðasáttmála bankans, sem kynntur var opinberlega 1. mars sl. Markmið okkar var að starfsmenn hefðu fengið kynningu og skrifað undir sáttmálann fyrir 1. júní. Við munum öll staðfesta siðasáttmálann árlega hér eftir.



Gunnlaugur Sveinsson, útibússtjóri á Selfossi, við undirritun á siðasáttmála bankans.

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Hornsteinn í nýrri stefnu

Nýr siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinninn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum. Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að á rétta ábyrgð hvers og eins.



Fjölgun starfsmanna

Síðan siðasáttmálinn var kynntur í vetur fjölgaði starfsmönnum Landsbankans nokkuð við samruna við Spkef. Allir starfsmenn hafa

nú skrifað undir eða 1249 talsins. Þeir sem eru í leyfi fá kynningu og skrifa undir þegar þeir koma til vinnu aftur. Allir sumarstarfsmenn bankans skrifa undir sáttmálann líkt og fastir starfsmenn.

Fimmtánda loforðið

Með undirritun allra starfsmanna á siðasáttmálannum fyrir 1. júní efnum við fimmtánda loforðið á aðgerðalista okkar. Hægt er að kynna sér aðgerðalista bankans á vef okkar.





Eiga Íslendingar að ganga úr NATO?

Já	33,7%
Nei	66,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að banna eigi sölu á tóbaki annars staðar en í apótekum?

Segðu þína skoðun á vísir

Magn úrgangs minnkaði um sautján prósent milli ára 2008 og 2009:

Hrunið sést vel á ruslahaugum

UMHVERFISMÁL Heildarmagn úrgangs snarminnkaði á milli ára 2008 og 2009 og greina menn þar greinilega niðursveiflu efnahagslífsins. Um 600 þúsund tonn af úrgangi féllu til árið 2009 en yfir 700 þúsund tonn árið áður.



SORPURÐUN Úrgangur var yfir 100 þúsund tonnum minni á milli ára 2008 og 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildarmagn úrgangs hafði vaxið ár frá ári á tímabilinu 1995-2008 en á milli ára 2008 og 2009 minnkaði það um tæp sautján prósent. Íbúum fækkaði um innan við eitt prósent milli sömu ára og getur íbúafækkun því ekki útskýrt hve mikið hefur dregið úr úrgangi.

Samdráttur í efnahagslífi verður því að teljast líkleg skýring að mati Umhverfisstofnunar, sem

tekur saman tölur yfir magn og ráðstöfun úrgangs í landinu.

Blandaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum minnkaði um þrjátíu prósent á milli 2008 og 2009 á meðan flokkaður úrgangur minnkaði um rúmlega tólf prósent. Það hlutfall sem fer til urðunar minnkar enn og er komið niður í 31 prósent og hlutur jarðgerðar stækkar. Hlutur annarrar endurvinnslu stendur hins vegar í stað, en hann stækkaði mikið fram til 2007. Svipað magn af úrgangi var brennt árið 2009 og árið á undan.

Ofbeldismaður dæmdur:

Fékk tíu ára dóm fyrir sýruárás

NOREGUR Norskur maður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í tíu ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir ofbeldi gegn eiginkonu sinni.

Hann skvetti meðal annars yfir hana brennisteinssýru svo að hún býr við varanleg lýti á andliti, hálsi, höndum og fótleggjum.

Sýruárásin átti sér stað í fyrra, en maðurinn sagðist saklaus og bar því við að hann hafi talið að nuddólía hafi verið í flöskunni sem hann skvetti úr á konu sína.

Lögmaður mannsins sagði að dómnum yrði áfrýjað. - þj

Lýkur störfum í lok júlí: Starfstími stjórnlagaráðs framlengdur

STJÓRNARSKRÁ Forsætisnefnd Alþingis hefur fallist á erindi stjórnlagaráðs um að starfstími ráðsins verði framlengdur um mánuð. Stjórnlagaráð hefur því tíma til júliloka til að skila frumvarpi til stjórnskipunarlaganna.

Í þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs kom fram að ráðinu væri heimilt að óska eftir lengri starfstíma um allt að mánuð.

Stjórnlagaráð hóf störf 6. apríl síðastliðinn og hefur hist alls tíu sinnum síðan. Þá fer starfið einnig fram í þremur nefndum sem fjalla um afmarkaða hluta stjórnarskrárinnar. - mþl



VALDIS ZATLER Ásakanir forsetans fóru illa í kjösendur. NORDICPOTOS/AFP

Forsetakosningar í uppnámi:

Gerði að engu sigurlíkur sínar

LETTLAND, AP Valdis Zatler, forseti Lettlands, virðist hafa hrapað í vinsældum á lokasprettinum fyrir forsetakosningar, sem haldnar verða í dag.

Hann fór hörðum orðum um þingmenn á lettneska þinginu um síðustu helgi, sagði þá veika fyrir spillingu og vill efna til þjóðar- atkvæðagreiðslu um hvort rjúfa eigi þing.

Hann þótti öruggur með sigur, en samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum er enginn sjáanlegur sigurvegari. - gb

Saksóknari vill Exeter-menn alla þrjá í fimm ára fangelsi

Farið er fram á jafnþunga refsingu yfir öllum sakborningunum í Exeter-málinu. „Tilbúin atburðarás saksóknara,“ segir verjandi. Bótakrafa Byrs sögð snúast um „líf eða fjárhagslegan dauða þessara manna“.

DÓMSMÁL Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara, fór fram á fimm ára fangelsisdóm yfir öllum sakborningunum í svokölluðu Exeter-máli á síðasta degi aðalmeðferðar málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Björn sagði í málflutningi sínum að þremmingarnir sem ákærðir eru í málinu hefðu skipulagt Exeter-fléttuna ýmist með eigin hagsmuni í huga eða MP banka en enginn hefði hins vegar gætt hagsmuna Byrs, sem hefði að endingu settið uppi með tjónið af viðskiptunum. Ákærðir í málinu eru Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjófsstjóri, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka. Þeir tveir fyrrnefndu eru taldir hafa gerst sekir um umboðssvik þegar þeir í sameiningu hafi ákveðið að lána félaginu Exeter Holding milljarð króna til að kaupa stofnfjárbréf í Byr af þeim sjálfum, öðrum stjórnendum Byrs og MP banka. Styrmir er ákærður fyrir hlutdeild í brotnum og peningþvætti fyrir að taka við fénu sem greiðslu á skuldum við MP banka.

Athygli vekur að farið sé fram á jafnþunga refsingu yfir Styrmir og hinum tveimur, enda var Styrmir ekki starfandi hjá Byr – sem veitti hin meintu ólögmetu lán – og er auk þess ekki ákærður sem aðalmaður í brotnum. Hins vegar mátti heyra á orðum saksóknara að hann teldi Styrmir í raun hafa haldið um flesta þræði í málinu. Hann hefði teiknað upp lausnina sem að lokum hefði orðið ofan á og fært sér í nyt vandræði Jóns Þorsteins og Ragnars – sem og Ágústis Sindra Karlssonar, eiganda Exeter Holding – til að láta Byr veita mjög áhættusamt lán svo MP banki fengi skuldir sínar greiddar.

Reynir Karlsson, verjandi Jóns Þorsteins, sagði það „fráleitt og ósannað“ að skjólstæðingur hans og Ragnar hefðu „í sameiningu“ veitt annað lánanna tveggja sem um ræðir í



KREFJAST SÝKNU Verjendur allra sakborninganna fara fram á sýknu, en til vara vægustu refsingu sem lög leyfa. Varakrafan er meðal annars rökstudd með því að þeir hafi hreina sakaskrá og að sú óvægna fjölmiðlaumfjöllun sem þeir hafi þurft að sæta sé mikil refsing í sjálfri sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er ekkert komið fram um að skjólstæðingur minn hafi með hvatningu eða fortöllum fengið meðákærðu til að gera eitthvað ólöglegt.

RAGNAR H. HALL VERJANDI STYRMIS ÞÓRS BRAGASONAR

málinu eins og haldið er fram í ákæru, enda hefði Jón Þorsteinn engar heimildir haft til lánveitinga út úr Byr.

Ólafur Eiríksson, verjandi Ragnars, sagði að ásakanirnar á hendur Ragnari væru „tilbúin atburðarás“ saksóknarans. Fráleitt væri að halda því fram að Ragnar hefði verið tilbúinn að eyðileggja mannorð sitt og valda vinnuveitanda sínum tjóni upp á einn milljarð til að

þjarga einkahlutafélagi sínu sem hann hefði ekki verið í persónulegri ábyrgð fyrir.

Ragnar Hall, lögmaður Styrmis, sagði skjólstæðing sinn einungis hafa unnið í þágu MP banka og hann bæri enga ábyrgð á lánveitingum Byrs. „Það er ekkert komið fram um að skjólstæðingur minn hafi með hvatningu eða fortöllum fengið meðákærðu til að gera eitthvað ólöglegt,“ sagði Ragnar.

Lögmaður Byrs gerir skaðabótakröfur á hendur sakborningunum sem nema lánunum sem nú eru glötuð. Kröfunum var harðlega mótmælt af mörgum ástæðum og þá sagði lögmaður Jóns Þorsteins enn fremur að þær snerust um „líf eða fjárhagslegan dauða þessara manna,“ sem yrðu óhjálkæmlega gjaldþrota ef fallist yrði á þær.

Dómur fellur í málinu innan fjögurra vikna. stigur@frettabladid.is

Hey mangó!

Sumarjógurt með mangó frá MS. Frábær í útileguna, í bústaðinn eða hvar sem þú ert á ferðinni í sumar.

ms.is

Gevert
gæða útileguvörur!

Vindsæng
1.999 kr
Verð áður 2.499 kr

Tryfan classic
300DL svefnpoki
GOTT VERÐ
4.999 kr

Kælibox
2stk saman
4.999 kr

Kælibox
2.999 kr

VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA

Verð frá
9.999 kr

Gevert
QUICK PITCH
2 manna tjald
POP-UP

QUICKPITCH SS 2 PERSON



VAXTALAUST
LÁN Í 4
MÁNUÐI
Á HJÓLUM

FRÍ HEIMSENDING
Á ÖLLUM HJÓLUM*



16" Kawasaki
24.999 kr

12" Kawasaki
22.999 kr

16" Kawasaki
24.999 kr

12" Kawasaki
22.999 kr

HÁGÆÐA GOLFSETT Á GÓÐU VERÐI

Bullet FX3 herra
29.999 kr

- Driver 10,5" Titanium 460cc Regular-flex grafitkaft
- Tré 16" stál 3 tré Regular-flex grafitkaft
- Járn, fleygjárn 5-9 járn, oversized body Tvö fleygjárn, 48° og 56° True-temper stálsköft
- Blendingar Tvö stál rescue tré - 21°, 24° Regular-flex grafitköft
- Púttar 2-ball púttar með soft-feel gripi
- Poki 8 hólfa skipting, 8 vasar, tvöföld axlaról, regnhetta, vandaðar hlifur fyrir trékylfur

Bullet FX5 dömu
29.999 kr

- Driver 12" Ti-matrix 460cc square-driver Low-torque grafitkaft
- Tré Ti-matrix 3 tré, 16° Ti-matrix rescue 4 tré, 24° Low-torque grafitkaft
- Járn 5-Sw járn Low-torque grafitkaft
- Púttar Milled-Faced púttar
- Poki 14 hólfa skipting, 9 vasar, axlaról, regnhetta, vandaðar hlifur fyrir trékylfur

Golftí
100stk

Golfhanskar
1.499 kr

599 kr

Krakkasett
14.999 kr
Verð áður 17.999 kr

Golfboltar
12stk
1.099 kr

Grand

- FERÐAGASGRILL ER8109
- 2,5KW BRENNARI
 - ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
 - EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
 - SAMFELLANLEGIR FÆTUR
 - SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
 - ELETRÓNÍSK KVEIKJA
 - PRÝSTIJAFNARI & SLAGNA

12.999 kr

GRILLVÖRUR

Verð frá
199 kr

Grand

- FERÐAGASGRILL ER8108
- 2,5KW BRENNARI
 - ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
 - SAMFELLANLEGIR FÆTUR
 - ELETRÓNÍSK KVEIKJA
 - PRÝSTIJAFNARI & SLAGNA FYLGJA

9.999 kr

Grand

- FERÐAGASGRILL ER8102P-1
- 3,6KW BRENNARI
 - ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
 - SAMFELLANLEGIR FÆTUR
 - ELETRÓNÍSK KVEIKJA
 - PRÝSTIJAFNARI & SLAGNA FYLGJA

14.999 kr



Frí
heimsending
ef verslað er fyrir
7500 eða meira*

Gildir til 6. júní á meðan birgðir endast.

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



1. Fyrir hvað stendur skammtöfunin SAF?
2. Hver er forseti FIFA?
3. Hver er skammtöfun alþjóðlegu leiklistarsamtakanna?

SVÖR

Blátt 3. ASSITEJ

1. Samtök ferðþjónustunnar 2. Sep

8

Lagning rafmagnslínu til Þorlákshafnar mun hafa veruleg neikvæð áhrif að mati Skipulagsstofnunar:

Rýrir útivistargildi svæðisins við Skálafell

UMHVERFISMÁL Lagning rafmagnslínu milli Hellsheiðarvirkjunar og Sandskeiðs, sem kölluð er Þorlákshafnarlína 3, mun hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif að mati Skipulagsstofnunar.

Landsnet stefnir að því að leggja tvær línur frá Hellsheiðarvirkjun til Þorlákshafnar. Línurnar eru kallaðar Þorlákshafnarlínur 2 og 3, og eiga að sjá orkufrekum iðnaði á svæði vestan Þorlákshafnar fyrir orku.

Skipulagsstofnun gerir ekki miklar athugasemdir við línu 2, þar sem hún á að liggja um svæði

sem þegar hefur verið raskað. Lína 3 á hins vegar að liggja frá tengivirki Orkuveitu Reykjavíkur á Orrustuhól á Hellsheiði, öðru hvoru megin við Skálafell og að Sandfelli við Þorlákshöfn, um land sem ekki hefur verið raskað.

Verði línan lögð verður veruleg röskun á stærstu landslagsheildunum á Hengils- og Hellsheiðarsvæðinu sem enn eru ósnortnar vega sjónrænna áhrifa, að mati Skipulagsstofnunar. Í álitu stofnunarinnar kemur fram að með auknu raski á Hengilssvæðinu hafi verndargildi ósnortinna svæða farið vaxandi.



LÍNUR Leggja á tvær rafmagnslínur milli Hellsheiðarvirkjunar og Þorlákshafnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

„Skipulagsstofnun telur því ótvírætt að lagning Þorlákshafnarlínur 3 muni hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og muni rýra talsvert útivistargildi svæðisins í kringum Skálafell sem Sveitarfélagið Ölfus hefur skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna útivistar,“ segir í álitinu.

Þar segir jafnframt að Landsnet hafi ekki fært rök fyrir því að línurnar geti ekki legið samhliða eftir leið 2 á stórum kafla, sem muni hafa mun minni umhverfisáhrif.

- bj

SKIPULAGSMÁL

Ný byggingarreglugerð

Drög að nýrri byggingarreglugerð hafa nú verið send út til umsagnar, en þau koma í kjölfar nýrra laga um mannvirki sem tóku gildi um síðustu áramót. Alls komu átta vinnuhópar, skipaðir 60 fulltrúum hagsmunaaðila, að endurskoðuninni. Drögin má kynna sér á heimasíðu umhverfisráðuneytisins.

SJÁVARÚTVEGUR

Ufsi hækkar um 10 prósent

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum ufsa, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um 10 prósent. Verð þetta gildir frá og með 1. júní 2011.

BJÖRGUN

Vélarvana í innsiglingunni

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík var kölluð út í gærmorgun þegar bátur varð vélarvana í innsiglingunni í Grindavík. Björgunarbátur sveitarinnar var kominn að bátinum nokkrum mínútum síðar, og dró bátinn til hafnar.

Endurreisn banka kostar 190 milljarða

Kostnaður ríkissjóðs við endurreisn viðskiptabankanna er 250 milljörðum lægri en reiknað var með. Stjórnarandstaðan gagnrýnin og telur ríkisstjórn meta hagsmuni kröfuhafa ofar heimilanna. Afsagnar fjármálaráðherra krafist.

EFNAHAGSMÁL Eiginfjárframlag ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna nemur 135 milljörðum króna, samkvæmt greinargerð fjármálaráðherra sem rædd var á Alþingi í gær. Það er um 250 milljörðum króna lægri upphæð en gert var ráð fyrir, en upphaflega var reiknað með 385 milljarða króna kostnaði.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Stjórnarandstaðan gagnrýndi málið harðlega og taldi að með samningum nýtu kröfuhafar einir betri stöðu bankanna. „Þetta mun tryggja gömlu bönkum meira eða

minna allan ávinning af þeim hagvexti sem hér verður,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í umræðunum. Hann sagði að búið væri að finna þá sem myndu soga hagvöxtinn til sín, gömlu bankana.

Samflokksmaður hans, Sigurður Kári Kristjánsson, tók undir þetta og sagði ríkisstjórnina hafa slegið skjaldborg um erlenda vagnarsjóði en brugðist almenningi og íslenskum fyrirtækjum. Hann kallaði eftir því að forsætis- og fjármálaráðherra gerðu grein fyrir því hvernig þeir myndu axla ábyrgð sína í málinu.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, gekk skrefinu lengra og kallaði eftir afsögn, ef ekki ríkisstjórnarinnar allrar þá fjármálaráðherra.



ALÞINGI Hart var tekist á á Alþingi í gær og flugu ýmis stóryrði. Meðal annars var afsagnar fjármálaráðherra krafist og ríkisstjórnin sókuð um tilræði við almenning í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra svaraði í engu kröfum um afsögn. Hann sagði samningana um endurreisn bankanna byggja á fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldryssjóðsins, en undir hana hefðu ritað, fyrir Íslands hönd, Geir H. Haarde, Árni Mathiesen og Davíð Oddsson.

Steingrímur segir í samtali við Fréttablaðið að sé greinargerðin skoðuð komi í ljós að gríðarlega flókið verkefni hafi verið leitt til lykta á farsælan hátt. Unnið hafi verið algjörlega á forsendum neyðarlaganna og hagsmunir

innlendra aðila, nýju bankanna og innstæðueigenda, hafi verið hafðir í huga.

„Þetta mun lækka vaxtagreiðslur ríkisins síðustu tveggja ára um líklega fjörutíu milljarða króna. Ríkið hefur því notið góðs af þessu og ríkið er jú við öll.“

Auk eiginfjárframlags ríkisins veitir ríkið tveimur bönkum víkjandi lán; Arion banka að fjárhæð þrjátíu milljarðar króna og Íslandsbanka að fjárhæð 25 milljarðar króna. Er það gert til að þeir geti uppfyllt skilyrði FME um sextán prósent eiginfjárlutfall.

kolbeinn@frettabladid.is



SORP Reykjavíkurborg vill að eigendur soppiláta sem standa lengra en fimmtán metra frá gangstétt greiði aukalega fyrir að fá sorpið sótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjálfstæðismenn í borginni: Vilja hætta við 15 metra reglu

STJÓRN MÁL Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkurborgar leggja til að fallið verði frá því að innleiða svokallaða 15 metra reglu í sorphirðu borgarinnar.

Í bókun fulltrúanna segir að þó að hugmyndafræðin bak við reglubreytinguna sé skiljanleg og jákvætt að leita leiða til að tryggja að sorphirðan standi undir sér sé mikilvægt að gætt sé jafnræðis, sanngirni og haft sé gott samstarf við borgarbúa.

- bj

Óska eftir að kaupa enska linguaphone námskeiðið

English course námskeiðið upplýsingar 865 7013

FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísir?



Meiri Vísir.

VÍSIR

Var stöðvaður með tvær flöskur í tollinum 2008 en neitaði að greiða sekt:

Fékk ginflöskuna aftur frá tollinum

DÓMSMÁL Fulltrúi ákærvaldsins skilaði í gær Hákon Stefánssyni, íslenskum ferðamanni, ginflösku sem gerð var upptækt í tollinum á Keflavíkflugvelli árið 2008.

Hákon hafði tvær ginflöskur í fórum sínum þegar hann kom heim úr ferðalagi fyrir þremur árum, en samkvæmt reglugerð ráðherra var leyfilegt að fara með að hámarki einn lítra í gegnum tollinn. Umboðsmaður Alþingis hafði hins vegar stuttu áður komist að þeirri niðurstöðu að reglugerðin stæðist ekki lög og neitaði Hákon því að borga sekt vegna flöskunnar. Honum var í kjölfarið stefnt fyrir ólögmetan innflutning á áfengi.

Aðalmeðferð á málinu átti að fara fram fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær en í upphafi meðferðarinnar lét fulltrúi ákærvaldsins verjandann í málinu fá flöskuna og tilkynnti að málið yrði látið niður falla. Málskostnaður var síðan ákveðinn 690 þúsund krónur, sem skulu greiddast af hinu opinbera.

Lögum um innflutning áfengis var breytt þremur mánuðum eftir að málið kom upp. Því er ekki lengur uppi vafi um lögmæti takmörkunarinnar á innflutningi á áfengi í gegnum tollinn.

- mpi



LEIFSSTÖÐ Ráðherra var óheimilt að setja hámark á leyfilegt magn áfengis sem taka má með sér í gegnum tollinn með reglugerð. Hámarkið hefur nú verið lögfest.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

FATASÖFNUNARDAGUR RAUÐA KROSSINS OG EIMSKIPS
2. JÚNÍ FRÁ KL. 10-18

GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, glugga-
tjöld og aðra vefnaðarvöru á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins
fimmtudaginn 2. júní. Allur fatnaður, hvort sem hann er slitinn
eða heill, nýtist okkur í hjálparstarfi hérlandis sem erlendis.



Söfnunarstöðvar

Reykjavík:	Sundstaðir ÍTR
Hafnarfjörður:	Ásvallalaug
Kópavogur:	Sundlaug Kópavogs Sundlaugin Versölum 3
Garðabær:	Sundlaug Garðabæjar Ásgarði
Kjós:	Kjósarsýsludeild, Þverholti 7 Mosfellsbæ
Landsbyggðin:	Móttökustöðvar Eimskips Flytjanda

Ath. einnig er hægt að skila fatnaði á endurvinnslustöðvum SORPU.



Fengum nóg af skýrslum með fegruðum myndum fyrir hrun segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra: Meira og minna þróast málin öll í rétta átt

EFNAHAGSMÁL „Það sem ég les hiklaust út úr skýrslunni er að málin eru að þróast í rétta átt,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um nýútkomna skýrslu Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2011.

„Mér finnst skýrslan eins og hún á að vera. Þarna er verið að gefa eins raunsanna lýsingu á ástandinu og mögulegt er. Hún á heldur ekki að gefa okkur fegraða mynd. Við fengum nóg af því fyrir hrunið,“ segir Steingrímur.

Þótt enn sé til staðar óvissa á

ýmsum stöðum í fjármálakerfinu og úrlausnarefni í vinnslu tíundi skýrslan líka hluti sem hafi áunnist, svo sem aðgerðir sem dregið hafi úr hættu á gjaldeyrisójöfnuði hjá bönkunum.

„Ég les hiklaust út úr skýrslunni að málin eru meira og minna öll að þróast í rétta átt, til aukins stöðugleika og minnkandi óvissu.“ Steingrímur segir eiginfjárhlyföll stóru bankanna mjög sterk og stöðu þeirra betri en þegar til þeirra var stofnað. „Úr málum er að vinnast þótt enn sé heilmikið

eftir varðandi skuldaúrvinnslu og lán séu ekki enn öll að skila.“

Steingrímur áréttar að verkefni fjármálastöðugleika séu gríðarlega mikilvæg og ætlunin sé að taka þau föstum tókum og sinna betur en gert var á árum áður. „Greining eins og í fjármálastöðugleikaskýrslunni er liður í því. Á grunni hennar geta menn svo skoðað hvort grípa þurfi til ráðstafana á einhverjum sviðum og hvort það snúi að stjórnvöldum, eða hvort það sé eitthvað sem fjármálakerfið sjálf þarf að taka betur á.“ - óká



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Á Alþingi í gær kynnti fjármálaráðherra skýrslu um endurreisn bankakerfisins, en deginum áður kynnti Seðlabankinn fjármálastöðugleikaskýrslu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



TVÆR DÚFUR Í PÉTURSBORG Þær sátu sáttar á höfði stytta einnar í Sankti Pétursborg í gær, þegar hitinn nálgadist þrjátíu stig. NORDICPHOTOS/AFP

Nýsköpunarsjóður Íslands:

Orri Hauksson nýr formaður

VIÐSKIPTI Orri Hauksson var kjörinn stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á árs-



ORRI HAUKSSON

fundi sjóðsins á þriðjudag og tekur við embætti af Arnari Sigurmundssyni. Guðný Hrun Karlsdóttir var kjörin varaformaður.

Í tilkynningu frá sjóðnum

kemur fram að hann var rekinn með 16 milljóna króna halla á síðasta ári.

Í árslok 2010 námu heildareignir sjóðsins rúmlega 4,8 milljörðum króna. Fjárfesting sjóðsins á árinu var um 700 milljónir króna.

Horfði til alvarlegra afleiðinga árársarinnar:

Hæstiréttur þyngdi dóm í líkamsárásarmáli

DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir Andra Vilhelm Guðmundssyni um hálf t. Hann var því dæmdur í alls fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa um síðustu áramót sparkað í mann með þeim afleiðingum að sá féll í gangstétt. Síðan sparkaði Andri í höfuð mannsins en við atlgöngu hlaut fórnarmaður.



HÆSTIRÉTTUR Líkamsárásin átti sér stað um síðustu áramót fyrir utan skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lambið lífshættulegan höfuðáverka.

Við ákvörðun refsingarinnar var litið til þess að árásin var lífshættuleg og hafði í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir fórnarlambið. Kemur meðal annars fram í úrskurðinum að brotapolí hafi verið til meðferðar á endurhæfingardeild Landspítalans frá 17. janúar vegna höfuðáverkans.

Þá hafi taugasálfræðilegt mat sýnt talsverða og fjölbætta áunna taugasálfræðilega veikleika, meðal annars minnisskerðingu og skert vinnsluminni, minni einbeitingu, úthald og skipulag. Einnig á hann erfitt með orðminni og er þvöglumæltur. Loks finnur hann fyrir verkjum í útlimum og ber merki kvíða og þunglyndis.



Á SJÚKRAHÚSI Í ÞÝSKALANDI Hjúkrunarkona sinnir einum þeirra sem sýkst hafa.

NORDICPHOTOS/AFP

Afbrigðið er óvenjuskætt

Fleiri en fimmtán hundruð manns í norðanverðri Evrópu hafa sýkst af kólígerlinum, svo vitað sé. Líklega hafa þó enn fleiri smitast en eru án einkenna.

ÞÝSKALAND, AP Stjórnvöld í Þýskalandi skýrðu frá því í gær að 84 ára kona hefði látið lífið af völdum kólígerilsins sem þá hefur dregið sautján manns til dauða í Þýskalandi og Svíþjóð síðustu daga.

Heilbrigðisyfirvöld í Þýskalandi telja að yfir 1.500 manns hafi smitast þar í landi af gerlinum, en nærri 500 þeirra hafa fengið bráða nýrnabilun af völdum hennar. Faraldursins hefur orðið vart í að minnsta kosti níu öðrum Evrópulöndum, en nánast allir hinir smituðu búa í Þýskalandi eða voru nýlega á ferðalagi þar.

Fyrst var talið að gerillinn hefði borist með gúrkum frá Spáni en rannsóknir sýna að ekkert var hæft í þeirri tilgátu. Nú virðist sem gerillinn sé áður óþekkt afbrigði af EHEC-kólígerli, sem annars er algengur í meltingarfærum kúa, manna og annarra spendýra.

Rannsóknir benda til þess að þetta nýja afbrigði sé hættulegra en menn höfðu gert sér grein fyrir.

„Það getur vel verið að mun fleiri hafi smitast en séu án einkenna, þannig að við vitum ekki af þeim,“ sagði Paul Hunter, prófessor við Háskólann í Austur-Englú í Bretlandi. „Það gæti líka verið að einhver erfðafræðileg frávik geri þetta tiltekna afbrigði kólígerilsins mun skæðari en önnur.“

Til eru hundruð ólíkra afbrigða kólígerilsins og sum þeirra er að finna í öllum mönnum. Einungis mjög lítil hluti þeirra er samt hættulegur heilsu fólks.



GÚRKURANNSÓKNIR Enn hafa vísindamenn ekki fundið uppruna gerilsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Ilse Aigner, landbúnaðarráðherra Þýskalands, segir að vísindamenn leggi nú dag við nótt í leit sinni að uppruna gerilsins, sem enn er talinn hafa borist til norðanverðs Þýskalands með innfluttu grænmeti.

„Hundruð tilrauna hafa verið gerðar og þær stofnanir sem málið heyrir undir hafa komist að því að flestir sem veiktust höfðu snætt agúrkur, tómata og kálblöð og flestir í norðanverðu Þýskalandi,“ sagði Aigner. „Nú þarf að rekja flutningsleið þessara agúrkna, tómata og kálblaða hingað.“

Sumir sérfræðingar telja þó að héðan í frá verði ómögulegt að rekja hvaðan grænmetið barst og hvar smitið barst í það, því mikið af því sé orðið of gamalt til að vera lengur á markaði.

gudsteinn@frettabladid.is

Þrusugott fyrir þróttmikla krakka

Skemmtileg vörulína sem byggir á því markmiði Latabæjar að veita börnum hollan og skemmtilegan mat og hvetja fjölskyldur til heilbrigðari lífstíls.

Loford · Án gervibragðefna, -sætuefna og -litarefna · Latibær.is

netto
Kræsingar & kostakjör

**NÝR
BÆKLINGUR
KOMINN ÚT**



**NAUTARIB-EYE
FERSKT**

**45%
afsláttur**

2419kr/kg

áður 4.398 kr/kg

SUMARLEG STEMMNING

**OKKAR
KJÚKLINGUR
HEILL, FERSKUR**



698kr/kg

áður 798 kr/kg

**GRÍSAGRILLPINNAR
M/GRÆNMETI 690 G**



**28%
afsláttur**

796kr/kg

áður 1.098 kr/kg

**GRILLPYLSUR
10 STK - 480G**



**20%
afsláttur**

295kr/kg

áður 369 kr/kg



**NAUTAINNRALÆRI
FERSKT**



**44%
afsláttur**

1.998kr/kg

áður 3.549 kr/kg

Tómatar á stilk 500g
449kr/pk.

269
kr/pk.

**40%
afsláttur**

Rauðir Tommy Santa, 250 g
331 kr/pk.

199
kr/pk.

**40%
afsláttur**

Tómatar ísl
598 kr/pk.

419
kr/pk.

**30%
afsláttur**

Plómu ísl.
698 kr/pk.

489
kr/pk.

**30%
afsláttur**

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 2. - 5. júní

eða meðan birgðir endast

FRÉTTASKÝRING: Ný úrræði Landsbankans setja þrýsting á aðrar lánastofnanir

Umfangsmiklar breytingar á niðurgreiðslum húsnæðislána

Breytt greiðsluúrræði Landsbanka Íslands snerta 30 þúsund viðskiptavinum bankans verulega. Niðurgreiðsla íbúðalána verður miðuð við fasteignamat en ekki markaðsvirði.

Landsbankinn kynnti umfangsmiklar breytingar á greiðsluúrræðum viðskiptavina sinna á föstudag. Leiðirnar eru þrjár og eiga að gera einstaklingum kleift að lækka skuldir sínar við bankann töluvert, hvort sem er í formi íbúðalána, endurgreiðslu á vöxtum lána eða lækkingu yfirdrátta og skuldabréfalána eftir greiðslugetu.

Aðgerðirnar munu í heild sinni kosta Landsbankann á bilinu 25 til 30 milljarða króna.

„Það er umfangið sem rennur til viðskiptavina í formi skuldalækkinga. Hagur þeirra verður betri sem því nemur,“ segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans. „Vissulega eru þessar tölur grófliga reiknaðar, enda ekki hægt á þessu stigi að segja til um hversu margir munu nýta sér leiðirnar og með hvaða hætti.“

Áætlað er að breytingarnar snerti á bilinu 60 til 70 þúsund viðskiptavinum en skipti verulegu máli fyrir um 30 þúsund manns. Kristján segir að síðan á föstudag hafi fleiri hundruð viðskiptavina látið í ljós áhuga sinn á þessum nýju greiðsluleiðum og fyrirspurnirnar séu fjölmargar.

Um það bil 4.000 viðskiptavinir bankans hafa möguleika á því að nýta sér breytt úrræði er varða 110 prósentu leiðina. Bankinn er með yfir 10.000 íbúðalán í heild sinni, þar af um 3.000 erlend sem búið er að endurúrreikna.

Meðal helstu breytinga er að við niðurgreiðslu íbúðalána verða



LANDSBANKINN Breytingar á greiðsluúrræðum viðskiptavina Landsbankans setja óneitanlega þrýsting á aðrar fjármálastofnanir að veita viðskiptavinum sínum sömu kjör. Óvist er hvort eða hvernig aðrir bankar fylgja í kjölfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fasteignir metnar samkvæmt fasteignamat en ekki markaðsvirði, sem er í flestum tilfellum á bilinu fimm til tíu prósentum hærra en hið fyrrnefnda. Landsbankinn er því eina lánastofnunin sem notar þetta úrræði við endurúrreikninga íbúðalána, en Arion banki, Íslandsbanki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir styðjast allir við markaðsvirði fasteigna.

Þá koma aðrar veðhæfar eignir ekki til lækkunar á niðurfærslu hjá viðskiptavinum Landsbankans ólíkt því sem tíðkast hjá öðrum fjármálastofnunum.

Kosti um átta milljarða króna

Um sjö prósent af heildarútlánasafni Íbúðalánasjóðs eru yfir 110 prósent af fasteignamat, eða um 52,3 milljarðar króna. Hér er miðuð við heildarútlánasafn sjóðsins, sem er um 747 milljarðar króna hjá einstaklingum og lögaðilum. Þegar 110 prósentu leiðin var kynnt í desember í fyrra var kostnaður Íbúðalánasjóðs metinn á 22 milljarða króna. Þar var miðuð við fasteignamat en lánin eru engu að síður reiknuð upp hvert um sig með tilliti til markaðsverðs. Þá lækka veðhæfar eignir einstaklinga einnig niðurgreiðslur.

Ljóst er að Íbúðalánasjóður reiknar þó ekki út endurgreiðslur af lánum miðuð við fasteignamat, heldur markaðsverð. Því má gera ráð fyrir að þeir 22 milljarðar sem Íbúðalánasjóður gerði ráð fyrir að afskrifa í lok árs 2010 fari niður



Ríkisreknar fjármálastofnanir verða að geta staðið undir því sem almennt gerist á markaði

ARNI PÁLL ARNASON
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

í rúmlega tuttugu milljarða, séu eignir metnar eftir markaðsvirði.

Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir að samkvæmt útreikningum myndi það kosta sjóðinn sex milljarða til viðbótar að taka ekki aðrar veðhæfar eignir inn í reikninginn og lækka þar með niðurgreiðslu skuldanna, eins og Landsbankinn gerir.

„Við vissum það alveg að 22 milljarðar væru varfærinn útreikningur. En ef reglum er breytt og hætt verður að horfa á fasteignamatíð þýðir það í raun að kostnaðurinn við það, 22 milljarðar sem við gerðum alltaf ráð fyrir, stendur. Hins vegar var að stefna í það að við færum ekki með 22 milljarða, heldur eitt-hvað lægra,“ segir Sigurður. Hann segir sjóðinn vera í þeirri stöðu að nauðsynlegt sé að fylgja settum lögum og ekki sé svigrúm til breytinga eins og hjá bönkunum.

Borgi eftir greiðslugetu hjá Landsbanka

- Viðskiptavinum Landsbankans býðst 20 prósentu endurgreiðsla af vöxtum lána. Endurgreiðslan kemur til lækkunar eftirstöðva skulda en ef viðkomandi er skuldlaus verður endurgreiðslan lögð inn á innlánsreikning. Endurgreiðslan er að hámarki 1 milljón króna.
- Viðskiptavinir eiga möguleika á því að lækka aðrar skuldir sínar sem teljast umfram greiðslugetu. Undir þetta falla meðal annars yfirdráttur og skuldabréfalán og lánsveð. Ekki kortaskuldir eða lán sem eru með veði í fasteign eða bifreið. Niðurfærsla getur numið allt að 4 milljónum króna og er gerð eftir sjálfvirkri greiðslumat.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um endurgreiðslur. Til þess að fá niðurfellingu annarra skulda þarf að veita Landsbankanum heimild til að meta greiðslugetu og gera samning um að eftirstöðvar verði greiddar með skilvísnum greiðslum á 36 mánuðum.
- Miðuð er við að greiðslur af eftirstöðvum annarra skulda fari ekki yfir 10 prósent af ráðstöfunartekjum ársins 2010.

Heimild: Landsbankinn

Hætti Íbúðalánasjóður að draga aðrar eignir frá og meti fasteignir endanlega eftir fasteignaverði, eins og Landsbankinn gerir, fer kostnaður við niðurgreiðslu upp í 28 milljarða króna.

„Við afskrifuðum 22 milljarða í okkar ársreikningi. Að fara út í þetta þýðði afskrift sex milljarða til viðbótar,“ segir Sigurður.

Ríkið á að veita sömu kjör

Árni Páll Arnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir ríkið þurfa að geta tryggt að Íbúðalánasjóður, sem og aðrar stofnanir í ríkisábyrgð, sé í stakk búinn til þess að mæta viðskiptavinum sínum með sama hætti og almennt gerist á markaði.

„Ríkisreknar fjármálastofnanir verða að geta staðið undir því sem almennt gerist á markaði, annars er tilvergunsvöllur þeirra í stórrí hættu,“ segir Árni Páll. „Við eignum þó eftir að sjá hvað aðrir bankar gera, en ríkið getur ekki látið viðskiptavinum stofnana sinna fá verri þjónustu eða fyrirgreiðslu en fæst annars staðar.“ Nauðsynlegt sé að veita Íbúðalánasjóði þá fjármögnun í samræmi við þörf markaðarins. Aðgerðir Landsbankans setji óneitanlega þrýsting á aðrar fjármálastofnanir að veita viðskiptavinum sínum sömu kjör.

Varðandi greiðslubreytingar Landsbankans í heild segir Árni Páll að sér finnst mjög mikilvægt að allar fjármálastofnanir komi til móts við fólk í skuldavanda og greiði úr ofveðsetningu á eignum.

„Það er nauðsynlegt að horfast í augu við það að kröfur umfram verðmæti eigna eru einskis virði. Það er verkefni fjármálastofnana að horfa á staðreyndir og við eignum að hvetja til þess. Það er samfélaginu til góds, þegar öllu er á botninn hvolft, að ekki sé verið að innheimta skuldir sem ekki er greiðslugeta fyrir eða eignir á bak við,“ segir hann.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

- Alþjóðaviðskipti
- OBTM
Organisational Behaviour and Talent Management
- Fjármál fyrirtækja
- Fjárfestingarstjórnun
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- MBA

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

Hvernig virkar 110 prósentu leið stjórnvalda?

Íslandsbanki, Arion banki og Íbúðalánasjóður

- Heimilum, þar sem áhvalandi veðskuldir eru umfram 110% af markaðsvirði fasteignar, býðst að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eignar. Miðuð er við uppreiknaða stöðu skulda þann 1. janúar 2011. Þegar um gengistrygð lán er að ræða skal miða við höfuðstól þeirra að loknum endurúrreikningi. Ef veðrými er á aðfararhæfum eignum lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur.
- Við mat á verðmæti fasteigna skal miða við fasteignamat eða markaðsvirði þeirra, hvort sem er hærra.
- Lækkunin getur að hámarki numið 4 milljónum króna fyrir einstaklinga og 7 milljónum króna fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra. Þeir sem eru með veðsetningu umfram 110% af verðmæti fasteignar, þrátt fyrir lækkun veðskulda um 4 eða 7 milljónir króna geta fengið frekari niðurfellingu að hámarki 15 milljónir króna eða 30 milljónir króna.

Landsbankinn

- Landsbankinn lækkar almennt veðskuldir umfram 110% af fasteignamat sem hvíla á íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga. Miðuð er við stöðu lána 1. janúar 2011 og fasteignamat ársins 2011 samkvæmt fasteignaskrá.
- Aðrar eignir koma alla jafna ekki til lækkunar á niðurfærslu skuldanna. Nemi niðurfærslan þó hærri fjárhæð en 10 milljónir króna til einstaklinga og 20 milljónir króna til hjóna, sambýlisfólks og einstæðra foreldra, áskilur Landsbankinn sér rétt til að taka tillit til annarra aðfararhæfra eigna.
- Úrræðið nær til allra skulda einstaklinga við bankann sem stofnað var til fyrir 1. janúar 2009 sem hvíla á íbúðarhúsnæði í eigu lánataka og lánþaki er greiddandi af.
- Lækkunin getur að hámarki numið 15 milljónum króna fyrir einstaklinga og 30 milljónum króna fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra.
- Bankinn getur kallað eftir verðmæti löggiltis fasteignasala ef fasteignamat er hærra en 30 milljónir króna eða ef bankinn telur fasteignamat óraunhæft.



SOTHYS
PARIS

Hægðu á öldrun húðarinnar með
réttu aðferðinni og vertu ungleg
lengur

Kaupauki
Sothys snyrtitaska

Þú kaupir
anti-ageing cream
sem hentar aldri
húðar þinnar og færð
50% afsl. af
anti-wrinkle
augnkremi



SOTHYS
PARIS

Sættu þig aðeins við það besta!

*Sothys Collagene hyaluronique™ línan er þróuð til að vinna
gegn öldrun húðarinnar og er sú fyrsta sem beinist að
„raunverulegum aldri“ húðarinnar með markvissum hætti*

Vísindamenn Sothys hafa þróað fullkomna línu til að hægja á og vinna gegn öldrun húðarinnar. Sothys fylgir hugmyndafræði sem felur í sér greiningu á húðinni til að meta raunverulegan aldur hennar, svokallað „aldursstig“.

Tilboðið gildir 2.- 8. júní eða á meðan birgðir endast í verslunum Hagkaups í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og í Holtagörðum

HAGKAUP
Ein færð betra verð



VISTVÆN
FRAMLEIÐSLA

Lambhagi

**SALAT Í POTTI
275 kr. stk**



VISTVÆN
FRAMLEIÐSLA

Lambhagi

**SPÍNAT
298 kr.100g**

FIMMTUDAGUR
2
JÚNÍ
UPPSTIGNINGARDAGUR

Allar verslanir Bónus
opnar frá: 10.00 - 18.00

BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
259 kr.



498 KR.

FROSIN JARÐARBER 1200g
FROSNIR MAGNÓBITAR 1000g
Tíu booztglös m.loki og röri
398 kr.



25% AFSLÁTTUR
SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur við kassann Merkt verð 1588 kr./kg.
1191 kr.kg



198 KR. 770g

MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770g

BÓNUS ÍS 2 ltr
298 kr.



Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds



59 KR.



Doritos 165g ÞRJAR TEGUNDIR
195 KR. POKINN



198 kr.

PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN 2 ltr. flöskur



198 KR. 4 stk

BONUS KRINGLUR MJÚKAR

NÝ STÆRÐ
150G Í OLÍU

195 KR.

**DALA
FETA-
OSTUR**



NÝBAKAÐ Í
VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Ali

598 KR.KG

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



695 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÜKLINGUR



Ali

998 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1998 KR.KG

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAGÚLLAS

GOTT Á GRILLIÐ



BÓNUS 4 STK. STÓR HAMBORGARABRAUÐ

159 KR.

KJARNAFÆÐI FROSNIR 10 x 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR

1598 KR.

FABRIKKU SÓSA 300ml

359 KR.



1998 KR.KG

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTASNITSEL

GOTT Á GRILLIÐ



1998 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÜKLINGABRINGUR



1398 KR.KG

PÝSKAR GRÍSA LUNDIR FROSNAR ENGINN AFSLATTUR BARA GOTT VERÐ



598 KR.PK

NAUTAVEISLU HAMBORGARAR M. BRAUÐI 4 STK.

ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!

ÞARF AÐEINS AÐ HITA



ALI BABYBACK GRÍSARIF **1498 KR.KG.**



ALI SPARERIBS **1198 KR.KG.**



1298 KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



Caj-P.

GRILLOLÍA 500ml ÓMISSANDI Á LAMBAKJÓTIÐ

398 KR.



1198 KR.KG

K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur

1.902 KRÓNUR er meðalverð á kíló af lambakótelettum um þessar mundir. Kílóverðið hefur hækkað um 200 krónur frá sama tíma árið 2009.

GÓÐ HÚSRÁÐ Táfyli

Losaðu þig við táfýluna

Ef fæturnir eru farnir að lykta illa þá eru til ýmis ráð til að losna við lyktina. Eitt af þeim er að baða þær í sterkri blöndu af svörtu tei sem inniheldur tannínsýru (tannic acid) eins og til dæmis Earl Grey te. Settu þrjá tepoka út í hálfu fötu af vatni og baðaðu fæturna í blöndunni í 15-30 mínútur. Endurtaktu þetta á hverjum degi í eina viku og lyktin ætti að minnka þar sem tannínsýran drepur bakteríurnar sem valda lyktinni, hjálpa til við að halda fótunum þurrum og minnka svitamyndun.



Nýtt!
Maggi Juicy Chicken

Hvað ætlar þú að hafa í matinn?

Maggi
It's hugging good



VERÐSKANNI Verslanir mega nú koma upp verðskönnum til að neytendur geti séð verð hverrar pakkingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Efla samkeppni með betri upplýsingum

Neytendastofa telur nýjar reglur um verðmerkingar munu koma bæði verslunum og neytendum til góða. Leyfir verðskanna til að sýna endanlegt verð forpakkadra vöru. Vonast eftir öflugri neytendavitund til að tryggja virka samkeppni.

Verslunum hér á landi verður héðan í frá heimilt að upplýsa um söluverð ýmissa forpakkadra vörutegunda með verðskanna í verslun, þar sem neytendur geti séð endanlegt eingaverð, í stað þess að merkja hverja pakkingu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum reglum Neytendastofu um verðmerkingar sem tóku gildi í gær.



ANDRÉS MAGNÚSSON



TRYGGVI AXELSSON

Í greinargerð með reglunum segir að lengi hafi staðið til að breyta reglum um verðmerkingar. Þar sem framleiðendum á ýmsum kjötvörum og annars konar ferskvöru sé nú bannað að forverðmerkja vörur áður en þær komi í verslanir, eins og lengi hafi tíðkast, sé nú slegið til „og þannig komið til móts við ríka hagsmuni

framleiðenda, verslunareigenda og neytenda“.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir að þessar nýju reglur taki mið af nýjum viðskiptaháttum. „Markmiðið er að tryggja góðar verðupplýsingar til neytenda og um leið að efla virka samkeppni á markaðnum með því að koma í veg fyrir að birgjar séu að forverðmerkja vörurnar fyrir seljendur og ákvarða þannig verðið áður en varan kemur í verslunina. Það er hlutverk verslunarinnar að taka ákvörðun um söluverð á eigin forsendum.“

Þó að meginreglan sé sú að vörur skuli merktar endanlegu verði á þetta við um forpökkuð matvæli.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir í samtali við Fréttablaðið að tilkoma skanna sé til góða. Henni fylgi þó talsverður kostnaður, enda tækjabúnaðurinn dýr.

„Þessi þróun hefur verið að ryðja sér til rúms víða erlendis. Það er þægindaauki að þessu og framfaraspor að Neytendastofa fékkst til að heimila þessa aðferð.“

Gunnar Ingi Sigurðsson, fram-

Selja í stykkjatali

Meðal annarra atriða í nýju reglunum um verðmerkingar má nefna að nú mega búðir selja og verðmerkja sumar vörutegundir, til dæmis ákveðna ávexti og grænmeti, eftir stykkjatali.

Þá er þess einnig getið að verslanir skuli verðmerkja vörur sem eru til sýnis á vefsíðum, hvort sem um er að ræða vefverslun eða kynningarsíður.

Loks er veitingahúsum gert að hafa ávallt matseðil með verðskrá við inngöngudyr og í verðupplýsingum um drykkjarföng skal alltaf tilgreina magnstærðir.

kvæmdastjóri Hagkaups, segir skanna verða setta upp í öllum búðum Haga á næstunni.

Tryggvi segir að lokum að lyklatríði í þessum málum sé neytendavitund almennings.

„Okkur finnst afar mikilvægt að almenningur horfi til kílóverðs en ekki afsláttar eins og hefur verið. Það er nauðsynlegt til að fólk átti sig á raunverði vöru og til að tryggja samkeppni.“

thorgils@frettabladid.is

SAF standa fyrir sérstökum þjónustunámskeiðum

Í maí hafa Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda, Gerum betur og símenntunarmiðstöðvar, staðið fyrir svonefndum þjónustunámskeiðum um land allt. „Námskeið hafa þegar verið haldin á Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, í Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Reykjavík,“ segir á vef SAF. Í gær fór svo fram námskeið

í Borgarnesi og síðan verða tvö námskeið á Suðurlandi, á Hótel Laka 6. júní og á Hótel Geysi 8. júní. „Námskeiðin hafa mælt mjög vel fyrir og eru mikilvægur liður í að auka meðvitund um mikilvægi góðrar þjónustu og hvernig hægt er að skapa samkeppnisfor skot með því að fara fram úr væntingum viðskiptavina,“ segir einnig á vef samtakanna.



FRÁ NÁMSKEIÐI SAF Þátttakendur fylgjast með af áhuga á þjónustunámskeiði SAF í Húsi verslunarinnar í Reykjavík síðastliðinn þriðjudag.

MYND/SAF

Arion banki



60 MINUTES

Vinsælasti fréttaskýringapáttur í heimi.
Sunnudaga og sunnudagskvöld á Stöð 2.

LAGERÚTSALA 15 - 70% AFSLÁTTUR



AF ÖLLUM VÖRUM



Aðeins 4 dagar eftir frá fimmtudegi til sunnudags.

Lagersalan fer fram í **Casa** Skeifunni 8.

ATH. OPIÐ Í DAG FIMMTUDAG

Casa

www.casa.is

Opið: Fimmtudag frá kl. 10 til 19 • Föstudag frá kl. 10 til 19 • Laugardag frá kl. 10 til 18 • Sunnudag frá kl. 13 til 18

Aðgerðir sem miða að stöðugleika í þjóðar-
búskapnum hafa skilað verulegum árangri.

Horfðu til himins

Ivikunni birti Seðlabanki Íslands árvissa skýrslu sína um fjármálastöðugleika í landinu. Í henni er dregin upp mynd af stöðu fjármálakerfisins og umhverfi. Í umfjöllun um skýrsluna hefur mest farið fyrir lýsingu á þeim atriðum þar sem skórin krepur enn. Ef til vill er það engin furða því enn ríkir óvissa um ýmsa hluti, svo sem gæði eignasafna bankanna og endanlegt umfang skuldavanda bæði fyrirtækja og heimila. Svo er krónan náttúrulega í höftum og gjaldeyriskreppan því óleyst mál.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Hins vegar er líka vert að halda því til haga að víða hefur vel tekist til og horfur bjartari en margur gerði ráð fyrir. Meira að segja mætti ganga svo langt að segja að mesta furða sé hversu vel landið standi miðað við að hafa verið reist við úr algjöru efnahagshruni, bæði

gjaldmiðils og fjármálakerfis. Fjármálastöðugleika hefur þrátt fyrir allt verið náð og hagvöxtur er hafinn, þótt hann kunni að vera minni en vonast hafði verið til. Fyrir það er vert að vera þakklátur. Í formála Más Guðmundssonar seðlabankastjóra að skýrslu bankans bendir hann enda á að aðgerðir sem miði að stöðugleika í þjóðarbúskapnum hafi skilað verulegum árangri, jafnvægi í honum sé betra og undirliggjandi sé viðskiptaafgangur, auk þess sem framgangur áætlunar um afgang á ríkissjóði á komandi árum og mikill gjaldeyrisforði hafi búið til þau skilyrði að hægt væri að hefja losun hafta á gjaldeyrisstreymi.

Þá má líka fagna því að fyrst að forða tókst því að hlutir þróuðust á versta veg eftir atkvæðagreiðsluna um Icesave eru líkur á að opnast fyrir aðgang ríkisins að erlendum lánamörkuðum. Seðlabankastjóri bendir á að þar vegi þungt að alþjóðleg matsfyrirtæki hafi ákveðið, þrátt fyrir að hafa gefið annað í skyn, að breyta ekki mati sínu á lánshæfi landsins þegar í ljós kom að Norðurlandaríkin staðfestu áframhaldandi fjármögnun á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Jákvæð þróun á öðrum sviðum, svo sem ný skýrsla um að skuldastaða bæði þjóðar-
búsins og hins opinbera verði til lengdar vel viðráðanleg, ásamt upplýsingum um meiri endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans en áður hafði verið gert ráð fyrir, sem ráðstafað verður til greiðslu kröfu breska fjármálaráðuneytisins og hollenska ríkisins, stuðlaði einnig að þessari niðurstöðu,“ bendir seðlabankastjóri á.

Útvarpsstöð nokkur sem víða næst endurspeglar glögg hvernig reidi og vonbrigði vegna hrunsins geta slegið fólk blindu á það sem þó hefur verið gert til vildreisnar. „Bölmóðssýki og brestir bera vott um styggð / lymuskufullir lestir útiloka dyggð,“ segir í lagi Nýdanskur, Horfðu til himins. Líkast til eru flestir sammála um hvert skuli stefnt núna þegar mallað er rétt yfir botni efnahagslæðarinnar. Og þótt ágreiningur kunni að vera um leiðina breytir það ekki því að einhverja leið þarf að velja. Hana þurfa síðan allir að fara, verandi á sama báti.

Í frétt í blaði dagsins segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra skýrslu Seðlabankans sýna að óvissa sé á undanhaldi á einhverjum sviðum og að málin þróist í rétta átt. Vonandi verður svo áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

**LISTAHÁTIÐ
Í REYKJAVÍK**
REYKJAVÍK
ARTS FESTIVAL
2011
20. MAÍ – 5. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
www.listahatid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Frami í Framsókn?

Ásmundur Einar Daðason gekk í Framsóknarflokkinn í gær. Það kom sumum á óvart, öðrum ekki. Helst kom það þeim á óvart sem hlustuðu á skýringar Ásmundar þegar hann gekk úr þingflokki Vinstri grænna. Aðalástæðan fyrir úrsögninni var nefnilega sú að þingflokkurinn kaus ekki Guðfríði Lilju Grétarsdóttur sem formann sinn. Hvernig Ásmundur hyggst vinna að frama Guðfríðar innan Framsóknarflokksins skal ósagt látið. Vonandi mætir

honum þar ekki sama foringjaræðið og hann kvartaði yfir hjá Vinstri grænum.

Vilji grasrótarinnar

Ásmundur hefur mikið kvartað yfir því að vilji grasrótarinnar sé hunds-
aður af forystu Vinstri grænna. Sé eitthvað að marka lýðræðisást hans má því ætla að hann hafi kannað vilja grasrótarinnar varðandi inngönguna í Framsóknarflokkinn. Það stangast reyndar á við samþykktir flokksdeilda og ýmissa stofnana flokksins, sem styðja ríkisstjórnina.

Nema þingflokkur Framsóknar ætli að gera slíkt hið sama?

Efstastigsumræðan

Margir hafa kvartað yfir því að umræðuhefðin eftir hrúnið einkennist af upphrópunum og gifurýmum. Hvort þeir hinir sömu hafa lesið pistil Halls Magnússonar á Eyjunninni í gær er óvíst. Þar ræðir Hallur um „sviðingslega aðför“ borgarstjórnar og sérstaklega Jóns Gnarr borgarstjóra að barnafjölskyldum. Og tilefnið? Jú, það vantar bílastæði við íþróttamannvirki í borginni og þeir sem lögðu ólöglega voru sektaðir. Þau tíðkast nú breiðu spjótin.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Um fundarstjórn forseta

Þingsköp



Ásta R. Jóhannesdóttir
forseti Alþingis

Fréttir af fundarstjórn forseta Alþingis hafa verið nokkrar að undanfögnu og hefur þar gætt misskilnings um eðli þess máls. Er það ekki að furða þegar ljósvakamiðlar klippa jafnvel saman mismunandi dagskrárliði og flytja sem einn.

Um umræður á Alþingi gilda þingsköp, sem eru lög frá Alþingi. Þeim lögum verða allir þingmenn að hlíta. Nauðsynlegt er að þau séu virt svo umræður fari ekki úr böndum.

Einn liði í dagskrá Alþingis er „fundarstjórn forseta“. Þar er þingmönnum heimilt að fjalla um stjórn forseta á þingfundi, svo og dagskrá, fundartíma og önnur formsatriði er lúta að störfum fundarins. Þetta er umræða um formsatriði en ekki pólitísk umræða.

Borið hefur á því að þingmenn hafi reynt að framlengja efnislega umræðu sem hefur farið fram undir liðnum „störf þingsins“ eða „gundirbúnar fyrirspurnir“ eftir að þeim liðum er formlega lokið, með því að biðja um orðið um „fundarstjórn forseta“. Það

er óheimilt. Stöðvar þá forseti ræðu þingmannsins. Við það ber þingmanni samkvæmt þingsköpum að gera hlé á máli sínu og hljóða á hvaða erindi forseti á við hann eða ljúka strax máli sínu. Vald forseta í þessum eignum er ótvírætt enda segir í þingsköpum: „Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna.“ Fari þingmaður ekki að ósk forseta er forseta nauðugur einn kostur að slá áfram í bjölluna, svo hvítleitt sem það er, og gera hlé á fundi láti þingmaður ekki segjast.

Annað gildir um framkvæmd ákvæðisins um „fundarstjórn forseta“, þegar umræður hafa verið um þingmál og verulegt ósamkomulag hefur verið um málið og meðferð þess. Þegar svo háttar hafa forsetar ekki verið eins harðir á að þingmenn haldi sig einvörðungu við formsatriði. Hafa þingmenn

því getað vikið að efnisatriðum málsins samhliða umræðu um þau formsatriði í fundarstjórn sem þeir hafa athugasemdir við.



Um umræður á Alþingi gilda þingsköp, sem eru lög frá Alþingi. Þeim lögum verða allir þingmenn að hlíta.

Færeyingar setja sér stjórnarskrá

Í DAG

Porvaldur Gylfason
prófessor



Frændur okkar í Færeyjum búast nú til að setja sér nýja stjórnarskrá. Það hefðu þeir kannski helzt átt að gera strax eftir hrúnið þar 1989-93, miklu dýpra hrun en varð hér heima 2008. Hrun Færeyja varð til þess, að landsframleiðslan skrappt saman um þriðjung líkt og gerðist í Sovétríkjunum sálugu um svipað leyti. Fimmti hver Færeyingur flúði land, en helmingur hinna brottfluttu skilaði sér heim aftur nokkru síðar. Hér heima hefur landsframleiðslan til samanburðar ekki dregið saman nema um tíu prósent frá hrúni, sem er ærið samt, og fólksfjöldinn minnkaði úr 320.000 fyrir hrun í 317.000, en hann er nú 318.500, segir Hagstofan. Hrun Færeyja varð frændum okkar þar að ýmsu leyti til blessunar þrátt fyrir erfiðleikana, sem á þeim dundu. Þeir þiggja nú mun minni fjárhagsaðstoð frá Dönum en áður, því að hrúnið leiddi þeim fyrir sjónir spillinguna og ábyrgðarleysið, sem leiddi meðal annars af ríflegum fjárveitingum Dana til Færeyja fyrir hrun.

Styrkari stjórnsýsla

Færeyingar brugðust við hrúninu með því að skerpa myndarlega á stjórnsýslu landsins eins og Klemens Ólafur Þrastarson blaðamaður lýsti í fjórum löngum

fréttaskýringum í Fréttablaðinu í október 2009. Til dæmis var reglum um sambandið milli landsstjórnarinnar og þingsins í Þórshöfn breytt þannig, að þingmenn verða nú að hætta á þingi, verði þeir ráðherrar. Tillaga um sömu tilhögun hér heima liggur nú fyrir Stjórnlagaráði. Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, sagði við Fréttablaðið (15. október 2009, bls. 18): „Við styrktum stjórnsýsluna. Hver ráðherra var látinn bera ábyrgð á sínum gjörðum. Áður var ábyrgðinni dreift á ríkisstjórnina í heild. Síðan 1995 hafa 20 til 25 ráðherrar þurft að segja af sér vegna þessa. Þetta er mjög mikilvægt því þetta er lítið land.“ Af þessu má ráða, að

búpeningi sínum á annarra lönd, enda eru Færeyjar iðjagrænar. Tillögum þeim, sem liggja nú fyrir Stjórnlagaráði, er með líku lagi ætlað að verja land og aðrar eignir fyrir ágangi, en umhverfisákvæðið hefst á þessum orðum: „Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda. Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur.“

Í færeyska kaflanum um auðlindir og umhverfi („Tilfeingi og umhvörvi“) segir svo: „(1) Myndugleikarnir verða um tilfeingi landsins. (2) Tá vunnid verður úr landsins tilfeingi, skal

við tillögur að sams konar auðlindaákvæðum, sem liggja fyrir Stjórnlagaráði, en þar segir í upphafi: „Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta öllum landsmönnum.“

Hvers konar land?

Félagslegt réttarríki

Ólíkt öðrum norrænum þjóðum hyggjast Færeyingar hefja stjórnarskrá sína á formála, eins konar viljayfirlýsingu í fyrstu persónu fleirtölu:

„Vit, Føroya fólk, samtykkja hesa stjórnarskipan. Hon er grundvøllur undir stýri okkara, ið skal tryggja frælsi, trygd og trivnað. Vit bygdu landið í fornari tíð og skipaðu okkum við tingi, lógum, rættindum og skyldum. Vit hava hildið ting til henda dag og skipað okkum eftir tørvi okkara um landið alt. Føroyar hava í øldir samstarvað við onnur lond og ríki. Einki kann tó kvea sjálvræði landsins ella sjálvsavgerðarrætt okkara. Landsins egnu lógir eru einans tær, sum gjørdar eru á rættan hátt í landinum sjálvum eftir fólksins vilja. Føroyar verða skipaðar eftir nútíðar tørvi og eftir siðaarvi okkara við fólk- aræði, lógræði, rættindum og skyldum. Allar lógir og siðvenjur skulu virða hesa stjórnarskipan. Eingin lóg ella siðvenja má tí vera hildin at hava gildi, bara tí hon er eldri enn henda skipan ella hevur virkað í langa tíð.“ Í Stjórnlagaráði er rætt um að hafa sama háttinn á með því að hefja nýja stjórnarskrá á skýrri viljayfirlýsingu um, hvers konar land við viljum byggja.



Af þessu má ráða, að Færeyingar tóku alvarlega nauðsynina á að draga úr líkum þess, að efnahagur landsins hryn timer af völdum bresta í stjórnsýslunni.

Færeyingar tóku alvarlega nauðsynina á að draga úr líkum þess, að efnahagur landsins hryn timer af völdum bresta í stjórnsýslunni.

Fýsileg ákvæði

Nú hyggjast Færeyingar ganga skrefi lengra og setja sér nýja stjórnarskrá. Þar er að finna mörg fýsileg ákvæði. Um eignarrétt segir svo í færeysku stjórnarskrárdögum: „Allar ognir og øll rættindi eru vard fyrir ágangi.“ Þetta hlýtur að eiga að duga meðal annars til að girða fyrir, að búfjáreigendur beiti

landið antin krevja viðurlag ella tryggja øllum vinnurætt. (3) Margfeldið á landi og á havleiðum landsins, sum privat ekki eiga, er tilfeingi og ogn fólksins. (4) Landið tryggjar, at bæði almenna og privata tilfeingi landsins verður umsitid á sjálvberandi hátt við umsorgan fyrri umhvörvinum.“ Þetta þýðir, að þjóðin á auðlindirnar (grein 3) og tekur gjald fyrir afnot þeirra eða tryggir öllum jafnan aðgang að þeim (grein 2). Umgengni við auðlindir og umhverfi verður að vera sjálfbær (grein 4). Þessi texti er í góðu samræmi

Að flytja að heiman

Réttindi fatlaðra

Ingibjörg Raket Bragadóttir

sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks



Þegar ég flutti að heiman flutti ég í íbúð með annarri konu. Okkur dreymdi um að við mundum búa saman þangað til ég færi á elliheimili. En hún flutti og fór í sambýli.

Svo fékk ég aðra konu til að búa með mér en það gekk ekki upp. Nú bý ég ein í íbúð á elleftu hæð með fallettu útsýni.

Á fimmtudögum fæ ég aðstoð með matarinnkaup. Og um kvöldið kemur maður sem aðstoðar mig við matargerðina.

Mér finnst að við eigum að fá að ráða hvern við fáum inn á heimili okkar. Það er út af því að þeir sem sinna okkur senda bara fólk og okkur líkar kannski ekki við það.

Áður fyrr þá vann ég á vernduðum vinnustað bæði á Íslandi og í Danmörku. Í Danmörku var meira blandað á vinnustaðnum heldur en hér á Íslandi.

Ég fór út árið 1977 og var þar í fimmtán ár. Ég gæti hugsað mér að búa með annarri manneskju sem mér líkar við og mætti hafa val um að búa með.

Faðir minn var framsýnn maður. Löngu áður en farið var að tala um kjarnaíbúðir sá hann fyrir sér að framtíðin fyrir mig væri að búa í íbúð og fá notendavæna aðstoð. Ég er búin að sækja um kjarnaíbúð. Þá er fólk til staðar ef á þarf að halda.

ÆTLAR VELFERÐAR-STJÓRNIN AÐ RÁÐAST Á GAMLA FÓLKID OG ÖRYRKJANA?



Alþýðusamband Íslands skorar á þingmenn Samfylkingar og VG að hafna áformum ríkisstjórnarinnar um að skerða áunnin lífeyrisréttindi félagsmanna Alþýðusambandsins með sérstakri skattlagningu á hreina eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris. Fyrir liggur að réttindi þeirra opinberu starfsmanna, sem aðild eiga að LSR eða lífeyrissjóðum bæjarstarfsmanna, eru tryggð af ríki og sveitarfélögum

og því lendir þessi skattlagning einhliða á lífeyrisþegum á almenna markaðinum. Það skýtur skökku við að skattleggja einungis þá elli- og örorkulífeyrisþega sem minnst réttindi hafa. Þetta eru einkennileg vinnubrögð hjá ríkisstjórn sem kennir sig við velferð og hefur nýverið gefið fyrirheit um að jafna réttindi lífeyrisþega á almenna vinnumarkaðinum til samræmis við aðra hópa.



Alþýðusamband Íslands

Lager- hreinsun

Laugardaginn 4. júní
frá kl. 10-16

að Kletthálsi 5 · 110 Reykjavík
Allt að 90% afsláttur

Bílahreinsivörur allt að 80% afsláttur
Ferðavörur allt að 90% afsláttur
Ljós allt að 80% afsláttur
Aukahlutir allt að 90% afsláttur
Verkfæri allt að 80% afsláttur



Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

 **Stilling**

ÚTILÍF

KRAKKADAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NIKE, ADIDAS OG PUMA KRAKKAFATNAÐI UM HELGINA.

STERKUR OG ÞÆGILEGUR FATNAÐUR FYRIR FRÍSKA KRAKKA.



TILBOÐ 1.990 KR.
RUSSEL BARNABOLUR
Stærðir: 116-164
Almennt verð: 2.490 kr.



TILBOÐ 3.990 KR.
NIKE BARNABOLUR
Stærðir: 130-170
Almennt verð: 4.990 kr.



TILBOÐ 7.190 KR.
PUMA BARNAJAKKI
Stærðir: 128-164
Almennt verð: 8.990 kr.

PUMA



adidas



TILBOÐ 10.390 KR.
ADIDAS BARNAGALLI
Stærðir: 116-164
Almennt verð: 12.990 kr.



TILBOÐ 3.990 KR.
ADIDAS BARNABOLUR
Stærðir: 128-164
Almennt verð: 4.990 kr.



TILBOÐ 3.190 KR.
ADIDAS BARNABOLUR
Stærðir: 128-176
Almennt verð: 3.990 kr.



TILBOÐ 8.790 KR.
NIKE BARNAPEYSA
Stærðir: 130-170
Almennt verð: 10.990 kr.



TILBOÐ 3.190 KR.
PUMA BARNABOLUR
Stærðir: 128-164
Almennt verð: 3.990 kr.

TILBOÐ 3.190 KR.
BARNABUXUR
Stærðir: 110-170
Almennt verð: 3.990 kr.

TILBOÐ 7.190 KR.
ADIDAS BARNABUXUR
Stærðir: 128-164
Almennt verð: 8.990 kr.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Aðalsteinn Sigfús Árelíusson

frá Geldingsá á Svalbarðsströnd,

lést 28. maí. Útför hans fer fram frá Svalbarðskirkju mánudaginn 6. júní kl. 13.30.

Lára Kristín Sigfúsdóttir
Hafsteinn Sigfússon
Halldór Heiðberg Sigfússon
Sigrún Heiðdís Sigfúsdóttir
Sólveig Sigfúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hallgrímur Haraldsson
Eygló Kristjánsdóttir
María Guðrún Jónsdóttir
Valbjörn Óskar Þorsteinsson
Reynir Jónsson

tímamót

timamot@frettabladid.is



HENRY MANCINI tónskáld (1924-1994) lést þennan dag.
„Þegar ég hlýddi á tóna sem barn ákvað ég að komast að því hvernig þeir eru samansettir.“



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórhildur Halldórsdóttir

kennari,
Skeiðarvogi 125, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotssjúkustofu Landspítala 30. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholti kirkju miðvikudaginn 8. júní kl. 15.00.

Börn, tengdabörn og fjölskyldur þeirra.



EEKKI MIKIL AFMÆLISMANNESKJA Í SEINNI TÍÐ „Ég lít ekki á afmæli sem eina tækifærið til að halda upp á eitthvað,“ segir Guðrún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR LÆKNIR OG FYRRVERANDI ÞINGKONA: ER SJÖTUG

Nýtur þess að fá að eldast

Guðrún Agnarsdóttir læknir hefur alla tíð sinnt fjölbreytilegum störfum sem tekið hefur verið eftir. Sem sérfræðingur í veiru- og ónæmisfræði, sem alþingiskona fyrir Samtök um kvennalista og fyrir störf sín sem yfirlæknir Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Slys- og bráðamóttöku Landspítala í Fösvogi. Síðustu árin hefur hún sinnt starfi forstjóra Krabbameinsfélags Íslands og verið formaður stjórnar Almannaheilla en hún hefur nýlega látið af þeim störfum. Guðrún er sjötug í dag.

„Jú, ég er nýhætt að vinna og nýt þess að ráða yfir tíma mínum þó að mér hafi alla tíð þótt gaman að mæta í vinnuna,“ segir Guðrún, sem þykir það góð tilfinning að verða sjötug. „Það er dásamleg tilfinning að fá að vera lifandi, heilbrigð og fá að eldast. Það er nefnilega ekki alltaf þannig. Hvert ár er því í mínum huga ávinningur.“

Guðrún segist eiga skemmtilegar og hlýjar afmælisminningar frá því að hún var barn og man að sérstaklega þótti henni merkilegt að verða tíu ára. Afmæli hennar ber einnig upp á árstíma sem bauð upp á að hægt væri að leika sér úti, sumarið rétt að hefjast en afmælisingarnir voru hins vegar yfirleitt svo þuntuð að ekki var hægt að fara í hvaða leik sem var. Í ár kallar Guðrún saman nánustu fjölskyldu og vini í matarboð á heimili þeirra Guðrúnar og eiginmanns hennar, Helga Valdimarssonar, læknis og prófessors. Þau hjón eiga þrjú börn og Guðrún á tvo stjúpsyni en barnabörnin eru tólf.

„Þetta verður smátt í sniðum og notalegt en ég er reyndar mikið fyrir það að hitta fólk og gefa því gott að borða og vil hafa fjölskyldu og vini nærri mér. Í sjálfu sér finnst mér ég þó hafa minni áhuga á eigin afmæli eftir því sem ég eldist, ég held það sé ekki fælni því ég er ekki hrædd við að eldast. Ætli það sé ekki frekar að mér finnst svo mikilvægt að njóta hvers dags og grípa öll tækifæri til að gera sér glaðan dag að ég lít ekki á afmæli sem eina tækifærið til að halda upp á eitthvað.“

Eins og ævistarfið gefur til kynna á Guðrún mörg áhugamál en gjarnan má finna hana að störfum í garðinum á heimili hennar í Reykjavík eða þá í Svarfardalnum. Þar eru þau hjónin skógarbændur, en Guðrún hefur lokið skógræktarnámi. „Það líður að því að við förum norður og ég vona bara að allir skaflar séu bráðnaðir svo við getum farið að gróðursetja. Um helgina fer ég svo að huga að því að setja niður kryddjurtir og grænmeti. Þetta er yndislegur árstími og ég nýt þess að fylgjast með fuglunum annast sársvanga tístandi unga í hverju hreiðri.“

juliam@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gunnfríðar Ásu Ólafsdóttur, Lóló,
Hrafnistu í Reykjavík, áður Lindarbraut 2 á Seltjarnarnesi,

sem lést föstudaginn 6. maí s.l. Sérstakar þakkir til starfsfélks deildar 4G á Hrafnistu í Reykjavík.

Ólafía I. Gísladóttir Ari Jónsson
Auðun Pétur Gíslason
Viggó Kristinn Gíslason
barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Oddgeir H. Steinþórsson

húsasmíðameistari, Lyngbergi 8, Þorlákshöfn,

lést þriðjudaginn 31. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda, Ingibjörg Sólrún Guðmundsdóttir.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Kjarval

Sérstakar þakkir til þeirra er önnuðust hana á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Hrafnhildur Tove Kjarval Robin Lökken
Jóhannes S. Kjarval Gerður Helgadóttir
Kolbrún S. Kjarval
Ingimundur S. Kjarval Temma Bell
María S. Kjarval Nielsker Hald



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Konráð Páll Ólafsson

Asparási 2, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 25. maí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 3. júní kl. 15.00.

Ingigerður St. Óskarsdóttir Teresita Ragmat
Guðjón Árni Konráðsson August Hákansson
Jóna Ósk Konráðsdóttir Krittiya Huadchai
Guðmundur Kr. Konráðsson Konráðsson

barnabörn og langafabörn



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir og afi

Maríus Guðmundsson

Fornhaga 17,

lést á dvalarheimilinu Grund 30. maí.

Ingibjörg Maríusdóttir Haraldur Benediktsson
Guðmundur St. Maríusson Guðný Pétursdóttir
Guðrún Rós Maríusdóttir Helgi Leifur Prastarson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Valgerður Gísladóttir

frá Hjaltastaðahvammi,

lést mánudaginn 30. maí síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 9. júní nk. kl. 15.00. Sérstakar þakkir eru færðar hjúkrunarfólki deildar 2b Hrafnistu í Hafnarfirði.

Fyrir hönd ættingja, Jón K. Björnsson Ragnheiður Brynjólfssdóttir
Baldur Jónsson
Gísli Rúnar Jónsson Guðný Gunnarsdóttir
Björn Jónsson



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Innilegar þakkir til ykkar allra sem auðsýnduð okkur samúð og vinarbug við fráfall og útför eiginmanns míns, föður, tengdafaður og afa

Erlings Edwald

lyfjafræðings.

Jóhanna Edwald Erla Erlingsdóttir
Tryggvi Edwald Sigurður Egill Guttormsson
Sigrún Edwald Þórunn Pálsdóttir
Ari Edwald Ármann H. Þorvaldsson
Þórdís Edwald og afabörnin



90 ára afmæli

Sigríður Bárðardóttir

frá Jarðlungsstöðum

verður níræð þann 3. júní og af því tilefni er öllum vinum, nágrönnum og skyldfólki boðið til veislu að Suðurlandsbraut 4, þann sama dag og stendur gleðin frá kl. 17 og fram eftir kvöldi.



Lily Allen og systir hennar, Sarah Owen, hafa kynnt fatalínu sína sem verður til sölu í fataverslun þeirra, Lucy in Disguise. Fötin vísa í gamla tíma enda eru gömul fót þema verslunarinnar.

NÝKOMINN OG ÆDISLEGUR



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

teg CHIC - mjög fínlegur og fallegur push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-



Eirberg

Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 - 18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR SUMARSKÓR Í ÚRVALI

KOMDU OG LÁTTU FÆTUR ÞÍNA NJÓTA ÞESS BESTA.



KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANIFAKTUR

Vertu vinur okkur á facebook

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

María Nielsen er nemi á öðru ári í kjólasaum í Fataiðndeild Tækniskólans í Reykjavík.

Hriffin af kjólum frá 6. áratugnum

Fatnaður gamla stjarna á við Jacqueline Kennedy Onassis og Audrey Hepburn höfða mjög til mín. Tímabilið milli 1950 og 1960 er mér innblástur og ég er hriffin af klæðskerasaumum fötum frá þessum tíma," segir María Nielsen.

María er nemi á öðru ári í kjólasaum í Fataiðndeild Tækniskólans í Reykjavík en þar sem hún er námsmaður bætir hún við að staðan í dag sé ekki sú að hún fjárfesti í dýrum fatnaði. Í framtíðinni vilji hún þó leggja meira upp úr dýrari og vönduðum fötum sem hún getur þá átt lengi.

Á myndinni klæðist María svörtum kjól sem hún keypti í Rauða kross búðinni, jakka úr H&M, skóm úr Friis & co og

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýir svefnsófar - margar gerðir



Frá 269.900,-



329.900,-



149.900,-

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is



199.900,-



Tilboð 127.425,-



59.900,-

Svefn & heilsa





Listaháskólinn í Edinborg er fyrsti tískuskólinn í Bretlandi sem notar gínur í yfirstærð til að þjálfa fatahönnuði framtíðar. Aukin áhersla er nú víðar á að fatahönnuðir hanni með venjulegar og íturvaxnar konur í huga.

Framhald af forsiðu sokkabuxum úr Stellu en kjólinn minnti Mariu einmitt á Audrey. María segist alltaf hafa haft áhuga á tísku og byrjaði að sauma í menntaskóla. „Ég útskrifast sem sveinn í kjólasaum næsta vor en ég ákvað að taka þetta nám sem ákveðinn



grunn áður en ég færi í nám í fatahönnun. Ég er ekki búin að ákveða hvert ég fer en líklega til Englands. Margir helstu tískuhönnuðir heims hafa grunn í verklegu námi og ég sá fyrir mér að námið gæti nýst mér vel en næsta haust fer ég í starfsnám til Bruuns Bazaar í Kaupmannahöfn.“

Juliam@frettabladid.is



Sumarlegur flauelskjóll frá Skugga Donna.



Kjóll eftir Rakei Sólrós.

MYND/ERLA GÍSLADÓTTIR



Peysa eða kjóll frá Another Scorpion.

MYND/ERLA GÍSLADÓTTIR



Pils og toppur frá Alltalk.

MYND/ERLA GÍSLADÓTTIR

Hönnuðirnir, sem framleiða öll fötin sjálfir, tóku rýmið nýlega í gegn og komu upp vinnustofu í versluninni. „Við skiptumst á að vera í búðinni og sá sem er hérna hverju sinni vinnur þá hér á vinnustofunni. Við erum hvert með okkar eigin stíl og fjöldaframleiðum ekki neitt. Hér er að finna peysur, kjóla, barnaföt og skartgrip og einnig herra-föt. Þau stoppa alltaf stutt við,“ segir Linda. „Nú erum við að hengja upp nýjar flíkur fyrir sumar- ið. Leynibúðin er komin til að vera.“ heida@frettabladid.is

Leynibúð á Laugavegi

Verslunin Collective of Young Designers eða Leynibúðin átti upphaflega að vera sumarævintýri þriggja ungra fatahönnuða. Hún hefur nú fest sig í sessi sem ein af skemmtilegustu verslunum miðbæjarins.



Leynibúðin er komin til að vera segir Linda Ósk Guðmundsdóttir, einn eigenda Collective of Young Designers. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við opnuðum búðina í maí í fyrra og ætluðum að bara að hafa opið í þrjú mánuði. Nú er komið heilt ár og við ætlum að halda áfram,“ segir Linda Ósk Guðmundsdóttir, einn þeirra hönnuða sem reka verslunina Collective of Young Designers á Laugavegi 21.

„Ferðamennirnir voru duglegir að koma og nú eru Íslendingarnir líka búnir að uppgötva búðina. Það er bara fínt að gera hjá okkur,“ segir Linda, en verslunin, sem er í litlum kjallara, er gjarnan kölluð Leynibúðin. „Það sögðu svo margir sem komu hingað inn að þetta væri algjör leynibúð, falin ofan í kjallara, og það festist við.“

Í upphafi stóðu þrjú hönnuðir að búðinni en í dag eru þeir orðnir tíu.

SUMAR 8



Hálf fæði og allar skoðunarferðir innifaldar

Hafblær við Eystrasalt

11. - 18. ágúst

Ströndin við Eystrasaltið er einstök og fegurðin óviðjafnanleg. Eyjarnar Rügen og Usedom með sandsteinaklettum og strandmenningararkitektúr 19. aldarinnar voru lokaðar inn í Austur-Þýskalandi þar til jarntjaldið féll fyrir 20 árum. Nú hafa þær náð sínum upprunalega ljóma og eru meðal fallegustu ferðamannastaða í Þýskalandi.

Ferðin hefst á flugi til Berlínar og ökum svo í átt að Eystrasaltinu þar sem við gistum í 3 nætur í bænum Ueckermünde. Njótum strandmenningar í anda Vilhjálms keisara og förum í dagsferð til Svinoujscie og nágrennis í Póllandi. Seinni hluta ferðarinnar verður dvalið í Stralsund, fallegri borg með heildstæðan miðaldablæ sem á sér sögu samofna veldi Hansakaupmanna. Heimsækjum drottningu Hansaborganna, Lübeck, skoðum fræga borgarhlíðið, förum á safn og smökkum á marsipani sem borgin er fræg fyrir. Skoðum Königsstuhl, undurfagurt klettabelti á eyjunni Rügen, veiðihöllina Göhren og Prora oflofsbúðirnar sem nasistar létu byggja fyrir 20.000 manns á fegurstu strönd eyjunnar. Ferðinni lýkur með skoðunarferð í Berlín áður en flogið er heim á leið.

Fararstjóri: Kristín Jóhannsdóttir

Verð: 160.950 kr. á mann í tvíþýli

Innifalið: Flug, skattar, hótलगisting, hálf fæði, allar skoðunarferðir með rútu og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR



www.baendaferdir.is

s: 570 2790



ferðapjónusta bænda



Hlýrabolur 1.490
Blúndubolur 1.990
Hálsmen 2.990



Hlýrabolur 3.450
Blúndubolur 2.990
Peysa (margir litir) 4.990
Hálsmen 1.790



Toppur 7.990
Hálsmen 2.990



Teygjutoppur m/blúndu 1.990
Skyrta 8.450

SOHO MARKET

Opið Uppst.dag frá 12 - 17
Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán-fös 12-18 og laugd 12-17

SOHO/MARKET
Á FACEBOOK



OASIS

25%
afsláttur af
öllum kjólum
um helgina

OASIS

Kringlan / Smáralind / Debenhams

Fyrirtækið Airbus hefur í hyggju að framleiða í framtíðinni þúsund farþega flugvélar. Þó er eitthvað í að sá draumur verði að veruleika, þar sem nóg er að gera hjá starfsmönnum við smíði á Airbus A380 sem tekur allt að 538 farþega. Nánar á turisti.is



Á FERÐINNI



Jón Rúnar Sigurðsson segir velgengni staðarins byggjast á góðri hugmynd.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Ásgeir Már Björnsson segir að tilnefningin hafi aukið vinsældir staðarins.

Íslenskir veitingamenn vinsælir í Danmörku

Danski veitingastaðurinn Kung fu 2 Izakaya bar í Kaupmannahöfn hefur verið tilnefndur sem besti nýi veitingastaðurinn og besti nýi barinn. Yfirkokkurinn og yfirkokkteilþjónninn á staðnum eru íslenskir.

Danski veitingastaðurinn Kung fu 2 Izakaya bar í Kaupmannahöfn er tilnefndur sem besti nýi veitingastaðurinn og besti nýi barinn af vefsíðunni Alt om København, www.aok.dk. Yfirmennirnir eru báðir íslenskir. Heimasiðan, www.aok.dk, er virt á meðal Dana, sem nota hana mikið til að finna veitingar og afþreyingu. Árlega er efnt til vinsældakosninga í fjölda málaflokka á síðunni. Í ár er koskið á milli fimm atriða í 24 flokkum. Niðurstöður liggja fyrir í lok júní.

Kung fu 2 Izakaya bar er, eins og nafnið ber með sér, annar staðurinn sem er opnaður undir heitinu Kung fu. Staðurinn var opnaður í mars og boðið er upp á japanska rétti. „Maturinn byggist upp á asískum tapasréttum. Við erum með mikið af smáréttum í munnbitastærð,“ segir Jón Rúnar Sigurðsson, yfirkokkur á Kung fu 2, sem ekki hafði sérhæft sig í asískum réttum áður en hann byrjaði á staðnum. „Mér fannst spennandi að pruófa eitthvað nýtt. Eg ákvað bara að stökkva í djúpu laugina og takast á við þetta.“

Ásgeir Már Björnsson kokkteilbarþjónn er yfir Izakaya bar. „Aðaláherslan er á japanskt hráefni og japanska hefð fyrir kokkteilum. Þetta er samt nokkuð skandinavískt skotið,“ segir Ásgeir og bætir við að klassískir kokkteilar séu hefðin



Aðaláherslan á Kung fu 2 Izakaya bar er á japanskt hráefni.

í Japan. „Ég fæ japanskt hráefni í hendurnar og reyni að útfæra það á minn eigin hátt.“

Jón Rúnar tengir velgengni staðarins ekki við þjóðerni yfirmannanna tveggja. „Þetta byggist allt á góðri hugmynd eigendanna. Fólk virðist vera tilbúið að borða þennan mat,“ upplýsir Jón Rúnar og Ásgeir tekur orðið: „Það vita samt flestir að ég er Íslendingur því ég er svo

lélegur í dönsku að það þýðir ekkert að halda því leyndu,“ segir Ásgeir glettinn.

En hefur tilnefningin aukið vinsældir staðarins? „Já, heldur betur,“ segir Ásgeir og bætir við að gamli staðurinn hafi líka verið tilnefndur á sínum tíma. Jón Rúnar tekur undir með félaganum og segir að fólki finnist gaman að sjá tilnefnda staði. martaf@frettabladid.is



Spennandi borgir i beinu flugi í sumar og haust

Tallinn

16.-24. júlí frá Keflavík Miðaldaborg frá 11. öld.

Ein allra fallegasta borg Evrópu, Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og að borða. Borgin er á minjaskrá Unesco og er ein best varðveittasta miðaldaborg í Evrópu. Úrval skoðunarferða innan sem utan borgar. Verð 78.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótél með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Zagreb

5.-9. október frá Keflavík Hin forna borg



Zagreb er ægi fögur borg sem rekur upphaf sitt til ársins 1094. Röltu um einhverja þeirra fögru almenningagarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar mörgu óteljandi fallegu byggingar sem þróa borgina, listaverkin, söfnin,

kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótstíga.

Spennandi skoðunarferðir í boði. Verð 89.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótél með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Riga

12.-16. og 19.-23. október frá Keflavík og Akureyri



Gamli tíminn og nýi mæstast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Estrasaltið.

Gamli bærinn er frá 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Riga, kirkja ST Peters' s og Dómkirkjan. Gamli bærinn er virkilegt augnayndi og setur borgina á stall með fallettri borgum í Evrópu. Úrval skoðunarferða í boði.

Verð 93.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótél með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.



Trans-Atlantic
Sími 588 8900




www.transatlantic.is



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á sumarönn stendur til 3. júní á slóðinni www.fa.is/fjarnam



Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

Loksins komnir !
 Haldararnir sem lækna mæla með.
 Verð 6.990 kr




Ynja
 UNDRIFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



MARKÍSUR

Frábær lausn til að auka skjól fyrir regni og vindi. Hentugt á svalirnar, veröndina og fyrir veitingarstaði. Sér merkjum einnig og sérútbúum fyrir fyrirtæki.



Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300,
 www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

Brúðkaupsakstur

Silfur pakinn: 1,5 klst verð 19.980Kr
 Gull pakinn: 3,5 klst verð 33.500Kr



ÍCELIMO
 Lúxusbílaþjónusta
 www.icelimo.is

Bókun í síma
 847-3883

ARBÆIAR ÞREK LÍKAMSRÆKT

Höfum sali til leigu. Einnig tækjasal

Upplýsingar í síma 8615718 eða á threk@threk.is

Sjóstöng - grill og fuglaskoðun!



Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr á hársnyrti-stofunni Texture fá frítt í fuglaskoðunarferð.
 Nánari uppl. í 865 6200

GRÁFARVOGS FERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- O.fl.

Gylfafiöt 3 Grafarvogi
 Sími 567 4468
 dekk@gummisteypa.is

Rafstilling ehf.

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala
 hröð og góð þjónusta
 Dugguvogi 23 - s: 5814991
 rafstilling@rafstilling.is

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
 TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
 ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



FOSSALEYNI 16 • GRÁFARVOGI
 WWW.BIFREIDAVEKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað

553 5050

Allir bílar með þossu



SENDIBÍLASTÖÐIN H.F.
 Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
 www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

BROTAFL STEINSÖGUN - BORUN - BROT

- Steypusögum
- Kjarnaborun
- Múrbrót
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

Brot afl ehf
 Símar 894 8040
 894 8044
 Fax 565 0050
 Netfang: brotafl@simnet.is

BAKKMYNDAVÉLAR



Verð frá kr. 11.367

Daivegi 16b s:554-2727
Hugna.is Sjá nánar á www.hugna.is

Smart motion running

Hlaupastíls námskeið
 Léttari hlaupatækni

Hlaupanámskeið
 5km, 10km, 21km

www.smartmotion.is | info@smartmotion.is

Fyrir skip og báta - Tæki til makrílveiða



Frábær búnaður á góðu verði
 Elcon ehf • sími 552 9510 • elcon@simnet.is

IVECO

Viðgerðar- og varahlutabjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Áhella 4 • Vagnhöfða 5

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR



Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripánámskeið.
 Mikio úrval af skartgripaefni, gott verð.
 Allt til glervinnslu og leirvinnslu.

GLIT
 Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
 www.glit.is

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
 BREMSUKLOSSAR
 SPINDILKÚLUR
 ALLAR PERUR

HJÓLBARDAPJÓNUSTA
 RAFGEYMAPIJÓNUSTA
 OLÍS SMURSTÖÐ
 BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAPJÓNUSTA SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066



XPRENT -merkir allt!

Sólarfilmur og sandblástursfilmur

www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

Hleðslugrjót og garðamold

Til sölu:

- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
 s. 545 1805

VERKTAKAR MAGNI



Kress 108 AS-2 1.3 Set L 10,8 Volt / 1,3 Ah Li-Ion
 2 hraðar 0-450 og 0-1350 10 mm QuiXS rapid-action patróna
 Hleðslutæki, 2 raffhlöður, taska, vinkildrif og vinnuljós fylgja
 Tilboðsverð Kr. 39.720

Asborg
 vélavérfæri

Smiðjuvegi 11 Gul gata Kópavogi sími 5641212

Alhliða hreingerningarpjónusta
 Teppahreinsun • bónþjónusta • flutningsþrif

Þrif & þvottur

Þrif og þvottur ehf • Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611

www.gottverk.is • **GOTTVERK EHF**

ALHLIÐA GARÐAPJÓNUSTA OG LÓÐAFRÁGANGUR.
 GERUM FÖST VERÐTILBOÐ!

HELLULAGNIR • HLEÐSLUVEGGIR • ÞÖKULAGNIR
 SLÁTTUR • KLIPPING • HREINSUN • JARÐVEGSSKIPTI

FREKARI UPPLÝSINGAR Í S. 897 3057 OG Á WWW.GOTTVERK.IS

ALPAR TRÉSMÍÐI

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.

20 ÁRA REYNSLA.
 TILBOÐ/TÍMAVINNA

UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
 ALPARSLF@HOTMAIL.COM

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
 ÞAREFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
 Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Abmælisveislan er hafin

ENSKI STÖÐ
LÍÐIN HITA UPP
FYRIR VETURINN

FRÁ 203 KR. Á DAG
FÆRÐU STÖÐ 2 SPORT, GOLF
CHANNEL, PLÚS- OG HLIDAR-
RÁSIR FYLGJA.

FRÁ 199 KR. Á DAG
FÆRÐU STÖÐ 2 SPORT 2,
MAN UTD TV, LIVERPOOL TV,
CHELSEA TV OG
HLIDARRÁSIR FYLGJA.

VÁLTOR
BIKARINUM

FORMÚLA 1

ÚRSLITAKEPPNI NBA
HVERJIR VERÐA MEISTARAR Í ÁR?

COPA AMERICA
FÓTBOLTAVEISLA Á SPORT 2 Í JÚLÍ

SUMARMÓTIN

TAKTU ÞÁTT Í FJÖRINU

S-AMÉRÍKA LOGAR Í COPA AMERICA, ÚRSLITIN
RÁÐAST Í NBA, FORMÚLAN BRUNAR ÁFRAM OG
PEPSI-DEILDIN TEKUR SÉR EKKERT FRÍ. SVO ER ÞAÐ
GOLFÍÐ, MEISTARAEILDIN OG ALLT HITT.

ÞAÐ ER ENGIN ÁSTÆÐA TIL AÐ MISSA AF
SJÓÐHEITU SPORTI Í SUMAR..

MEISTARAEILDIN
HEFST Í ÁGÚST

GOLF

STÖÐ 2 VILD

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT
+ 5% STÖÐ 2 PUNKTA AFSLÁTTUR

ÞÚ SAFNAR ALLT AÐ 1.280
STÖÐVAR 2 PUNKTUM Á MÁN.

VILD
Allt fyrir áskrifendur

HORFÐU HVAR SEM ER
HVENÆR SEM ER

FÆRÐU ÁSKRIFTINA Í BÚSTAÐINN Á 0 KR.
HELGARÁSKRIFT Í BÚSTAÐINN Á AÐEINS 1.990 KR.

STÖÐ 2 PLÚS OG STÖÐ 2 FRELSI Á VOD FYLGIR.

PEPSI-DEILDIN

ÞAÐ ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Fantasía hjá Gerplu

Íþróttafélagið Gerpla fagnar stórafmæli dagana 3. og 4. júní, en þá verða fjórutíu ár liðin frá stofnun félagsins. Árleg vörðun sýning félagsins fer því fram í Íþróttamiðstöð Gerplu að Versölum 3 í Kópavogi um helgina, þar sem heimur fimleikanna verður samtvinnnaður leiklistinni. Sýningin ber yfirskriftina Fantasía og má búast við stóru ævintýri hjá fimleikafélaginu. Sýningar Gerplu hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár og mun félagið því bjóða upp á

fjórar sýningar, eina á föstudag og þrjár á laugardag. Sýningin hefst klukkan 16.30 á föstudag en klukkan 10, 12.30 og 15 á laugardag. Miðasala fer fram í húsakynnum Gerplu að Versölum 3, en miðinn kostar 500 krónur óháð aldri.

GERPLA Í 40 ÁR Ævintýrleg stemning verður á vörðuningu félagsins um helgina.



MOZART Íslenska óperan leitar að ungum söngvörum til að syngja í Töfraflautunni eftir meistara Mozart.

Leitað að söng-elskum börnum

Íslenska óperan efnir til prufusöngs á fimmtudaginn 9. júní fyrir þrjú hlutverk í Töfraflautunni eftir Mozart, sem verður frumsýnd í Hörpu í haust. Leitað er að ungum drengjum eða stúlkum með góðar bjartar sópranraddir fyrir hlutverk „dregjanna þriggja“ sem koma töluvert við sögu í óperunni.

Aldurstakmark er tíu ár og þá þykir æskilegt að börnin hafi einhverja reynslu í söng og leiklist. Umsækjendur þurfa að syngja lag að eigin vali, auk þess sem æskilegt er að þeir syngi líka upphaf síðari Finale úr Töfraflautunni.

Prufusöngurinn fer fram í Hörpu en áhugasamir skulu hafa samband við skrifstofu Íslensku óperunnar eða senda upplýsingar á virpi@opera.is

Nánar upplýsingar má finna á www.opera.is.



SPRÆKAR STELPUR Í aftari röð eru Ragnheiður Þorsteinsdóttir, Margrét María Ágústadóttir og Rannveig Björgvinsdóttir og í þeirri fremri eru Rakel Birta og Tinna Sóley Hafliðadóttir. MYND/STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR

Yngismeyjar taka höndum saman

Nokkrar yngismeyjar á Egilsstöðum þreyttu nýlega áheita-hlaup á Vilhjálmssvelli til styrktar Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna/ UNICEF á Íslandi. Einnig gengu þær í hús í grennd við heimili sín og söfnuðu fé til styrktar samtökunum, samtals 4.822 krónum sem gjaldkeri Arion banka lagði inn á reikning UNICEF.

Stúlkurnar eru í 3. bekk í Egilsstaðaskóla, nema sú yngsta sem er í 1. bekk. Þetta var sameiginlegt átak þeirra til góðra verka áður en þær hlaupa kátar út í sumaríð.



NYR STADUR

Saffran Express í **NI** Ártúnshöfða

Fljótlegt,
ferskt og
framandi


Spennandi
nýjungar
á matseðli

SAFFRAN EXPRESS

Sunnudaga til miðvikudaga
opið frá kl. 11-23

Fimmtudaga til laugardaga
opið allan sólarhringinn

krossgáta



LÁRÉTT

2. skyldi, 6. verkfæri, 8. saur, 9. fjallaskarð, 11. tveir eins, 12. dútl, 14. drykkjarilát, 16. málmur, 17. vafi, 18. mar, 20. persónufornafn, 21. treysta.

LÓÐRÉTT

1. hluta sólarhrings, 3. tveir eins, 4. reiðufé, 5. svelg, 7. litaskipti, 10. slit, 13. atvikast, 15. göngulag, 16. hylli, 19. óreiða.

16. ást, 19. rú.
LÓÐRÉTT: 1. dags, 3. tt, 4. lausafé, 5. íou, 7. litblær, 10. lú, 13. ske, 15. rígs,

LÁRÉTT: 2. ætli, 6. al, 8. tað, 9. gill, 11. uu, 12. stúss, 14. bikar, 16. ál, 17. efi, 18. sær, 20. ég, 21. trúa.

LAUSN

Margrét Erla Maack

er fjölmiðlakona, uppstandari og magadanskennari.

Hún hefur þó enn ekki ákveðið hvað hún vill verða þegar hún er orðin stærri.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Kæra 7 ára barn, hertu þig

BAKPANKAR
Sigríðar
Viðis
Jónsdóttur

Hvernig varð það að viðtekinni hugmynd að börn sem hafa áhuga á að stunda íþróttir stefni almennt á að verða afreksíþróttafólk eða atvinnumenn? Þau skuli öll skara fram úr – með góðu eða illu.

HREYFING er fyrir öllu. Kannski sérstaklega í ljósi þess að fimmta hvert barn á Íslandi mælist yfir kjörþyngd og fimmm prósent barna of feit. Við eigum mikið af frábærum kornungum íþróttabörnum – en það þurfa ekki allir krakkar að verða afreksmenn. Við myndum aldrei gera þá kröfu á alla fullorðna sem vilja hreyfa sig.

ÉG var barn sem hafði gaman af íþróttum. Ég endaði hins vegar með að ráfa kófsveitt á milli greina af því að ég meikaði ekki hvað allir voru æstir í að láta mig taka þetta grafalvarlega. Ég var til dæmis ekki búin að æfa körfubolta nema í stutta stund, ellefu ára, þegar mér var uppálagt að taka þátt í móti. Ég varð mjög stressuð þar sem ég kunnist enn varla reglurnar. Hafði fyrst og fremst byrjað að æfa því þarna voru skemmtilegir krakkar. Mótið fór með mig. Ég steig ofan á tærnar á stelpu sem brjálaðist. Fékk sjálf boltann í hausinn og fannst ég glötuð. Tórði út

veturinn, hætti síðan. Áður hafði ég farið á sundæfingu en séð að ég hafði ekki roð við afreksfólkinn þar. Bekkjafélagarnir voru allir farnir að æfa fimm daga í viku þegar ég loks rankaði við mér. Of gömul. Kornung.

BRÓÐIR minn æfði fótbolta og ég man vel eftir sumrinu þegar hann var fjórtán ára. Hann gat ekki farið í sumarfrí með okkur því hann þurfti að mæta á stífar æfingar. Litlu seinna fór ég sjálf að æfa karate. Þegar kom að prófi númer þrjú, rauða beltinu, hætti ég. Glopnaði því þó aldrei út úr mér að mig hefði bara langað að læra sjálfsvörn í friði.

ÉG fann mig í samkvæmisdans. Adam var þó ekki lengi í paradís. Í bænum mínum voru nánast engir strákar að æfa dans og í níunda bekk mátti ég ekki lengur keppa á mótum og dansa við stelpu. Ég var ókeppnisfær. Skilaboðin voru að þar með væri botninn dottinn úr þessu sprikli mínu. Takk og bless.

ÉG lærði líka á píanó og ekki er minni afreksáhersla þar. Eftir sex ára nám var ég komin með upp í kok af skólum, prófum og stigsprófum. Keppnisskapið hjá mér kom ekki fyrir en síðar. Ég held að þegar ég var barn hafi mig bara langað að fá að vera barn. Hlaupa, sprikla, spila af fingrum fram – og hafa það gaman.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOLUM



OPIÐ Í DAG, UPPSTIGNINGARDAG!



Verð með
20% afslætti
kr. 2.076

NÁTTFÖT,
fyrir börn
Outlet verð kr. 2.595



Verð með
20% afslætti
kr. 1.596

T-BOLIR,
fyrir dömur
Outlet verð kr. 1.995



Verð með
20% afslætti
kr. 1.596

T-BOLIR,
f/dömur
Outlet verð kr. 1.995



Verð með
20% afslætti
kr. 1.596

T-BOLIR,
f/herra
Outlet verð kr. 1.995



Verð með
20% afslætti
kr. 1.996

T-BOLIR,
f/herra
Outlet verð kr. 2.495



Verð með
20% afslætti
kr. 1.596

T-BOLIR,
f/herra
Outlet verð kr. 1.995

Girnilegasti lagermarkaður landsins!

KORPU **OUTLET**



Verið með í leiknum á Facebook, flottir vinningar!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



! KLUKKAN 21.00 Pascal Pinon og Eldberg koma fram á fjórðu tónleikum í „Rafmagnslaust á Norður-pólnum“ í kvöld. Húsið opnar kl. 20.30. Tónleikar hefjast kl. 21. Aðgangseyrir er 1.500 krónur við hurð.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 02. júní 2011

→ Tónleikar

20.00 Hljómsveitin **Varsjárbanda-lagið** spilar á tónleikum í **Bæjarbíói** kl. 20 í kvöld. Tónleikarnir eru liður í dag-skrá Bjartra daga í Hafnarfirði. Aðgangur ókeypis.

22.00 **Celestine** heldur styrktar-tónleika á **Faktory** í kvöld. Aðrar rokk-sveitir munu einnig koma fram. Húsið opnar kl. 21 og tónleikarnir hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

→ Hönnun og tíska

16.00 **Hjálpræðisherinn** verður með tiskusýningu á **Austurveili** í dag kl. 16 til styrktar góðu málefni. Þar koma fram þjóðþekktir einstaklingar á borð við Jón Gnarr og Steinda Jr.

→ Tónlist

21.00 Þrettán laga **söngleikjatonlist** um samskipti kynjanna verður flutt á skemmtistaðnum **Sódoma** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Aðgangseyrir er 1000 krónur.



KAJSA INGEMARSSON Segir að skrifit séu eins og fiskveiðar. „Í fyrstu bókunum þarf maður ekki að fara langt frá landi, grunn-sævið er krökkt af hugmyndum. En með hverri nýrri bók þarf að róa lengra eftir hugmyndum, á fjarlægari og dýpri mið.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

METSÖLULISTI EYMUDDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUDDSSON UM LAND ALLT

25.05.11 - 31.05.11

1 Rosabaugur yfir Íslandi Björn Bjarnason	2 10 árum yngri á 10 vikum Þorbjörg Hafsteinsdóttir
3 Handbók um íslensku Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.	4 Bankastræti núll Einar Már Guðmundsson
5 Líttara og betra líf Lena Hansson	6 Ég man þig - kilja Yrsa Sigurðardóttir
7 Sumardauðinn - kilja Mons Kallentoft	8 Engan þarf að öfunda Barbara Demick
9 25 gönguleiðir á Hvalfjarðarsv. Reynir Ingibjartsson	10 Hreinsun Sofi Oksanen

Eins og að róa til fiskjar

Sænski metsöluhöfundurinn **Kajsa Ingemarsson** verður gestur á höfundakvöldi Norræna hússins í kvöld. **Kajsa** hefur verið óhrædd við að breyta um stefnu í lífinu og starfaði hjá sænsku öryggis-lögreglunni og var vinsæl sjónvarpskona áður en hún lagði ritstörfin fyrir sig.

Leið Kajsu Ingemarsson í stétt rit-höfunda var harla óvenjuleg. Hún nam rússnesku, pólsku og stjórnmálafræði í háskóla, starfaði við þýðingar hjá sænsku öryggis-lögreglunni og ætlaði að hasla sér völl sem embættismaður í utanríkis-þjónustunni. Leið hennar lá hins vegar óvænt í útvarp og sjónvarp. „Vinir mínir sem stjórnuðu mjög vinsælum gamanþætti í útvarpi voru að búa til nýjan þátt. Á þeim tíma var mikill skortur á konum í skemmtiþáttum og þegar þeir leit-uðu til mín fannst mér ég ekki geta annað en slegið til.“

Kajsa byrjaði sem handrits-höfundur í þættinum, lék síðar í honum og varð að lokum kynnr hans. Þaðan lá leið hennar í sjón-varp og varð hún brátt afar vinsæl í Svíþjóð.

„Ég var í sjónvarpi og útvarpi í nokkur ár og það gekk mjög vel. Gallinn við að vera verktaki í skemmtanabransanum er sá að maður er alltaf háður eftirspurn og verður að taka þeim verkefnum sem bjóðast. Fyrir vikið missir maður smám saman sjónar á því sem maður sjálfur vill. Á endanum

ALLT Á FLOTI

Nýjasta skáldsaga Kajsu Ingemarsson, **Allt á floti**, kom út í íslenskri þýðingu í gær. Bókin fjallar um metsöluhöfundinn **Stellu Friberg**, sem skrifar vinsælar glæpasögur sem fá þó jafnan afleiða dóma.

Bókinni hefur verið lýst sem háðsádeilu á yfirborðsmennsku útgáfubransans og meinfyndinni lýsingu á raunum rithöfunda. Kajsa dregur ekki dul á að ýmislegt í bókinni sé sótt í hennar eigin reynslusarp.

„Ég skrúfaði hlutina auðvitað aðeins upp til gamans,“ segir hún, „enda var mjög gaman að skrifa þessa bók. Ég veit ekki hvernig því er háttáð á Íslandi en undanfarnir tíu til fimmtán ár hefur verið aukin krafa á rithöfunda í Svíþjóð að vera líka í hlutverki skemmtikrafta, sem koma fram í sjónvarpi að hafa ofan af fólki með gamansögum af sjálfum sér. Þetta er dálítið ein-kennileg tilhugsun, því góður rithöfundur er ekkert endilega góður skemmti-kraftur. Frábær rithöfundur getur verið feiminn og óframfærinn. En fyrir slíka höfunda er sífellt minna pláss. Það sem menn hafa raunverulega fram að færa er að verða aukaatriði.“

spurði ég mig að því hvað ég vildi helst af öllu gera. Annað hvort vildi ég stjórna eigin sjónvarpsþætti eða skrifa bók. Og ég valdi seinni kostinn.“

Fyrsta bók Kajsu, **Pá det fjärde** ska det sket, kom út 2002 og var nógu vel tekið til að hún gæti gert skriftirnar að aðalstarfi. Hún sló rækilega í gegn með þriðju skáld-sögu sinni, sem kom út á íslensku undir nafninu **Sítrónur og saffran**. Alls hefur hún skrifað sjö skáldsögur, eitt ritgerðasafn og eina sjálfs-hjálparbók. Rithöfundarstarfið er því þriðji starfsferill Kajsu.

„Ég trúir því að maður eigi að grípa þau tækifæri sem höfða til manns. Ég tel að okkur sé stýrt að einhverju leyti í gegnum lífið; ég veit ekki af hverjum en við eigum að reyna að koma auga á vísbend-ingarnar sem leiða okkur áfram á þann áfangastað sem okkur er ætlaður.“

Hún segist ekki viss um hvort hún eigi eftir að skrifa bækur

það sem eftir er eða snúa sér að einhverju öðru.

„Ég er með margar óskrifaðar bækur í huganum en veit aftur á móti ekki hvort mér endist orkan til að skrifa þær. Að skrifa er dálítið eins og að róa til fiskjar; í fyrstu bókunum þarf maður ekki að fara langt frá landi, grunn-sævið er krökkt af hugmyndum. En með hverri nýrri bók þarf að róa lengra eftir hugmyndum, á fjarlægari og dýpri mið. Ég hef skrifað sjö skáld-sögur og er komin ansi langt frá landi. Þetta getur verið ansi lýj-andi. Það má vera að ég taki mér eitthvað allt annað fyrir hendur; ég hef breytt svo oft um stefnu í lífinu og er ekki hrædd við að gera það eina ferðina enn. En ég held áfram að skrifa svo lengi sem ég nýt þess.“

Þórdís Gísladóttir, þýðandi bók-arinnar **Allt á floti**, ræðir við Kajsu á höfundakvöldi í Norræna húsinu klukkan 20 í kvöld.

bergsteinn@frettabladid.is

Sumartónleikar í Hlöðunni

Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari halda tónleika í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð á sunnudag.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Pál Ísólfsson, Mozart, Svendsen, Vieuxtemps og Brahms.

„Ég vildi hafa sumarlega stemningu á efnis-skránni og valdi verk með hlíðsýni af því,“ segir Rut.

Þetta eru fyrstu tónleikarnir sem haldnir eru í Hlöðunni að Kvoslæk, um tíu kílómetra frá Fljótshlíð. Rut segir langþráðan draum rætast með tónleikunum á sunnudag.

„Við hjónin eigum hús í Fljótshlíðinni. Mig hefur lengi langað að halda tónleika í Hlöðunni og greip tækifærið núna.“

Tónleikarnir eru hluti af verkefninu Landsbyggð-artónleikar, sem Félag íslenskra tónlistarmanna skipuleggur með styrk frá menntamálaráðuneytinu.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 15. Hægt er að panta miða í síma 896-2261 eða á rutingolfs@simnet.is.



RUT OG RICHARD Rut Ingólfsdóttir og Richard Simm leika lög eftir Pál Ísólfsson, Mozart, Brahms og fleiri á tónleikum á sunnudag.


ICELANDAIR 

Icelandair styður GusGus og er í skýjunum yfir því af því að fengið að heimsfrumflytja nýja plötu þeirra í háloftunum.

Jon Jonsson

VÍSIR

GUSGUS



GUSGUS - ARABIAN HORSE AUKATÓNLEIKAR

NASA - LAU. 18. JÚNÍ KL. 24:00

Uppselt á fyrri tónleikana. Takk fyrir!

Miðasala á seinni tónleikana hefst í dag kl. 10:00 á midi.is.

Þmælisveislan er hafin!



Stöð 2 Plús og Stöð 2 Frelsi á VOD fylgja frítt með áskriftinni sem eykur sveigjanleika þinn til að gera og sjá allt það skemmtilegasta í sumar.

STÖÐ 2 VILD

Allt að 30% afsláttur af áskrift + 5% afsláttur í formi Stöðvar 2 punkta og þú safnar allt að 1.280 punktum á mánuði.

LED sjónvörp frá Sjónvarpsmiðstöðinni

Glæsileg og örþunn LED sjónvarpsstæki með fullri HD upplausn, 60w hljóðkerfi, 3 HDMI tengi, CI rauf fyrir myndlyklakort og USB tengi

32" á aðeins 59.990 kr. (fullt verð 109.990 kr.)

42" á aðeins 99.990 kr. (fullt verð 159.990 kr.)



Horfðu hvar og hvenær sem er



Þú getur til dæmis fært áskriftina þína upp í bústað fyrir 0 kr. eða fengið sérstaka viðbótaráskrift fyrir bústaðinn um helgar fyrir aðeins 1.990 kr. á mánuði.

PEPSI MÖRKIN

THE M

20% afsláttur hjá Hamborgarafabrikkunni

Áskrifendur í Stöð 2 Vild fá 20% afslátt af öllum sóttum hamborgurum og salötum í Hamborgarafabrikkunni, Turninum Höfðatorgi. Sími 5757575

GILDIR TIL 5. JÚNÍ



ISLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

VALITOR BIKARINN

50% afsláttur af viðbótaráskrift í júní og júlí

Vildaráskrifendur geta bætt við sig Stöð 2, Stöð 2 Sport, Sport 2 eða fjölvarpinu í júní og júlí með 50% punktaafslætti. Tilboðið gildir aðeins til 15. júní! Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is

GILDIR TIL 15. JÚNÍ

VILD allt fyrir áskrifendur

Hvað ert þú að fá fyrir peninginn?

10 KLST.*

12 KLST.*

56 KLST.*



AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV



AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJA EINUM

AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.

...og þú missir ekki af neinu

MODERN FAMILY

PEPSI DEILDIN

FORMÚLA 1

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR Í ÆVINTÝRAFERÐ UM HELSTU BORGIR HEIMS

COPA AMERICA

So You Think You Can Dance

GRILLSKÓLI JÓA FEL
ALLT UM GRILLIÐ Í SUMAR

Skemmtilegri / 25 ár

TRUE BLOOD

COME FLY WITH ME

HEIMSRÉTTIR RIKKU
KOMDU MEÐ Í SÆLKERAFERÐ UM HEIMINN

NBA ÚRSLITIN
BESTI KÖRFUBOLTI Í ÖLLUM HEIMINUM

ÞAD ER
ÖDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA



FM BELFAST



STJÖRNURYK

> Í SPILARANUM

FM Belfast - Don't Want to Sleep
Stjórnuryk - Þetta reddast
Planningtorock - W
Sebastian - Total

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Muse tekur upp án söngvarans

Chris Wolstenholme, bassa-leikari Muse, segir hljómsveitina ætla að hefja vinnu að nýrri plötu án söngvarans Matt Bellamy.

Bellamy hefur hingað til verið burðarásinn í lagasmíðum Muse, en hann hefur tekið sér frí frá hljómsveitinni á meðan hann býr sig undir fæðingu frumburðar síns og leikkonunnar Kate Hudson. Samband þeirra hófst í fyrra og eru þau trúlofuð í dag.

Wolstenholme segir Bellamy hafa sett há gæðaviðið í lagasmíðum fyrir Muse. „Ég er

frekar stressaður vegna þess að ég vil ekki semja lag sem verður til þess að hljómsveitin drepst,“ sagði hann í viðtali við götublaðið The Sun.

Wolstenholme og Dominic Howard, trommari Muse, tilkynntu í síðasta mánuði að platan sem myndi fylgja eftir The Resistance frá árinu 2009 yrði mýkri. „Hver veit, kannski verður rokkið mýkra. En þá er undir okkur komið að gera það þyngra á ný. Þunga-rokksvöggvísur! Ég er viss um að við förum í rétta átt.“

- afb



PRÓFRAUN Muse hefur aldrei samið lög án söngvarans Matt Bellamy en hyggst prófa það nú.



TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Cyndi kemur á óvart

Ég verð að viðurkenna að ég hoppaði ekki hæð mína af spenningsþegar sú frétt barst að Cyndi Lauper yrði ein af fyrstu erlendu poppstjörnunum til þess að spila í Hörpu. Hún átti nokkra fína smelli á níunda áratugnum, Girls Just Want to Have Fun, Time After Time og True Colors, en hvað hefur hún verið að gera síðan og hvað er hún að gera í dag?



Á UPPLIÐ Cyndi Lauper á tónleikum í Japan fyrir nokkrum vikum.

Cyndi hefur reynt eitt og annað síðasta áratuginn. Hún hitaði upp gamla smelli á plötunni The Body Acoustic sem kom út 2005, en á Bring Ya to the Brink þremur árum seinna var hún komin út í fínasta danspopp, meðal annars búið til með Svíanum Andreas Kleerup sem hefur unnið með Robyn. Sú plata var tilnefnd til Grammy-verðlauna eins og nýjasta platan hennar, Memphis Blues, sem kom út í fyrra. Memphis Blues er eins og nafnið gefur til kynna blúsplata. Á henni er að finna gamla slagara, meðal annars eftir Little Walter, Lowell Fulson, Albert King og Bobby „Blue“ Bland. Á meðal gesta eru líka kanónur eins og

Allen Toussaint, BB King og Ann Peebles. Platan hefur selst ágætlega. Plata með Cyndi hefur ekki náð jafn hátt á vinsældalista í Bandaríkjunum síðan á níunda áratugnum.

Cyndi hefur verið að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi frá því síðasta sumar. Hún er búin að þræða Bandaríkin, Suður-Ameríku og Ástralíu og er búin að bóka fullt af tónleikum í Evrópu í sumar, en tónleikarnir í Hörpu verða fyrstu tónleikarnir í Evrópu. Dagskráin samanstendur aðallega af lögum af Memphis Blues, sem hún byrjar á, og svo öllum helstu smellunum sem taka við í seinni hlutanum.

Tónleikarnir hafa fram að þessu verið vel sóttir og fengið ágæta dóma. Cyndi virðist eiga marga harða addáendur. Þar á meðal er kanadíska ofursveitin Arcade Fire, sem fékk hana til að syngja með sér á tónleikum nýlega. Það er greinilega allt á uppleið hjá Cyndi. Þetta verða kannski hörkutónleikar eftir allt saman?



FJÓRÐA PLATAN Nýjasta plata Alex Turner og félagar í Arctic Monkeys kemur út eftir helgi.

NORDICPHOTOS/AFP

AÐGENGILEGRA HJÁ ARCTIC

Fjórða plata Arctic Monkeys nefnist Suck It and See og kemur út eftir helgi. Hún er aðgengilegri en sú síðasta og ætti að falla vel í kramið hjá addáendum hljómsveitarinnar.

Enska popp-rokksveitin Arctic Monkeys gefur út plötuna Suck It and See í næstu viku. Hún er heldur aðgengilegri en síðasta plata, Humbug, þar sem hljómsveitin naut aðstoðar Josh Homme úr Queens of the Stone Age. Melódíurnar eru meira áberandi og allt yfirbragðið er léttara.

Arctic Monkeys var stofnuð árið 2002 af sextán og sautján ára unglingum frá borginni Sheffield, þeim Alex Turner, James Cook, Nick O'Malley og Matt Helders. Strákarnir vöktu fljótt mikla athygli á netinu, þar á meðal á

Myspace. Fjölmiðlar tóku við sér og fóru að hefja þá upp til skýjana sem næstu rokkstjörnur Bretlandseyja. Útgáfufyrirtækið Domino samdi við sveitina og gaf árið 2005 út fyrstu smáskífuna, I Bet You Look Good on the Dancefloor, sem fór beint á topp breska smáskífulistans. Það gerði einnig næsta smáskífa, When the Sun Goes Down. Væntingarnar voru því miklar fyrir fyrstu plötuna en salan fór fram úr björtustu vonum. Whatever People Say I Am, That's What I'm Not setti met með því að seljast hraðast allra frumburða í breskri útgáfusögu, í yfir 350 þúsund eintökum á fyrstu vikunni. Sló hún þar með út fyrstu plötu Oasis, Definitely Maybe. Í Bandaríkjunum fékk platan ágætar viðtökur. Lofíð var þó ekki jafnmikið og hjá bresku pressunni, sem stundum fer offari í að hefja nýjar hljómsveitir upp til skýjana.

Næsta plata, Favourite Worst

Nightmare, fór á topp breska listans eins og sú fyrri og styrkti stöðu Arctic Monkeys sem einn besta unga sveit Bretlands. Bresku blöðin voru yfir sig hrifin og til að mynda fékk platan fullt hús stiga hjá tímaritinu Q. Sömuleiðis var hún tilnefnd til bresku Mercury-verðlaunanna.

Humbug, sem kom út 2009, var töluvert öðruvísi en fyrri verk sveitarinnar. Hljómurinn var eilíðið myrkari en áður þar sem gítaráhrif Josh Homme voru áberandi. Gagnrýnendur voru engu að síður sáttir og gáfu strákunum plús í kladdann fyrir að víkka sjóndeildarhringinn og þroskast aðeins í leiðinni.

Arctic Monkeys fylgir Suck It and See eftir með spilamennsku á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í sumar, þar á meðal á Benicassim á Spáni, á Rock Werchter í Belgíu og á Lollapalooza í Bandaríkjunum.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN			TÓNLISTINN		
Víkuna 26. maí - 1. júní 2011			Víkuna 26. maí - 1. júní 2011		
Sæti	Flytjandi	Lag	Sæti	Flytjandi	Plata
▶ 1	Adele.....	Someone Like You	★ 1	Gus Gus.....	Arabian Horse
▲ 2	Ell & Nikki	Running Scared	▼ 2	Ýmsir	Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf
▼ 3	Bruno Mars	Lazy Song	▼ 3	Magnús og Jóhann	Ástin og lífið 1971-2011
▲ 4	Bubbi Morthens.....	Blik augna þinna	▲ 4	Valdimar.....	Undrland
▼ 5	A Friend In London.....	New Tomorrow	▼ 5	Andrea & Blúsmenn	Rain On Me Rain
▲ 6	Valdimar.....	Yfirgefinn	★ 6	Lady Gaga	Born This Way
▼ 7	Megas & Senupjófarnir ...	Lengi skal manninn reyna	▼ 7	Víkingur Heiðar Ólafsson	Bach / Chopin
▲ 8	Katy Perry	E.T.	★ 8	Ýmsir	Sjómenn: Íslenskir við erum
▲ 9	Eyjólfur Kristjánsson & Björn Jörundur.....	Allt búið	▶ 9	Adele.....	21
▲ 10	Britney Spears.....	Till The World Ends	▶ 10	Megas og Senupjófarnir.....	(Hugboð) um vandræði

Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómlötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

ATVINNULÍFIÐ KALLAR

Á VERKFRÆÐINGA
TÖLVUNARFRÆÐINGA
KERFISFRÆÐINGA
TÆKNIFRÆÐINGA
IÐNFRÆÐINGA...



TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD

DOKTORSNÁM

- PhD í verk- og tæknivísindum

MEISTARANÁM

- MSc í ákvarðanaverkfræði
- MSc í byggingarverkfræði
 - Framkvæmdastjórnun
 - Mannvirkjahönnun
 - Steinsteyputækni
 - Umferð og skipulag
- MSc í fjármálaverkfræði
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í heilbrigðisverkfræði
- MSc í lífupplýsingafræðum
- MSc í orkuverkfræði (REYST)
- MSc í rafmagnsverkfræði
- MSc í rekstrarverkfræði
- MSc í skipulagsfræðum og samgöngum
- MSc í vélaverkfræði

GRUNNNÁM

- BSc í byggingafræði
- BSc í byggingartæknifræði
- BSc í fjármálaverkfræði
- BSc í hátækniverkfræði
- BSc í heilbrigðisverkfræði
- BSc í iðnaðartæknifræði
- BSc í rafmagnstæknifræði
- BSc í rekstrarverkfræði
- BSc í vélaverkfræði
- BSc í vél- og orkutæknifræði
- Diplóma í byggingariðnfræði
- Diplóma í rafiðnfræði
- Diplóma í rekstrariðnfræði
- Diplóma í véliðnfræði

TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

DOKTORSNÁM

- PhD í tölvunarfræði

MEISTARANÁM

- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í tölvunarfræði

GRUNNNÁM

- BSc í tölvunarfræði
- BSc í hugbúnaðarverkfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ

„Á Íslandi útskrifast hlutfallslega færri með tæknimenntun en í mörgum samkeppnislöndum okkar. Á sama tíma vantar sárlega tæknimenntað fólk til að uppfylla þarfir atvinnulífsins og styðja þannig við uppbyggingu hagkerfisins.“

Hugaðu að framtíðinni – auglýsing frá mörgum stærstu fyrirtækjum landsins.

Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að miðla þekkingu í greinum þar sem helstu tækifæri framtíðarinnar liggja. HR er stærsti tækniháskóli landsins og útskrifar tvo af hverjum þremur sem ljúka tækninámi á háskólastigi.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is



1.108.000 EINTÖK SELDUST af nýrri plötu Lady Gaga, Born This Way, í síðustu viku. Hún fór því beint á topp bandaríska Billboard-listans.

Talar ekki við Britney

Justin Timberlake talaði meðal annars um æskuástina sína, söngkonuna Britney Spears, í nýju viðtali við Vanity Fair. Hann segir samband þeirra ekki geta talist eðlilegt, enda voru þau ung og forrík.

Timberlake hefur ekki talað við Spears í rúman áratug og segir þau hafa þroskast í ólíkar áttir. „Við áttum samleið. Við vorum frá smábæjum og unnum í sama bransa. En svo vex maður úr grasi og þroskast. Ég get aðeins talað fyrir sjálfan mig, en ég á ekkert skylt við strákinn sem ég var. Ég held að við höfum ekki verið alveg eðlileg, það var ekkert venjulegt við líf okkar. Við eyddum allt of miklum tíma í að vera fræg.“ Timberlake segist hafa getað gert allt sem hann langaði til þrátt fyrir ungan aldur. Hann ferðaðist um heiminn í einkapotu og keypti sér allt sem hugurinn girntist.

Aðspurður segir Timberlake stjórnur sækja í sambönd með öðrum stjórnnum því þeim líði betur í návist hverjum hjá öðrum. „Við skiljum hvert annað og hugsunum: „Guði sé lof, loksins einhver sem veit hvernig mér líður.“

PROSKAÐUR MAÐUR Justin Timberlake segist hafa þroskast heil ósköp frá því hann sló fyrst í gegn með N'Sync.



NORDICPHOTOS/GETTY

Í SELSKAP MEÐ NÖKTUM KONUM

Sænska þjóðin veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga gagnvart konungi sínum, Karli Gústaf, og meintum brotum hans. Kröfur um afsögn eru orðnar háværar og spá margir því að konungurinn falli á svipuðum tíma og lafinn af trjánum enda vill þjóðin ekki hafa konung sem stundar strippklúbba.

Nei, nei, nei og aftur nei voru svör Karls Gústafs Svíakonungs við spurningum TT-fréttastofunnar í sérstöku einkaviðtali á mánudaginn var. Þar neitaði hann að hafa heimsótt frægan strippstað í Bandaríkjunum, ráðið til sín konur í veislur, að hafa verið fastgestur á súludansstað í Slóvakíu og síðast en ekki síst að til væru myndir af honum í selskap með nöktum konum. Ofangreint eru sögusagnir sem hafa gengið um heimspressuna undanfarnar vikur.

Það eru myndirnar sem vekja einna helst athygli en sá sem heldur því fram að hann hafi þær undir höndunum er hinn serbneski Mille Markovic. Sá hefur komið víða við á lífsleiðinni sem boxari, næturlúbbæigandi, súludansstaðarekandi og leigumorðingi fyrir mafiuna.

Myndirnar umtöluðu eiga að vera af Karli Gústaf og fylgdarliði hans á strippstaðnum Club Power í Stokkhólmi. Þar sést

konungurinn skemmta sér vel innan um naktar konur en myndirnar eru stillur úr myndbandi sem Markovic á að hafa tekið. Sérfræðingar, meðal annars á vegum sænska blaðsins Aftonbladet, hafa fengið að skoða stillurnar og segja þær vera ekta. Það sem þykir einna helst renna stoðum undir að Markovic segi satt er að besti vinur konungsins, Anders Lettström, reyndi að kaupa af honum myndirnar fyrir háa upphæð.

„Mér finnst það skrytið að konungurinn haldi áfram að ljúga og viðurkenni ekki brot sín,“ segir Markovic í samtali við Aftonbladet, en hann hótar að setja myndirnar á netið á næstu dögum.

Sænska þjóðin er klofin í afstöðu sinni. Annars vegar eru þeir sem eru komnir með nóg af kvensemi konungs og krefjast þess að hann stígi til hliðar og leyfi dóttur sinni Viktoríu að taka við keflinu. Hins vegar

TEKUR HÚN VIÐ KEFLINU? Viktoría krónprinsessa gæti þurft að setjast í stól föður síns fyrr en hana grunaði.



NORDICPHOTOS/AFP

NEITAR ÖLLU Áhyggjusvipur var á Karli Gústaf Svíakonungi þegar hann mætti í einkaviðtal við sænsku fréttastofuna TT á mánudaginn til að svara fyrir meintar myndir af sér með nöktum konum.

eru þeir sem finnst ekki mikið til þess koma hjá fjölmiðlum að velta sér upp úr einkalífi konungsins. Fyrri hópurinn er háværi.

Silvía drottning bar ekki giftingarhringinn síðast þegar til hennar sást

á opinberum vettvangi og hefur Magðalena prinsessa frestað ferð sinni heim yfir þjóðhátíðardag Svíþjóðar 6. júní, en hún er búsett í Bandaríkjunum. Enn sem komið er hefur ekki borið á viðbrögðum frá prinsinum Karli Filippusi og krónprinsessunni Viktoríu, en hún gæti þurft að taka við krúnunni af föður sínum fyrr en hún reiknaði með.

alfrun@frettabladid.is

ÓBORGANLEGUR SVEJK!

„... ein af fyndnustu og skemmtilegustu skáldsögum fyrr og síðar ...“

EINAR KÁRASON, ÚR FORMÁLA

Loksins fáanleg aftur

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



KILJA



ÁFRAM ÍSLAND Íslenskar tónlistarfréttir eru í forgrunni í Molum, nýjum fréttapætti Ómars Eypórssonar á NovaTV.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónlistarrásin tekin í gegn

„Það er hægt að gera svo margt skemmtilegt, mér finnst það vanta,“ segir Ómar Eypórsson, útvarpsmaður í morgunþættinum Ómar á Xinu og tónlistarstjóri sjónvarpsstöðvarinnar NovaTV.


Fréttapátturinn Molar hóf nýlega göngu sína á NovaTV. Tónleikaáþendingar og aðrar tónlistartengdar fréttir eru uppstáða þáttarins, sem er sýndur nokkrum sinnum í dag. Sérstök áhersla er lögð á íslensk tónlistarmyndbönd og fréttir af íslenskum hljómsveitum. „Það er náttúrulega nóg að gera í þessum bransa,“ segir Ómar og bætir við að þátturinn sé aðeins byrjunin. „Megnið af svona efni er komið á netið en þarna er heil sjónvarpsstöð í opinni dagskrá. Ég tók við um

áramótin að setja inn myndbönd – það er búið að taka það allt í gegn.“

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að tónlistarþáttur væri væntanlegur á RÚV. Ómar fagnar allri umfjöllun um íslenska tónlist en tekur þó fréttunum með fyrirvara. „Ég held að það sé hættu á því að menningarvitarnir gleypi þáttinn,“ segir hann.

Ómar segir að fleiri þættir séu væntanlegir með haustinu. Þá verður útvarpsmaðurinn Brynjar Már með íslenska listann á sjónvarpsstöðinni ásamt því að vinsældalisti Xins verður einnig væntanlega á dagskrá. „Þegar fer að róast hjá mér í afleysingum fer ég á fullt með alls konar pælingar þarna inn,“ segir Ómar.

- aft



DKNY
STRATEGIA
FREE LANCE
BILLI BI
CONVERSE
TENTAZIONE
BOBBI BURNS
INK

Opið í dag frá 13-17
25% afsláttur
af öllum skóm í dag

evo

Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is
erum á facebook

Skuldug Lady Gaga

Poppsöngkonan Lady Gaga kom heim með 350 milljóna króna reikning eftir tónleikaferð sína á síðasta ári. Söngkonan segist ekki hafa gert sér grein fyrir peningaeyðslunni og viðurkennir að leggja ekki mikið upp úr peningum.

„Peningar skipta mig engu máli en ég hélt ég væri á hausnum þegar ég kom heim. Einu stóru hlutirnir sem ég hef keypt á lífsleiðinni eru hjartalokugræðsla fyrir pabba minn og Rolls Royce bíll fyrir



SPÁIR LÍTIÐ Í FJÁRMÁL
Lady Gaga fylgdist ekki með peningaeyðslunni á síðasta tónleikaferðalagi og fékk digran reikning.

NORDICPHOTOS/GETTY

foreldra mína,“ segir Lady Gaga og bætir við að hún hafi þurft að hringja nokkur símtöl og öskra á fólk fyrir að fylgjast ekki með eyðslunni meðan á ferðalaginu stóð. Lady Gaga þurfti samt ekki að hafa áhyggjur af reikningnum í langan tíma því hún græddi fimmtán milljarða króna á tónleikaferðinni og gat því borgað skuldarnar og vel það.

Vildi eiga pabba í jakkafötum

Sænski leikarinn og sjarmörinn Alexander Skarsgård var ekki þar áttur við föður sinn, leikarann Stellan Skarsgård, þegar hann var lítill drengur. „Ég öfundaði alltaf vini mína sem áttu pabba sem gengu í jakkafötum með skjalatösku og keyrðu fína bíla,“ segir Alexander Skarsgård og viðurkennir að pabbi hans hafi ekki verið besti fjölskyldumaðurinn. „Hann var mest heima að drekka rauðvín með listaspírur

og vinna lengi fram eftir á kvöldin,“ segir Skarsgård yngri í viðtali við tímaritið Henne, en hann hefur ekki áður viljað tala um samband sitt við föður sinn.

Feðgarnir eiga það sameiginlegt að hafa slegið í gegn í kvikmyndabransanum í Hollywood og þakkar hann föður sínum fyrir að hafa kennt sér listina að leika. Stellan og Alexander Skarsgård sjást nú saman á hvíta tjaldinu í mynd Lars von Trier, Melancholia.



SAMEINADIR Leikarinn Stellan Skarsgård og Alexander sonur hans leika saman í Melancholia.

NORDICPHOTOS/GETTY

Styttist í Hobbittann

Tilkynnt hafa verið nöfn og útgáfudagar tveggja kvikmynda byggðra á bók JRR Tolkien, Hobbítanum.



MARTIN FREEMAN

Fyrri myndin kallast The Hobbit: An Unexpected Journey og verður frumsýnd í desember á næsta ári. Sú síðari nefnist The Hobbit: There and Back Again og verður

sýnd ári síðar. Tökur á myndunum á Nýja-Sjálandi töfðust vegna deilna um laun leikaranna og veikinda leikstjórans Peters Jackson.

Með aðalhlutverk í myndunum, sem gerast á undan Hringadróttinssögu, fer Martin Freeman sem Bilbó Baggí. Einnig munu Sir Ian McKellen og Elijah Wood snúa aftur sem Gandálfur og Fróði. Sir Christopher Lee kemur einnig við sögu, auk þess sem Andy Serkis endurtekur hlutverk sitt sem óvætturinn Gollrinn.



VALIN BEST Kristbjörg Kjeld var valin besta leikkonan á Polar Lights-hátíðinni.

Valin best í Rússlandi

Kristbjörg Kjeld var valin besta leikkonan í aðalhlutverki á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Polar Lights í Rússlandi fyrir hlutverk sitt í Mómmu Gógó eftir Friðrik Þór Friðriksson. Tíu kvikmyndir frá Bandaríkjunum og Norður-Evrópu tóku þátt í keppninni, þar á meðal Hævenn sem vann Óskarsverðlaunin fyrr á árinu. Í dómnefnd voru Joel Chapron, sem situr í valnefnd fyrir kvikmyndahátíðina í Cannes, rússneski kvikmynda-leikstjórinn Boris Klebnikov og kvikmynda-leikstjórinn og handritshöfundurinn Sebastian Alarcon frá Síle.

SjóðHeitt Dansfestival í SUMAR! Lil' C & Legacy



Sérkjör fyrir

VILD
allt fyrir áskrifendur

DansStjarnan LEGACY: keppandi úr þáttunum, Dansaði & lék í danskvikmyndinni Step Up 3D. Kennir Break og Hip hop.

Dómarinn LIL' C: Meðal heitustu danshöfunda í L.A., dómari þáttanna og Guðfaðir Krumpins. Danshöfundur Madonna "Sorry" og Missy Elliott. Dansað og leikið í tónlistarmyndböndum: Jennifer Lopez, Madonna, Ciara, Christina Millian, Missy Elliott, Sean Paul. Danshöfundur American Music Awards. Lék í Honey, You Got Served, Step Up 3D, Step Up 2, Stomp The Yard og fjölda annarra.



Einungis helgina 3.-5. júní í

REYKJAVÍK – KÓPAVOGI - GARÐABÆ!!!

Lærðu af þeim bestu í SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM og fáðu ÚTRÁS fyrir DansGleðinni í sumar!

Opnar Dansprufur fyrir glæsilega sýningu í lokin!

DansGleði í sumar hefst 14.júní!

Vertu með frá byrjun og komdu þér í glimrandi form fyrir sumarið fjöldi 10 vikna námskeiða í boði - kröftugir tímar við nýjustu danstónlistina!

REYKJAVÍK - KÓPAVOGUR - GARÐABÆR

Sumarnámskeiðin verða haldin í glæsilegri aðstöðu:

REYKJAVÍK – PRÓTTI, Próttur, Engjavegi 7

KÓPAVOGUR HK, Vallarhúsið Fagralundi

GARÐABÆ – SJÁLANDSSKÓLA, Löngulínu 8.

SKRÁÐU ÞIG
NÚNA!
dancecenter.is

Skráning á Dansfestivalið og Sumarnámskeið fara fram á dancecenter.is. Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða í síma 777 3458 hjá DanceCenter Reykjavík.

NÝTT!

Jazzfunk | Street | Hip hop | Freestyle | Break
Barnadansar | Modern | Ballett | PowerYoga

DÖNSUM svo lengi sem lifum!

Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára,
10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára,
20-24 ára, 25-35 ára, 35+

Danslið þáttanna kemur séstaklega á vegum:



www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



já - er svarið



Húðflúrshátíð um helgina

Húðflúrshátíðin The Icelandic Tattoo Festival verður haldin í sjötta sinn á Sódómu Reykjavík 3. til 5. júní. Átta bandarískir húðflúrarakar taka þátt í hátíðinni í ár og þrír íslenskir, þeir Fjölínir og Sindri frá Íslensku húðflúrstofunni og Siggi Palli frá Mótorsmiðjunni. Blaðamaður frá Ítalíu ætlar að skrifa um hátíðina fyrir þrjú erlend húðflúrsmarít: Prick Magazine, Tattoo Life og Tattoo Energy.

„Þetta verður um sjómánadagshelgina og það verður rosalega mikið af túristum í bænum,“ segir skipuleggjandinn Linda Mjöll Þorsteinsdóttir. „Á síðustu fimm hátíðum hefur verið mikið af útlendingum en ótrúlega mikið af Íslendingum líka,“ segir hún en um þrjú þúsund manns litu við í fyrra.

Tónleikar verða haldnir meðfram hátíðinni. Á meðal sveita sem troða upp verða Endless Dark, Hoffman, Legend, The 59's og Texas Muffin. Aðgangseyrir á hátíðina er 700 krónur en einnig er hægt að kaupa helgarpassa.- fb



SJÖTTA HÁTÍÐIN Össur Hafþórsson og Linda Mjöll Þorsteinsdóttir hjá Sódómu Reykjavík og Reykjavík Ink skipuleggja hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Trommararar nördast


„Við gerðum þetta í fyrsta skipti í fyrra við mjög góðar undirtektir. Við ætlum að gera þetta að árlegum viðburði,“ segir trommarinn Halldór Lárusson.

Beat-Camp námskeið fyrir trommuleikara verður haldið í Skálholtsskóla í Biskupstungum dagana 17. til 19. júní. Halldór sér um námskeiðið ásamt öðrum reyndum trommara, Einari Scheving. Einar segir að breiður aldursþópur hafi tekið þátt í fyrra, allt frá piltum undir tvítugu til manna á fimmtugsaldri. „Það myndaðist ferlega góð stemning þarna. Það er alltaf gaman að nördast í svona trommarahópi,“ segir hann.



TROMMUNÁMSKEIÐ Halldór Lárusson sér um námskeiðið ásamt Einari Scheving.

Nánari upplýsingar má finna á síðunni Trommari.is. -fb



STÖÐVAR MYNDIRNAR Blake Lively heldur því fram að nektarmyndirnar séu ekki af henni og vill stöðva orðróminn. NORDICPHOTOS/GETTY

Blake Lively ber á netinu

Leikkonan Blake Lively á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir, en í vikunni fóru á flakk meintar nektarmyndir af dómunni. Lively neitar alfarið að myndirnar séu af henni og hótar málsókn ef fleiri miðlar halda því fram. Meðal þeirra sem birt hafa nektarmyndirnar er ofurbloggarinn Perez Hilton.

Lively, sem er eitt af heitari nöfnunum í Hollywood þessa dagana, getur þó huggað sig á öxlinni á leikaranum Leonardo DiCaprio, en vel fór á með þeim á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Lively kemur á hvíta tjaldið síðar á þessu ári í ofurhetjumyndinni Green Lantern.



FÆR FLJÓTT LEIÐ Rihanna segist fljótt fá leið á karlmonnum og því sé húmor góður kostur. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill heita karlmenn

Söngkonan Rihanna prýðir forsíðu júlífútgáfu tímaritsins Cosmopolitan. Þar ræðir hún meðal annars um ástina og hvað heillar hana mest í fari karlmanna.

Rihanna segist helst vilja kærasta sína heita og karlmannlega en að hún sætti sig þó einnig við ljúfmenni. „Það er ýmislegt sem heillar mig í fari karlmanna. Það gæti verið útlitið eða gáfur. Ég er opin fyrir ástinni en maðurinn verður þó að vinna fyrir ást minni, því annars missi ég áhugann. Menn eru eins og veiðimenn, þeim finnst eltingaleikurinn skemmtilegur og þess vegna má maður ekki vera fljótfær. Reyndar er ég alveg eins, ég fæ fljótt leið á hlutum, þannig ef maður getur fengið mig til að hlæja er ég sátt,“ sagði popprinsessan.

Mikið úrval af flottum sumarskóm

Tamaris

20%
afsláttur
af öllum
skóm

Gildir fimmtudag til sunnudags.



Verð áður 15.990.-
Verð nú **12.792.-**



Verð áður 19.990.-
Verð nú **15.992.-**




Verð áður 12.990.-
Verð nú **10.392.-**

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	
THE HANGOVER 2	kl. 6-8-9-10:20-11:10
THE HANGOVER 2	kl. 3:20-5:40-8-10:20
KUNG FU PANDA 2 M/Ísl. Tali	kl. 2-3-4-5-6
KUNG FU PANDA 2 3D M/ensku. Tali	kl. 10:50 Ótöðub.
KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali	kl. 2-4-6-10:20 Með Texta
PIRATES 4	kl. 4(2D)-7(2D)-8(3D)-10(2D)
DÝRA FJÖR M/Ísl. Tali	kl. 2-4
SOMETHING BORROWED	kl. 8
SAMBÍÓIN AKUREYRI	
KUNG FU PANDA 2 M/Ísl. Tali	kl. 4
KUNG FU PANDA 2 M/ensku. Tali	kl. 6
HANGOVER 2	kl. 8-10:20
ANIMALS UNITED M/Ísl. Tali	kl. 4
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4	kl. 6-9

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL	
HANGOVER PART II	kl. 3-5:40-8-8:20-10:20-11
X-MEN: FIRST CLASS	kl. 2-5-8-10:45
KUNG FU PANDA 2 3D Ísl. Tali	kl. 2-4-6
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D	kl. 2-5-8-10:40
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	
KUNG FU PANDA 2 3D M/Ísl. Tali	kl. 2-4-6
KUNG FU PANDA 2 3D ensku. Tali	kl. 8:10-10:20 Ótöðub.
THE HANGOVER 2	kl. 6-8-10:20
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4	kl. 3(2D)-6(2D)-9(2D)
DÝRAFJÖR 3D M/Ísl. Tali	kl. 2(3D)-4(3D)
SAMBÍÓIN SELFÖSS	
THE HANGOVER 2	kl. 5:50-8-10:20
KUNG FU PANDA 2 M/Ísl. Tali	kl. 2-4-6
ANIMALS UTD M/Ísl. Tali	kl. 2-4
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4	kl. 8
THE LINCOLN LAWYER	kl. 10:45

Stökkbreyttur forleikur og stórbeinótt Kung Fu Panda

Stan Lee og Jack Kirby er mennirnir á bak við stökkbreyttu ofurhetjurnar í X-Men. Ásamt Steven Ditko og Bob Kane eru þeir sennilega stóra ástæðan fyrir því að myndasöguhetjur eru fastagestir í kvikmyndahúsum.

Nýjasta X-Men verður frumsýnd um helgina. Að þessu sinni er sagan færð aftur um nokkra áratugi og fylgst með uppgangi Xavier og Magneto á sjöunda áratuginum þegar stökkbreytta fólkið fer fyrst að láta á sér kræla. Þetta er fjórða myndin úr X-Men myndasöguflökki Marvel-fyrirtækisins, en menn hafa farið um víðan völl með þennan myndasöguflökk.

Fyrsta myndin um stökkbreytta fólkið var frumsýnd árið 2000 og reyndist ákaflega vel heppnuð hasarmynd. Að sjálf-sögðu var því farið af stað með framhaldsmynd eins og lög gera ráð fyrir en X-Men: The Last Stand stóðst ekki alveg þær væntingar sem til hennar voru gerðar. Þá var ákveðið að draga út eina vinsælustu persónuna, sjálfan Wolverine, og gefa honum sénsinn, athuga hvort hann gæti ekki grætt einhverja aura. En það gekk ekki alveg eftir og því hafa aðstandendur X-Men ákveðið að beita kunnuglegu bragði; þeir færa söguna aftur til sjöunda áratugarins og kynna fyrir fólki



STÖKKBREYTT James McAvoy og Michael Fassbender í hlutverkum sínum sem Xavier og Magneto, en forleikurinn að X-Men verður frumsýndur um helgina ásamt Kung Fu Panda II.

söguna á bak við höfuðvínina tvo, Xavier og Magneto. Meðal leikara í myndinni eru James McAvoy og Michael Fassbender en leikstjóri er Matthew Vaughn, sem gerði meðal annars Kick-Ass og Layer Cake.

Um helgina verður einnig frumsýnd Kung Fu Panda II, sem er framhald af geysivinsælli teiknimynd frá árinu 2008. Myndin

segir frá svaðilföllum stórbeinóttarar pöndu og baráttu hennar, með nokkrum kung fu brögðum, fyrir réttlætinu og sannleikanum. Kung Fu Panda II er skreytt röddum úr heimi Hollywood-stjarna en meðal þeirra sem tala inn á myndina eru Jack Black, Angelina Jolie, Dustin Hoffman, Gary Oldman, Seth Rogen og Jean-Claude Van Damme. freyrgreja@frettabladid.is

TILBOÐSBÍÓ

SMÁRA BÍÓ
REAL D 3D



TILBOÐSBÍÓ - FIMMTUDAG

X-MEN FIRST CLASS	KL. 1 (TILBOÐ)	12
KUNG FU PANDA 2 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	L
GNÓMÉO OG JÚLÍA 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	L
RIO 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L

midi.is facebook /smarabio

SMÁRA BÍÓ X-MEN FIRST CLASS HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

UPPLIFDU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM!
JACK BLACK, ANGELINA JOLIE, DUSTIN HOFFMAN, JACKIE CHAN, SETH ROGEN, LUCY LIU, JEAN-CLAUDE VAN DAMME OG GARY OLDMAN
FRÁ HÖFUÐUNUM SEM FÆRDU OKKUR
★★★★★
BOX OFFICE MAGAZINE
90/100
VARIETY
90/100
THE HOLLYWOOD REPORTER

12 LUXUS ★★★★★
P.P. - FRETTATIMINN - SÉÐ & HEYRT - KYMAMYNDIR.IS

10 STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARVINTÝRAMYND
BESTA "PIRATES" MYNDIN - M.P. FOX TV
P.H. BOX OFFICE MAGAZINE

16 midi.is L midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUÐU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐLIS
X-MEN: FC KL. 1 (TILBOÐ) - 4 - 5.15 - 8 - 10.45 12
X-MEN: FC Í LUXUS KL. 5.15 - 8 - 10.45 12
KUNG FU PANDA 2 ÍSL. T. 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 - 5.40 L
KUNG FU PANDA 2 ENS. TAL 3D KL. 8 L
KUNG FU PANDA 2 ENS. TAL 3D Í LUXUS KL. 1 - 3.10 L
PIRATES 4 3D KL. 5 - 8 - 10 10
GNÓMÉO OG JÚLÍA 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3 L
FAST FIVE KL. 10.40 12
THOR 3D KL. 8 12
RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%
X-MEN: FIRST CLASS KL. 5.20 - 8 - 10.40 12
WATER FOR ELEPHANTS KL. 5.30 - 8 - 10.30 L
GNÓMÉO OG JÚLÍA 3D KL. 6 L
HÆVNEN KL. 5.40 - 8 12
HANNA KL. 10.20 16
PRIEST 3D KL. 8 - 10 16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS
X-MEN: FIRST CLASS KL. 5.30 - 8 - 10.30* 12
PAUL KL. 8 - 10 12
FAST FIVE KL. 5.40 12
*KRAFTSÝNING

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó

KUNG FU PANDA 2 ATH 950 KR. SÝND KL.2

GNÓMÉO OG JÚLÍA 3D ATH 950 KR. SÝND KL.2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSSÝNINGAR FIMMTUDAG - FÖSTUDAG - LAUGARDAG OG SUNNUDAG
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

tryggðu þér miða á www.sambio.is

midis LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

Miðasala og nánari upplýsingar

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar 7 og 10:10
X-MEN: FIRST CLASS 21950 kr., 4 og 6
KUNG FU PANDA 2 3D - ISL. TAL 21950 kr., 4, 6 og 8
KUNG FU PANDA 2 3D - ENS. TAL 21950 kr., 4, 6 og 8
PAUL 8
GNÓMÉO OG JÚLÍA 3D - ISL. TAL 21950 kr. og 4
FAST & FURIOUS 5 10

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFE

INCENDIES	18:00, 21:00
HUR MANGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN?	18:00, 20:00, 22:00
OKKAR EIGIN OSLÓ	18:00
ROUTE IRISH	18:00, 22:10
BJÓLFSKVIDA (MED ENSKUM TEXTA)	18:00
BRÜDGUMINN (MED ENSKUM TEXTA)	20:00
ÉG LIFI (MED ENSKUM TEXTA)	22:00

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

GRILLDAGAR

SÉRTILBOÐ Í ÖRFÁA DAGA

SPARAÐU ÞÚSUNDIR AF GASGRILLUM



WEBER KOLAGRILL PREMIUM

VERÐ FYRIR 45.999
TILBOÐSVERÐ 38.999
ÞÚ SPARAR 7.000

Grillflötur 57cm, hitastýring í loki og skál, þreföld nikkelhúðun á grillgrind.



WEBER GASGRILL SPIRIT E310 PREMIUM

VERÐ FYRIR 159.999
TILBOÐSVERÐ 139.999
ÞÚ SPARAR 20.000

Grillflötur 61x44cm, 3 ryðfrír brennarar 11,0kW/h-36.000 BTU. Ryðfríar grillgrindur.



CAMPINGAZ GASGRILL TEXAS DELUX

VERÐ FYRIR 39.990
TILBOÐSVERÐ 33.990
ÞÚ SPARAR 6.000

Frí heimkeyrsla og samsetning á Höfuðborgarsvæðinu, yfirbreiðsla fylgir frítt með.

WEBER GASGRILL Q200

VERÐ FYRIR 56.900
TILBOÐSVERÐ 48.900
ÞÚ SPARAR 8.000

Grillflötur 54x39cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h-12.000 BTU. Postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli.



WEBER GASGRILL Q120

VERÐ FYRIR 49.999
TILBOÐSVERÐ 42.999
ÞÚ SPARAR 7.000

Grillflötur 32x32cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h-8.500 BTU. Postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli.

ALLT AÐ **50%** SÉRTILBOÐ Í ÖRFÁA DAGA
AFSLÁTTUR AF GRILLVÖRUM



- EINNOTAGRILL
- BAKKAR • BURSTAR • FERÐA-GASHELLA • FISKIKÖRFUR • GAFFLAR
- GRÆNMETISBAKKAR • HREINSIR • KJÚKLINGAPENSLAR • KJÚKLINGASTANDAR • KJÖTHITAMÆLAR • KVEIKJARAR • KÖRFUR • PENSLAR
- PINNAR • PIZZAPÖNNUR • PIZZASTEINAR
- PÖNNUR • SÓSUPOTTAR • SPAÐAR • SPJÓT
- STEIKARGRINDUR • TANGIR • WOKGRINDUR
- YFIRBREIÐSLUR • OG FLEIRA OG FLEIRA...

byggto**g**búið

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid



HALLDÓR ORRI BJÖRNSSON segir það ekki vera rétt að hann hafi gefið stuðningsmönnum FH fingerinn er hann var tekinn af velli í leik liðanna á dögnum. Halldór segist einfaldlega hafa verið að klóra sér í kollinum og hann segir það miður að einhverjir hafi misskilnið það sem svo að hann væri með dónaskap.



MEIDDUR Björgólfur spilar ekki fótbolta á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgólfur meiddist illa:

Var fluttur burt í sjúkrabíl

FÓTBOLTI „Það er búið að vera slag á hnénu á honum sem hefur háð honum mikið. Hann snýr svo aðeins út úr venjulegu hreyffiferli á æfingunni. Þá gengur til á honum hnéd. Það er óljóst á þessari stundu hvort bandvefur hefur farið eða liðþófi,“ segir Andri Marteinson, þjálfari Víkings, um meiðslin sem framherjinn Björgólfur Takefusa varð fyrir á æfingu liðsins í gær.

„Það myndaðist strax kúla á hnénu á honum. Hann læstist alveg í hnénu þannig að við urðum að kalla á sjúkrabíl og láta það alveg vera að hreyfa við honum.“

Andri segir ljóst að þessi meiðsla muni halda Björgólfi frá næstu vikur.

„Það má í það minnsta segja að hann verði frá í óákveðinn tíma. Hann er ekki heill til þess að spila á næstunni,“ segir Andri en hann segir þetta bagalegt þar sem ekki hafi tekist að finna hvað hafi verið að plaga hann í hnénu síðustu vikur.

„Þetta virðist vera einhver óvelkominn gestur sem hefur verið á leiðinni í talsverðan tíma. Þetta var því hugsanlega eitthvað sem mátti búast við án þess að maður vissi hvað væri að.“ - hbj

Michael Owen:

Framlengdi við Man. Utd.

FÓTBOLTI Michael Owen verður áfram hjá Manchester United en hann hefur gert nýjan samning til félagið sem gildir til loka næsta tímabils.

Þetta kann að koma einhverjum á óvart en talið var líklegt að hann myndi fara frá félaginu nú í sumar. Annað hefur komið á daginn en Owen sjálfur sagðist á dögnum vilja vera áfram.

Owen var í byrjunarliði United aðeins einu sinni í ensku úrvalsdeildinni í vetur en hann á í harðri samkeppni um stöður í byrjunarliðinu. Hún verður væntanlega enn harðari á næsta tímabili þar sem Danny Welbeck snýr aftur til United í sumar eftir að hafa verið í láni hjá Sunderland. - esa

ÚRSLIT

Pepsi-deild kvenna:

Breiðablik-ÍBV 0-2
0-1 Vesna Smiljkovic (13.), 0-2 Danka Podovac (70.).

Þór/KA-Fylkir 3-1
1-0 Rakel Hönnudóttir (13.), 2-0 Many Janine Makosi (45.), 2-1 Anna Björg Björnsdóttir (49.), 3-1 Arna Síf Ásgrímsdóttir (62.).

Markaskorur þessa leiks eru frá fótbolti.net

STADAN:

ÍBV	3	3	0	0	12-0	9
Valur	3	2	1	0	4-2	7
Stjarnan	3	2	0	1	8-2	6
Þór/KA	3	2	0	1	5-7	6
KR	3	1	2	0	3-2	5
Afturelding	3	1	1	1	3-5	4
Þróttur	3	0	2	1	2-6	2
Breiðablik	3	0	1	2	2-5	1
Fylkir	3	0	1	2	2-7	1
Grindavík	3	0	0	3	1-6	0

Blatter er ótrúlega klókur maður

Sepp Blatter fékk gríðarlegan stuðning á þingi FIFA í gær er hann var endurkjörinn forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins. KSÍ var á meðal þeirra sem lýstu yfir stuðningi við hinn umdeilda Blatter. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að Blatter hafi það sem til þarf til að endurreisa ímynd FIFA sem er í molum.

FÓTBOLTI Bakland Sepps Blatter í knattspyrnuhreyfingunni er sterkt. Það sást bersýnilega í gær þegar 186 greiddu honum atkvæði í forsetakjöri sambandsins. Aðeins 17 þingfulltrúar lýstu yfir mót-mælum sínum með störf Blatters með því að skila auðu.

„Andrúmsloftið hefur oft verið verra. Það var erfiðara þingið árið 2002 þegar verið var að ræða slæma fjárhagsstöðu FIFA. Það var mikill einhugur hjá knattspyrnusamböndunum á þessu þingi. Það sést best með því að Blatter fær 90 prósent atkvæða,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Kosið var tvisvar í gær. Fyrst var kosið um tillögu Englendinga og Skota um að fresta forsetakjöriinu. Sú tillaga hlaut engan hlómgrunn og var kolfell. Aðeins 17 þingfulltrúar vildu fresta kjörinu. KSÍ var ekki þar á meðal enda studdi sambandið við bakið á Blatter.

„Við erum meðal þessara 90 prósent þjóða sem kusu Blatter sem og gegn því að fresta kjörinu. Það var búið að sýna fram á það af lögfærðingum að það var enginn grundvöllur fyrir frestun,“ segir Geir og bætir við að menn hefðu mikið stungið saman nefjunum kvöldið fyrir kosninguna og rætt þá stöðu sem upp var komin. Ásakanir hafa gengið á milli æðstu manna hjá FIFA síðustu

daga og tveimur þeirra var vísað frá tímabundið vegna ásakana um mútupægni.

„Knattspyrnusamband Evrópu boðaði svo til aukafundar í morgun [í gær] til þess að fara yfir stöðuna áður en þingið hæfist. Það var alveg ljóst strax þá að hugmyndir Englendinga og Skota ættu ekki hlómgrunn.“

Geir segir að þó svo að mikil samstaða hafi verið á fundinum séu menn almennt ekki sáttir við þá stöðu sem upp sé komin en áttök sín síðustu daga hafa skaðað ímynd FIFA gríðarlega.

„Það vilja allir sjá að úr þessum málum verði leyst. Norðurlandabjörðirnar stóðu saman að tillögu um óháða rannsókn á öllum þessum á sökunum. Það vilja allir fá á hreint hvort allar þessar ásakanir séu á rökum reistar. Blatter sagðist taka við þessari tillögu,“ segir Geir en Blatter mælti sjálfur fyrir ákveðnum breytingum.

„Hann vill að þingið ákveði í framtíðinni hverjir fái að halda HM en ekki framkvæmdastjórnin. Svo voru gerðar breytingar á síðanefndinni. Það á að styrkja hana. Það á að fá rannsóknaraðila og úrskurðaraðila. Svo vill hann fá nefnd sem skoðar stjórnunaráhrætti FIFA. Hann kom með þessar tillögur áður en þinginu var slitið og þær voru samþykktar.“

Blatter hefur setið sem forseti í þrettán ár og hefur mikið gengið á



„LIÐSHEILDIN SKIPTIR MÁLI“ Geir Þorsteinsson tók ekki sjálfstæða ákvörðun í forsetakjöri FIFA heldur gekk í lið með Michel Platini og kaus eins og Platini vildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

Blatter er umdeildur forseti

Síðanefnd FIFA segist ekki hafa fundið neitt saknæmt við stjórnarhætti Sepp Blatter þrátt fyrir fjölmargar ásakanir um vafasama stjórnarhætti, mútur, mútupægni og almenna spillingu í gegnum árin.

Blatter var strax ásakaður um að múta meðlimum í framkvæmdastjórn FIFA er hann náði völdum í sambandinu árið 1998.

Blatter hefur einnig verið sakaður um að hafa verið á spennum hjá fyrirtæki sem heitir ISL og átti sjónvarps- og ímyndarrétt af HM árum saman. Sannað hefur verið að ISL mútaði fjölmörgum af æðstu mönnum FIFA í gegnum árin. ISL fór á endanum á hausinn og FIFA sat uppi með háar skuldir. Blatter lofaði að rannsaka málið en hætti með rannsóknina eftir að hún fór af stað. Það mál varð þess næstum valdandi að hann hraktist frá völdum.

Nú síðast sakaði Jack Warner, varaforseti FIFA sem víkið var frá vegna mútumála, Blatter sjálfan um mútur. Hann eftirlét knattspyrnusambandi mið-ameríku eina milljón dollara í té í maí sem þeir máttu eyða að vild. Hann hafði ekki heimild fyrir úthlutuninni og Warner sakaði Blatter um að kaupa sér atkvæði á þennan hátt.

Þrátt fyrir þetta, og fleira til, er ferill Blatter flekklaus í augum FIFA.



síðan hann tók við. Bæði ásakanir um spillingu og svo hafa margar hugmyndir hans og skoðanir fallið í grýttan jarðveg. Hann vildi meðal annars fá konur í þrengri búninga.

„Við höfum bara einn fram- bjóðanda núna og verðum að vinna með það sem við höfum. Það hafa ekki verið sönnuð nein rangindi á hann. Þvert á móti hefur fótboltinn styrkst undir hans stjórn. Ásakanir eru samt í loftinu og það má vera að hann hafi ekki alltaf tekið á málum þegar það átti að gera. Hann heitir aftur á móti því að gera það núna. Erfiðleikarnir eru samt miklir og það verður mikið verk að vinna úr þeim,“ segir Geir en hefur hann persónulega trú á því að Blatter geti endurreist ímynd FIFA?

„Hann er ótrúlega klókur maður og hæfur stjórnandi. Hann hefur áður snúið hlutum sér í hag og hann sýndi á þessu þingi hve klókur hann er. Undir þessu öllu er góð samstaða og stuðningur við hann. Það er engin tilviljun. Hann nýtur trausts og ég sé ekki betur en hann sé traustsins verður. Ég held að honum takist það,“ segir Geir en var þetta góður dagur fyrir fótboltann?

„Þetta var góður dagur því í knattspyrnu lærir maður að liðs- heildin skiptir máli og samböndin stóðu saman,“ segir Geir en hann lýsti því yfir við Vísu á þriðjudag að hann kysir Blatter þar sem Michel Platini, forseti UEFA, hefði lagt það til. henry@frettabladid.is

Eyjakonur unnu 2-0 sigur á seinheppnum Blikakönnum sem hafa aðeins náð í eitt stig af níu mögulegum:

Nýliðarnir á toppnum með markatöluna 12-0

FÓTBOLTI Nýliðar ÍBV héldu sigur- göngu sinni áfram í Pepsi-deild kvenna í gær. Eyjakonur eru því eina liðið í deildinni með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir en Blikakonur sitja hins vegar áfram í hópi neðstu liða með aðeins eitt stig af níu mögulegum. Vesna Smiljkovic og Danka Podovac skorudu mörk Eyjaliðsins í leiknum hvort í sínum hálfleikum.

Birna Berg Haraldsdóttir, markvörðurinn ungi sem kom frá FH, er því ekki enn búin að fá á sig mark í sumar en hún stóð vaktina vel í Eyjamarkinu og varði nokkrum sinnum mjög vel frá Blikastúlkum.

„Þetta er frábær byrjun hjá nýliðum en það þýðir ekkert að hætta núna. Ég er ánægð á meðan markið er hreint því það er alltaf markmiðið hjá mér. Sigurinn er samt aðalatriðið,“ sagði Birna Berg. „Jón Ólafur þjálfari er líka duglegur að halda okkur niðri



BARÁTTA Það var ekkert gefið eftir í Kópavogi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á jörðinni og við förum ekkert að láta rigna upp í nefið á okkur núna,“ sagði Birna Berg kát en

ÍBV vann tvo fyrstu leiki sína 5-0. „Þegar við lögðum af stað í móti þá vissum við ekkert hvar

við stæðum almennilega í deildinni. Við erum nýliðar þannig að þetta er glæsileg byrjun,“ sagði Þórhildur Ólafsdóttir, fyrirlíði ÍBV, eftir leikinn, en hver er lyk- illinn að þessari byrjun? „Það eru stífar æfingar og hópurinn er að ná rosalega vel saman. Það er ekkert leiðinlegt að skoða töfluna núna,“ sagði Þórhildur.

Blikakonur fóru ekki vel með margar góðar skórnir í gær og fyrirlíðinn Greta Mjöll Samueldsdóttir var vonsvikin í leikslok. „Þetta virðist ekki vera alveg að ganga hjá okkur núna,“ sagði Greta Mjöll Samueldsdóttir. „Núna megum við ekki fara að hugsa um það að við verðum að vinna. Það er ekki hægt að skora tvö mörk í hverri sókn og við þurfum bara að spila eins og við getum. Við erum ógeðslega góðar í fótbolta en við erum bara ekki alveg að smella saman og ná að sýna það,“ sagði Greta Mjöll.

Landsins mesta

Gleðilegt
sumar

úrval af sláttuvélum!

Opnunartími á

uppstigningardag

Breidd	11-17
Leigumarkaður	
Breidd	11-16
Kauptúni	11-17
Granda	11-17
Selfossi	12-16
Akureyri	12-16

Sjá nánar opnunartíma verslana á www.BYKO.is

Vaxtalaust
lán í BYKO!

0%

VAXTALAUS LÁN

3% lántökugjald og 295 kr.
greiðslugjald á hverja borgun.

Sjá nánar á www.BYKO.is

Gerðu
góð kaup!

Vnr. 53323150-51

Sláttuvél

WARRIOR sláttuvél með fjörgengis-
mótor. Vélin er 3,75 hestöfl, stillanleg
sláttuhæð, sláttubreidd 46 cm.

33.900

Tökum gömlu
sláttuvélina upp í á kr.

5.000

Aðeins hægt að láta eina sláttuvél uppi nýja.



Einhell
Vnr. 74830022

Sláttuvél 19.990

EINHELL rafmagnssláttuvél BG-EM 1030,
1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling
er 25-60 mm, safnkassi er 28 l. Lítil og ódýr
sláttuvél sem hentar fyrir minni grasbletti.



Flymo

Vnr. 53323051

Sláttuvél 25.900

FLYMO TURBO LITE sláttuvél, 330 SVIF.
1150W, sláttubreidd 33 cm, sláttuhæð
10-30 mm, þyngd 6,5 kg, 12 m löng
rafmagnssnúra.



BOSCH

Vnr. 74891134

Sláttuvél 37.990

BOSCH rafmagnssláttuvél Rotak 34, 1300W,
sláttubreidd er 34 cm, hæðarstilling 20-70 mm,
safnkassi er 40 l. Kraftmikil sláttuvél sem hentar
fyrir minni garða.



Einhell

Vnr. 74830010

Sláttuorð

EINHELL rafmagns-
sláttuorð BG-ET
2620, 260W,
sláttubreidd 20 cm.

4.990



BOSCH

Vnr. 74890324

Sláttuorð

BOSCH rafmagnssláttuorð
ART 23 Combi, 400W,
sláttubreidd 23 cm,
stillanleg lengd skafts.

9.990



Einhell
Vnr. 74830060

Sláttuvél 44.990

EINHELL sláttuvél BG-PM 46 P. Með 3,75 hestafla
fjörgengismótor, sláttubreidd er 46 cm, hægt að
velja um 3 hæðarstillingar, safnpoki er 60 l.



Einhell
Vnr. 74830064

Sláttuvél 49.990

EINHELL sjálfdrifin sláttuvél, 135cc fjörgengismótor,
sláttubreidd 46 cm. Stærð safnpoka 60 l.



Einhell
Vnr. 74830069

Sláttuvél 69.990

EINHELL sláttuvél BG-PM 51 S HW. Með
sjálfdrifi, 163 ccm fjörgengismótor,
sláttubreidd er 51 cm, hægt að velja um 6
hæðarstillingar, safnpokinn er 70 l.

BYKO

FLUGAN



MARÍA

María líkleg í Norðuránni

María er hönnuð af fyrrverandi formanni SVFR, Kristjáni Guðjónssyni. Alloft hefur þessi skæða laxatúpa gefið fyrsta laxinn við opnun Norðurár í Borgarfirði, en veiði í Norðurá hefst einmitt nú um helgina.

Gott vatn er í ánni og því afar líklegt að fyrstu laxarnir taki túpur að þessu sinni.

UPPSKRIFT:

- 1" eirró
- Tvinni – Svartur UNI 6/0
- Stél – Svartlituð hárf hjartardindli ásamt nokkrum þráðum af Krystal Flash
- Vöf – Ávalt silfur UNI tinsel
- Búkur – Appelsínugult ullarband
- Hringskegg – Svartlituð hænu eða Schlappen fjóður
- Haus – Svartur.
- Með 1" túpunni er gott að nota Kamasan þríkrækju #8

Mynd og uppskrift af Flugan.is

Laxveiðin hefst í Norðurá og Blöndu á sunnudaginn

Laxarnir eru byrjaðir að bylta sér í Blöndu. Meira vatn er í Norðurá en á sama tíma í fyrra. Talsmenn Stangaveiðifélags Reykjavíkur og Lax-á eru bjartsýnir. Veiðimálastofnun býst við góðri laxveiði í sumar.

Aðeins örfáir dagar eru í að laxveiðitímabilið byrji. Veiði hefst í Norðurá og Blöndu á sunnudaginn, en báðar þessar ár voru á meðal aflahæstu á síðasta sumar. Í Norðurá veiddust 2.279 laxar á fjórtán stangir en í Blöndu veiddust 2.777 laxar á átta stangir. Auk þess hefst veiði í Straumum, ármótum Norðurár og Hvítár, og á Ferjukotseyrum í Borgarfirði.

Haraldur Eiríksson, markaðs- og sölufulltrúi SVFR, er bjartsýnn á góða veiði í Norðurá í sumar.

„Auðvitað er erfitt að spá fyrir um veiðina,“ segir Haraldur. „Það er samt óhætt að segja að menn séu almennt bjartsýnir. Það er allavega búið að selja öll veiðileyfin í ána í júní. Jákvæðu tíðindin, hvað opnunina snertir, er að það virðist vera nóg af vatni í ánni. Í fyrra var það einmitt vatnsleysið sem gerði mönnum erfitt og fyrir og það olli því að opnunin var frekar döpur þótt nóg væri af fiski í ánni.“

Stefán Sigurðsson, hjá Lax-á, verður sjálfur í Blöndu við opnunina. Hann segir að vel hafi gengið að selja veiðileyfi í ána og líkt og Haraldur segist hann vongóður um að veiðin í Blöndu verði góð í



NORÐURÁ Í BORGARFIRÐI Norðuráin er oft kölluð drottning íslenskra laxveiðia. Svæðið sem hægt er að veiða á er um 65 kílómetra langt.

sumar, enda hafi síðustu tvö ár verið metár.

Hugurinn kominn á árbakkann

„Blanda er ein allra sterkasta júní-áin og það er óhætt að segja að maður sé spenntur. Ég hef lítið sfofið undanfarnar nætur enda hugurinn kominn á árbakkann,“ segir Stefán. „Í fyrra sáum við engan lax fyrir en kvöldið fyrir opnunina. Nú hafa menn aftur á móti þegar komið auga á lax og enn eru nokkrir dagar til stefnu – það veit á gott. Oftast hafa veiðst á bilinu 10 til 18 laxar við opnunina. Í fyrra voru þeir hins vegar 40, allt stórlaxar. Það er því ekki að ástæðulausu að maður liggir andvaka.“

Í ársskýrslu Veiðimálastofnunar

sem kynnt var á aðalfundi stofnunarinnar í byrjun maí er farið yfir veiðihorfurnar fyrir sumarið. Í skýrslunni segir að á síðustu þremur árum hafi stangveiði náttúrulegra laxa verið sú mesta frá því skráningar hófust. Í fyrra hafi laxinn almennt gengið fyrir í árnar en árin þar á undan og von sé til að svo verði áfram og viðsnúningur hafi orðið á göngutíma.

Búist við góðri veiði í sumar

„Sveiflur hafa ávallt verið í veiði á laxi og fylgjast yfirleitt að nokkur góð ár og nokkur slæm þar til viðsnúningur verður,“ segir í skýrslunni. „Í ljósi þess má búast við að stangveiðin sumarið 2011, úr náttúrulegum laxastofnum, verði



DAMMURINN Í BLÖNDU Stefán Sigurðsson, hjá Lax-á, sést hér með einn fallegan sem hann veiddi í Damminum.

Hjartað tók kipp

Höskuldur B. Erlingsson, lögreglu- og leiðsögumaður í Blöndu, sendi forsvarsmönnum Lax-á tölvupóst í fyrradag þegar hann var nýkominn úr „vettvangsferð“ í Blöndu.

„Ég tyllti mér á brúnina fyrir ofan Damminn og sat þar í nokkra stund,“ skrifar Höskuldur. „Þá bylti sér fallegur 2 ára lax í miðjum Damminum. Silfurbjartur og fallgur og á að giska 12-14 pund. Annað sá ég ekki en ég neita því ekki að hjartað tók kipp. Svo í morgun (gærmorgun) ákvað ég að kíkja aftur og gá hvort ég yrði var við eitthvert líf. Og viti menn, 2 laxar lágu neðst á klöppinni fyrir ofan flúðirnar í Damminum.“ - th

áfram góð og verði vel yfir meðalstangveiði. Sleppingur gönguseiða í hafbeitarár voru áfram umtalsverðar á síðasta ári og því líkur til að veiði í þeim verði áfram umtalsverð. Í þeim ám ræðst fiskgengd af fjölda slepptra seiða ásamt endurheimtuhlutfalli úr sjó en það fylgdist að verulegu leyti að við endurheimtuhlutfall á náttúrulegum laxi.“

Þar sem laxveiðin er formlega að ganga í garð er ágætt að brýna það fyrir veiðimönnum að skrá veiðina samviskusamlega í veiðibækur. Slíkt er mjög mikilvægt til að afla þekkingar um ástand fiskstofna og nýtingu þeirra. trausti@frettabladid.is

FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.



Tómas Skúlason náði að landa urriðatrölli í Þingvallavatni eftir langa baráttu:

Fékk taugaáfall þegar ég sá fiskinn

„Þegar ég sá fiskinn fékk ég hálf-gert taugaáfall. Mig grunaði ekki að hann væri svona stór og var því rólegur allan tímann. Kannski náði ég honum vegna þess að ég sá hann ekki fyrir en í löndun,“ segir Tómas Skúlason, sem landaði 23 punda urriðahæng í Þingvallavatni um liðna helgi.

„Við félagi minn vorum á löngum tíma búnir að fara um allt vatn og leita að fiski en það var mjög dapurt yfir þessu. Síðasta morguninn fór ég út til að taka nokkur köst og hann var á í þriðja kasti. Sá fiskur var fljótur að losa sig en tveimur köstum seinna setti ég í þennan glæsifisk,“ segir Tómas, sem eins og aðrir sem verða þeirrar gæfu aðnjótandi að setja í risaurriða í Þingvallavatni lýsir viðureigninni sem kostulegri.

Fiskinn sá hann aldrei fyrir en í löndun eftir tæplega klukkutíma viðureign. Þá hafði Tómas þurft að vaða út í vatnið til að losa línuna, sem var nær öll úti. Á meðan hélt félagi hans í stöngina.



GLÆSILEGUR 23 PUNDA HÆNGUR Vatnaveiðin í vor einkennist meðal annars af köldu veðri og risaurriðum úr Þingvallavatni.

„Ég landaði því urriðanum blautur upp að eyrnasneplum en hamingjusamur,“ segir Tómas, sem ætlar urriðanum stað á vegg veiðiverslunarinnar Veiðiportsins sem hann á og rekur.

Urriðinn er 97 sentimetrar á lengd og 58 að ummáli. Hann veiddist á sökkliðu og straumflugu með keilu sem heitir Páskaunginn. Taumurinn var tólf pund.

- shá



REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

STANGVEIÐI- HÁTÍÐ

Ellingsen heldur stangveiðihátíð dagana 3.-4. júní. Kynntar verða nýjungar í stangveiði og sölumenn stangveiðideildar veita gestum góð ráð fyrir veiðiferðir sumarsins. Komdu og skoðaðu úrvalið af vönduðum stangveiðivörum frá Hardy, Grace, Loop, og Abu Garcia. Allir velkomnir!

HARDY
ALNWICK | ENGLAND

GREYS
BORN TO FISH

LOOP

Abu Garcia
FOR LIFE.™

20%
afsláttur af
Loop og Grace
veiðivörum

25%
afsláttur af
vöðlum og
vöðluskóm

BRYGGJU- OG
SILUNGASPÚNAR
1.250 kr.

ABU BARNAVEIÐISETT
3.990 kr.

SILUNGASPÚNAR
5 í setti
990 kr.

MITCHELL STANGARSETT
f. sjó-, bryggju- og vatnaveiði
8.990 kr.

MITCHEL STANGARSETT
f. sjó-, bryggju- og vatnaveiði
7.490 kr.

ABU SJÓVEIÐISETT
16.990 kr.

LOOP FLUGUVEIÐISETT
39.900 kr.

ABU FLUGUVEIÐISETT
21.990 kr.

> William H. Macy

„Ég var hundur í fyrra lífi. Ég hef gengið niður götur og hundar líta tvisvar á mig og hugsa: „Hey, ég þekki þennan“.

William H. Macy lætur illa þokkaða náunga ræna konu sinni til þess að hirða sjálfur megnið af lausnargjaldinu sem forrikur tengdafaðir hans á að punga út í stórmyndinni Fargo sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON REIKNAR EKKI MEÐ ÞVI AÐ VERÐA TEKINN AF LÍFI

Hér eru aðeins notuð púðurskot

Nýverið var greint frá því að Rustam Makhmudov, maður frá Téténíu sem grunaður var um morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Polítkovskaja, hefði verið handtekinn. Blaðakonnan var afar gagnrýnin á stríðið í Téténíu og Vladímír Pútín, sem þá var forseti Rússlands. Hún skrifaði magnaðar greinar um stríðið sem þýddar hafa verið og gefnar út víða um heim.

Minnistæð er bókin Rússland Pútíns sem þýdd hefur verið á íslensku. Bókin er vægast sagt hrikaleg, byggð á reynslusögum viðmælenda Önnu og vitnisburði hennar. Viðfangsefnið eru bæði þeir sem urðu undir við hrun Sovétríkanna eða sóttu á toppinn með réttu eða röngu. Allir þræðir enda í sama knippi í Kremli. Þar er alið á spillingu og glæpsamlegt athæfi látið afskiptalaust svo lengi sem stjórnvöld hagnast á þeim.

Fimm ár eru að verða síðan Polítkovskaja var skotin til bana í blokkarlyftunni heima hjá sér



í Moskvuborg. Lengi hefur grunur leikið á að Pútín eða undirmenn hans hafi fyrirskipað morðið, enda skotspónar blaðakonunnar. Þá létu stjórnvöld hjá líða að rannsaka morðið og hafa gert margt til að teyja fyrir rannsókn. Örlög blaðakonunnar eru langt í frá einsdæmi. Hún var einn af þeim 106 blaðamönnum sem myrtir voru í Rússlandi á árunum 1999 til 2009, að ótöldum þeim 118 rússnesku blaðamönnum sem létu lífið á átakasvæðum.

Ágætt er að rifja þetta upp nú þegar fréttir berast af því að enn einn blaðamaðurinn hefur verið myrtur. Sá hét Saleem Shahzad og vann að rannsókn á tengslum pakistanska hersins og hryðjuverkasamtakanna al-Kaída. Shahzad var á leið í sjónvarpsviðtal í borginni Islamabad á sunnudagskvöld en skilaði sér ekki á áfangastað. Lík hans fannst illa útleikið tæpa hundrað kílómetra frá borginni og var sett í ómerkta gróf á mánudag. Það var svo grafið upp á þriðjudag. Leynibraut landsins er grunuð um morðið. Talsmenn hennar hafa í fjölmiðlum vísað ásökunum á bug. En hverju skal svo trúta?

RÚV

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 10.59 Loftslagsvínir (2:10) (e)
- 11.30 Kastljós (e)
- 12.00 Landinn (e)
- 12.30 Nagandi óvissa (e)
- 14.00 Hugvit
- 14.25 Gamalt er gott (e)
- 15.05 Kristinn Sigmundsson á Listahátíð (e)
- 16.30 Tíu fingur (5:12)
- 17.25 Skassið og skinkan (9:20)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Geymslan
- 18.30 Dansskólinn (7:7)
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.30 Þingeyrakirkja - Þjóðardjásn og dýrindi.
- 20.00 Önnumatúr frá Spáni - Villtur matúr (3:8)
- 20.35 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar.
- 21.20 Krabbinn (13:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein.
- 21.50 Glæpahneigð (Criminal Minds IV)
- 22.35 Downton Abbey (6:7) (e)
- 23.25 Lars og sú útvalda (Lars and the Real Girl) (e)
- 01.10 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Picture This
- 10.00 Bride Wars
- 12.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa
- 14.00 Picture This
- 16.00 Bride Wars
- 18.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa
- 20.00 It's a Boy Girl Thing
- 22.00 Fargo
- 00.00 The Number 23
- 02.00 Shadowboxer
- 04.00 Fargo
- 06.00 I Love You Beth Cooper

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 10.30 Búi og Símon
- 12.00 Friends (8:24)
- 12.25 How I Met Your Mother (1:24)
- 12.50 The Big Bang Theory (1:23)
- 13.15 A Fish Called Wanda
- 15.00 Secrets of a Royal Bridesmaid
- 15.50 The Mentalist (21:23)
- 16.35 Gilmore Girls (19:22)
- 17.20 The O.C. 2 (12:24)
- 18.05 The Simpsons
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Veður
- 19.00 Two and a Half Men (11:22)
- 19.25 Modern Family (20:24)
- 19.50 Amazing Race (4:12)
- 20.35 Steindinn okkar (8:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfýndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekktu Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað. Drepfýndir þættir og ógleymanleg lög.
- 21.00 NCIS (17:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnið eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
- 21.45 The Phantom Fyrri hluti hörku-spennandi framhaldsmyndar sem byggð er á samnefndum hasarsögum eftir Lee Falk. Lögfræðineminn Chris Moore kemst að því að hann var ættleiddur í æsku og hann er í raun sonur Vofunnar, frægrar hetju sem berst gegn glæpum og verndar saklausa, en það hlutverk hafa forfedur hans haft í margar aldir. Leikstjóri er Paolo Barzman en í aðalhlutverkum eru Ryan Carnes, Cameron Goodman, Jean Marchand og Isabella Rossellini.
- 23.15 Rain Man
- 01.25 The Mentalist (21:24)
- 02.10 Generation Kill (6:7)
- 03.15 Rizzoli & Isles (3:10)
- 03.55 Damages (2:13)
- 04.40 The Pacific (5:10)
- 05.30 Steindinn okkar (8:8)
- 05.55 Fréttir

SPORT

- 07.00 Þýski handboltinn: Gummersbach - Kiel
- 17.30 Þýski handboltinn: Gummersbach - Kiel
- 18.50 Grindavík - Þór Útsending frá leik Grindavíkur og Þórs í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 20.40 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atviki eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
- 21.50 Golfskóli Birgis Leifs (10:12)
- 22.20 European Poker Tour 6
- 23.10 The U Einstök heimildarmynd um ótrúlegan árangur háskólalíðsins Miami Hurricanes í ameríska fótboltanum í upphafi nýunda áratugar síðustu aldar. Þjálfarinn tók þá umdeildu ákvörðun að sækja blökkumenn í fátækustu hverfin í Flórída og setja þá í lið háskóla sem hafði þangað til nær eingöngu verið með hvíta nemendur.
- 01.00 Miami - Dallas Bein útsending frá öðrum leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.

SPORT 2

- 18.15 Blackpool - Wigan Útsending frá leik Blackpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.00 Ensku mörkin Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
- 20.30 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 21.00 Season Highlights 2010/2011 Allar leiktíðir úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 21.55 Man. City - Liverpool Útsending frá leik Man. City og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.40 Ronaldinho Í þessum mögnuðu þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bak við tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 11.25 Rachael Ray (e)
- 12.10 America's Funniest Home Videos (1:48)
- 12.35 Golden Globe Awards 2011 (e)
- 14.50 Sense and Sensibility (e)
- 17.10 Girlfriends (17:22) (e)
- 17.30 Rachael Ray
- 18.15 America's Next Top Model (10:13) (e)
- 19.00 Million Dollar Listing (5:9)
- 19.45 Whose Line is it Anyway? (12:39)
- 20.10 Rules of Engagement (4:26)
- 20.35 Parks & Recreation (4:22)
- 21.00 Royal Pains - LOKAPÁTTUR (18:18)
- 21.50 Law & Order: Los Angeles (11:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles. Æsilegur eltingarleikur endar með alvarlegri morðrannsókn.
- 22.35 Penn & Teller (1:10)
- 23.05 The Good Wife (19:23) (e)
- 23.55 CSI: New York (18:23) (e)
- 00.40 Victoria's Secret Fashion Show 2010 (e)
- 01.30 Royal Pains (18:18) (e)
- 02.15 Law & Order: LA (11:22) (e)
- 03.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 HP Byron Nelson Championship (3:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Golfing World
- 12.50 HP Byron Nelson Championship (4:4)
- 15.35 Ryder Cup Official Film 2006
- 16.50 PGA Tour - Highlights (21:45)
- 17.45 Golfing World
- 18.35 Inside the PGA Tour (22:42)
- 19.00 The Memorial Tournament (1:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 Monty's Ryder Cup Memories
- 23.40 ESPN America

EXTRA

- 19.45 The Doctors
- 20.30 In Treatment (32:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 The Office (1:6) Stöð 2 rifjar upp gamanþáttaröðina The Office þar sem Ricky Gervais fer á kostum sem yfirmaður á skrifstofu í Slough á Englandi. Þar reynir hann að gera allt sem hann getur til að vera vinsælasti og besti yfirmaður fyrirtækisins.
- 22.00 Gossip Girl (16:22) Fjórdá þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðal- sögupersónanna.
- 22.45 Grey's Anatomy (22:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungrir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu lækna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
- 23.35 Ghost Whisperer (12:22)
- 00.20 The Ex List (7:13)
- 01.05 In Treatment (32:43)
- 01.30 The Doctors
- 02.10 The Office (1:6)
- 02.40 Fréttir Stöðvar 2
- 03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÚTVARP FM					
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
					FM 105,5 Útvarp Boðun

Ódýrasti kaffibollinn! Hvað kostar kaffibollinn í raun og veru?

Þegar kostnaður vegna kaffineyslu til lengri tíma er reiknaður saman, kemur í ljós að verðið á kaffivélunum hefur lítil áhrif á þann heildarkostnað sem neytandinn ber þegar allt kemur til alls.

Marga dreymir um að eignast alvöru kaffivél eins og Jura kaffivélina, sem malar kaffibaunirnar og hellir upp á bragðgott kaffi undir þrýstingi. Einnig flóar hún mjólk og útbýr kaffidrykki eins og gert er á helstu kaffihúsum bæjarins. Innkaupsverðið á Jura vélinni er ef til vill fyrirstaða fyrir suma, en vélin kostar frá 124.950 krónum. Algengt verð á kaffivél til uppáhellingar. af gömlu gerðinni er

um það bil 16.000 krónum. Þarna er augljóslega nokkuð mikill munur á innkaupsverði. Hér spara margir aurinn og kasta líka krónumni.

Heildarkostnaður vegna kaffineyslu í tíu ár

- Heildarkostnaður felur í sér verð kaffivélar, kaup á kaffi þar sem gert er ráð fyrir 15% verðhækkun á hverju ári og kaupum á hreinsitöflum þar sem gert er ráð fyrir 4% verðhækkun á ári. Helt er upp á fimm bolla af kaffi á dag í tíu ár auk þess sem tekið er tillit til 30% rýrnunar á kaffi sem er óhjákvæmilegt ef helt er upp á kaffi á hefðbundinn hátt. Sé heildarkostnaður núvirtur með 6% ávöxtunarkröfu til dagsins í dag kemur eftirfarandi í ljós:
- Uppáhelling á gamla mätann, kostar 1.093.064 krónum í tíu ár. Á sama tíma er heildar kostnaður með Jura vélinni aðeins 962.268 krónum.
- Með því að fjárfesta í Jura kaffivél geta því auðveldlega sparast 130.796 krónum á tíu árum.

IMPRESSA Z7 SWISS MADE

EIRVÍK -háægðaaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.45

The Phantom

Fyrri hluti hörku-spennandi framhalds-myndar um ungan mann sem kemst að því að hann er



í raun sonur Vofunnar, frægrar hetju sem berst gegn glæpnum og verndar saklausa. Seinni hluti er á dagskrá annað kvöld.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 08.00 Morgunfréttir 08.05 Biblían í sögu og kveðskap Egils Skallagrímssonar 09.00 Fréttir 09.03 Geldingarnir og sönglistin 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Einn á ferð og oftast riðandi 11.00 Guðsþjónusta í Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 12.00 Hádegisútlit 12.20 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Hránsýri við Arnarfjörð 14.00 Eg heiti Barbara 15.00 Lífandi sjálfsmorð 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Graduale Nobili 17.15 Smásaga: Skýnoðri 18.00 Kvöldfréttir 18.15 Auglýsingar 18.17 Hugleiðing á uppspigningardag 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Síntóniútlit: Mahler-veisla 20.58 Homo Sapiens 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Útvarpsperlur: Blómíð sem þú gafst mér 23.20 Til allra átta 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

10.05 EastEnders 10.35 Fawty Towers 11.10 Fawty Towers 11.40 Allo, Allo! 12.05 Allo, Allo! 12.30 Keeping Up Appearances 13.00 Fawty Towers 13.30 Allo, Allo! 13.55 Allo, Allo! 14.20 The Weakest Link 15.10 The Weakest Link 16.00 Fawty Towers 16.30 Allo, Allo! 17.00 Allo, Allo! 17.25 Lark Rise to Candleford 18.20 Jonathan Creek 19.10 Top Gear 20.00 Jack Dee Live at the Apollo 20.45 The Graham Norton Show 21.45 Coupling 22.15 Top Gear 23.05 Lark Rise to Candleford 23.55 Jonathan Creek

DR 1

06.30 Atlantis. Milo vender tilbage 07.55 OBS 08.00 Generalinspektøren 09.45 Mord på hjerren 11.25 Katie på Slottet 12.25 Hercule Poirot 14.00 Timmy-tid 14.10 Chiro 14.15 Den fortryllede karnusel 14.30 Bamses Billedbog 15.00 Der var engang en dreng 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Kamæleonernes strand 18.00 Spise med Price 18.30 Bag Facaden 19.00 TV Avisen 19.15 SportNyt 19.20 Den sidste tempelridder 20.45 Rebecca 22.20 Kodenavn: Jane Doe 04.00 Penelope

NKI 1

07.00 Nærkontakt med Canada 07.30 Herman 09.05 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 09.35 Filmavisen 09.45 Norge rundt 10.10 Nordsjøens livsnerve 10.25 Huset på prærien 11.25 Samtale med gartneren 13.10 Et løp for livet 13.40 Kongens tale - den sanne historien 14.30 Cat Ballou 16.05 God som gull 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrödingers katt 18.30 Elefanten Echo - verdens beste mor 19.20 O'Horten 20.50 Turistferja i Geiranger 21.00 Kveldsnytt 21.15 Pápp og Rákk 21.40 Elvis í glada Hudik

svt1

13.00 Håkan Hellström live på Cirkus 14.00 Rapport 14.05 Röda näckrosor 14.30 Biltökig 15.30 Fikapaus 15.50 Anslagstavlan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Strömsö 16.55 Kinesisk sidenvävstol 17.00 Livet på fyren 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.55 Regionala nyheter 18.00 Mitt i naturen Australien 18.30 Hundra procent bonde 19.00 K Special 20.50 Anklagad 21.50 Uppdrag Granskning 22.50 Rapport 22.55 The Tudors 23.50 Bored to Death



NÝTT

Villta Vestrið

Kl. 7:00



Svali


Kl. 9:00



NÝTT

FjögurSEX

Kl. 16:00



Heiðar

Kl. 13:00



AÐ EILÍFU FM

Villta Vestrið

Nýr og ferskur morgunþáttur frá mönnum á bak við lögin Sjómleh, Keyrum þetta í gang, Djamm í kvöld og mörg fleiri

FjögurSEX

Brynjar Már og Margrét Björns gera heimferðina skemmtilegri

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.



Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu



Smíðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur - Starfandi í 60 ár

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu



„Gló í Listhúsinu er í miklu uppáhaldi hjá mér. Þar er maturinn exótískur og spennandi og ekki skemmir fyrir hvað hann er hollur.“

Guðrún Dís Emilsdóttir útvarpskona

Skrifa dramatíska gamanþætti

NÝIR ÞÆTTIR Gunnar Björn Guðmundsson, Anna Svava Knútsdóttir og Gunnar Helgason vinna að handriti nýrra gamanþátta fyrir RÚV.

„Við erum á fullu að skrifa. Ef það gengur vel fer verkefnið á næsta stig,“ segir leikstjórinn Gunnar Björn Guðmundsson, sem vinnur nú ásamt Önnu Svövu Knútsdóttur og Gunnari Helgasyni að handriti nýrra sjónvarpsþátta sem verða sýndir á RÚV. „Þátturinn heitir Þorpið,“ segir Gunnar. „Þetta er svona gríndrama. Þættirnir fjalla um leikara sem er rekinn úr Þjóðleikhúsinu vegna áfengisneyslu og fer út á land að leikstýra áhuga-leikhópi.“

Eru þættirnir byggðir á raunverulegum atburðum?

„Jaaa... þeir saumast inn í. Við erum öll með góða reynslu af leikstjórn úti á landi og leikhúsheiminum.“

Anna Svava flytur til útlanda í vikunni en

Gunnar segir að hún muni ekki yfirgefa handritsteymið. „Við stefnum á ákveðinn stað. Svo verður tekið hlé þegar hún fer, þótt við verðum eitt-hvað að vinna í þessu á meðan hún er úti,“ segir hann.

Óvíst er hvenær tölur á þáttunum hefjast og því er eðli málsins samkvæmt óvíst hvenær þeir verða sýndir. Þá segir Gunnar óvíst hvaða leikarar fari með hlutverk í þáttunum. „Það þarf í fyrsta lagi að skrifa þættina. Svo hefst fjármögnun ef allt gengur vel. Þau eru allavega hrifin á RÚV,“ segir hann.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Jón Þór Birgisson og strákarnir í **Sigur Rós** hafa löngum verið þekktir fyrir umhverfisvitund sína og hafa lagt margs konar mál-efnum lið í þeirri viðleitni sinni. Nýjasta framlagið á þó eflaust eftir að vekja heimsathygli því hinn sígildi slagari Hoppipolla heyrir undir auglýsingu frá samtökunum 60+ og WWF-samtökunum. Þau hafa staðið saman fyrir svokölluðum Earth Hour eða Jarðarklukku-tímanum, sem á að vekja athygli á orkusparnaði, en samkvæmt

auglýsingunni með tónlist Sigur Rósar í aðalhlutverki verður næsti Jarðarklukkutími laugardaginn 31. mars 2012.



Athygli vekur að á vefsíðunni this-dishisvegetarian.com er vísað í ónafngreindan talsmann sveitarinnar. Sá greinir frá því að Íslendingar finni sennilega hvað mest fyrir hlýnun jarðar, jöklarnir séu að hropa og veturnir að hverfa. „En þar sem við lifum við mikið myrkur á veturna gerum við okkur grein fyrir því að ljós breytir tilverunni. Það er hins vegar dýru verð keypt og Earth Hour sinnir ótrúlegu starfi í að minna okkur á að við verðum að umgangast orkuna af ábyrgð,“ hefur vefurinn eftir talsmanninum, sem er að öllum líkindum **Kári Sturluson**.



KENNIR ÞJÖPPUN UM Forsíðumynd símaskrárinnar er til vinstri og skjáskot af auglýsingu frá símaskránni er til hægri. Egill segir þjöppun á þeirri síðarnefndu hafa orðið til þess að hann virðist breiðari en hann sé í raun og veru.

EGILL EINARSSON: STÓRI G-MAÐURINN VAR ÞJAPPAÐUR

Segir mittið ekki minnkað með myndvinnslubrögðum

„Það eru jafn miklar líkur á því að Þykki sé **fótósjoppaður** á símaskránni og að Stallone hafi verið **fótósjoppaður** framan á plakatinu fyrir Rambo 3,“ segir þúsundþjalasmiðurinn Egill Einarsson. Vefsíðan Flickmylife.com birti á dögunum myndir sem sýndu muninn á Agli framan á símaskránni annars vegar og í kynningarmyndbandi fyrir sömu bók hins vegar. Stór munur er á myndunum, en færslan er birt undir fyrirsögninni Photoshop dagsins. Þar með eru líkur leiddar að því að myndvinnsluforrit hafi ekki aðeins verið notað til að vinna

myndina, eins og gert er við allar prentaðar myndir, heldur einnig til að minnka mitti Egils og skerpa á vöðvabyggingunni. Hann vísar meintum myndvinnsluþrögðum á bug og segir auðvelt að svara færslunni á Flickmylife. „Þar er notað skjáskot úr myndbandi til að bera saman við myndina á forsíðu símaskrárinnar,“ segir hann. „Myndbandið var tekið í 4:3 sniði og síðan þrýst niður í 16:9 sniði við útsendingu. Stóri G-maðurinn þjappaðist þar af leiðandi við það og virkar breiðari.“ Egill segir myndvinnsluforritið

Photoshop aðeins hafa verið notað til að litaleiðrétta myndina ásamt því að skerpa liti og annað. „Ég er 95 kíló á myndinni og 3,6 prósent fita. Daginn sem ég ranka við mér teiknandi á mig kviðvöðva hengi ég mig,“ segir Egill. „Eina líðið sem hefur haldið því fram að Þykki sé **fótósjoppaður** er rækjusamlokurnar sem eru með allt niður um sig í ræktinni. Það hefur ekki einn maður í góðu formi haldið þessu fram. Tók lunch með Grantaranum [Arnari Grant] í gær, hann minntist ekki einu orði á þetta.“

atlifannar@frettabladid.is

Sófadagar

40% afsláttur
Dagana 3-13 júní
Gæðasófar á frábæru verði !



Opnunartímar
Virka daga frá kl 16-19
Laugardag og sunnudag kl 13-17
Ármúla 21

Listamenn berjast í golfi

„Ég ætla að vinna þetta mót, alveg hundrað prósent. Ég hef aldrei tapað fyrir Arnari Jónssyni og ætla ekki að byrja á því í dag. Þetta eru stór orð en ég verð þá bara að kyngja þeim,“ segir Gunnar Hansson leikari. Gunnar er meðal þeirra tæplegu fjöruþú kylfinga sem berjast um titilinn „besti kylfingur listamanna“ í annað sinn, en mótið er haldið á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal í dag. Gunnar er, miðað við skráða forgjöf, meðal bestu kylfinga mótsins en hann er með 4,1. „Ég fékk náttúrulega þetta draumadjobb, að sjá um golf-magasínþátt fyrir RÚV, en það hefur þær afleiðingar að ég get lítið spilað sjálfur,“ segir Gunnar.

Arnar Jónsson leikari gefur lítið fyrir orð Gunnars og segist ætla að vinna mótið í ár; hann hafi líka verið fremur lélegur á síðasta móti og vilji bæta fyrir það. „Ég hef því miður ekki verið nægilega duglegur að spila, hef verið svo mikið erlendis, en ég tók aðeins forskot á sæluna og var viku á Spáni,“ segir Arnar, sem er

með 9,6 í forgjöf. Meðal annarra þjóðþekktara listamanna sem taka þátt í mótinu má nefna leikarana Kjartan Guðjónsson og Jóhann G. Jóhannsson, en sé tekið mið af forgjöfinni eru þeir hálfgerðir byrjendur, Kjartan er með 36 og Jóhann G. með 35 í forgjöf. Spaugstofufélagarnir fyrrverandi Randver Þorláksson og Sigurður Sigurjónsson verða einnig meðal keppenda, sem og kvikmyndagerðarmennirnir Björn Brynjúlfur Björnsson og Lárus Ýmir Óskarsson, en Lárus þykir nokkuð liðtækur og er með 9,1 í forgjöf. -fgg



BARIST UM TITILINN Arnar Jónsson og Gunnar Hansson eru báðir liðtækir kylfingar og ætla sér að berjast um sigurinn í golfmóti listamanna sem fram fer á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal.

IMAGE FUDGE IMAGE **Þú kemst fljótt að!**
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
FUDGE IMAGE **Rakarastofan Klapparstíg**
FUDGE IMAGE **S: 551 3010**

-50%
af lambasamlökum
gegn framvisun auglýsingar

Nýbýlavegi 32 - S. 577 5773 - supersub.is



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



Kr. 1.999

Hlýrabolir,
margir flottir litir.



Kr. 2.790

Peysa/golla
Margir
fallegir litir



Kr. 6.990

Pífubolur,
3 fallegir litir.



Kr. 7.790

Sumarkjöll, 2 flottir litir

Sumartískan

FÆST Í GULA HÚSINU



Kr. 3.290

Hvítur bolur, hneptur



Kr. 8.490

Hvítur og svartur jakki

Kr. 1.999

Afabolurinn
til í nokkrum
litum



Kr. 4.999

Kvartbuxur,
til í nokkrum
litum og
gerðum



Kr. 12.490

Köflóttur herrajakki



Kr. 9.590

Köflóttur
púffkjöll



Kr. 9.990

Svartur herrajakki



HELGARTILBOÐ
Á ÍPRÓTTAGÖLLUM
BARNA. GILDIR
FRAM Á MÁNUDAG

Bleikur
ípróttagalli

Kr. 4.990

Svartur
ípróttagalli

Kr. 4.990

Leggings og kjöll

Kr. 3.490

Peysa

Kr. 1.790



**BOLA-
BRJÁLÆÐI!**

Vinsælu bómullarbolirnir
aðeins kr. 499 stk.

Kr. 499




Gallabuxur

Kr. 2.790



**ALLIR
SKÖR
MED
AFSLÆTTI!**



**GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8**

ÓDÝRT & GOTT

Opið í dag 12 - 17 / Sími 534 4451



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR
 Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Norræn gosstjarna

Íslensku sjónvarpsfréttamennirnir kepptust margir hverjir við að standa í ösku Grímsvatnagossins og koma landsmönnum í skilning um hversu hrikalegar þessar hamfarir væru. Einn þeirra var **Björn Malmquist** hjá RÚV, sem fór mikinn ásamt samstarfsfólki sínu á fréttastofu Sjónvarpsins. Björn og Rákel Þorbergsdóttir settu saman litla heimildarmynd um gosið og öskuna skömmu eftir að Björn sneri heim, sem þótti það vel heppnuð að danska ríkissjónvarpið, DR, hefur ákveðið að sýna hana á ágætis tíma, hinn 6. júní klukkan tíu að staðar-tíma.



Blatter bauð Eggerti

Það hefur lítið spurst til **Eggers Magnússonar**, fyrrum formanns KSÍ, síðan hann hvarf úr starfi stjórnarformanns West Ham eftir átök við Björgólf Guðmundsson. Eggert heldur þó greinilega góðu sambandi við félagi sína í knattspyrnuheiminum. Hann var nefnilega óvænt mættur á aðalþing Alþjóðaknattspyrnu-sambandsins, FIFA, en þangað var honum boðið sem sérstökum gesti FIFA. Blaðamaður Sky-fréttastofunnar sagðist hafa átt áhugavert spjall við Eggert á þinginu en um hvað þeir ræddu kom ekki fram.



- fgg, hbg

Mest lesið



- 1 Færa sig til Reykjanesbæjar
- 2 Nýr hótél- og móttökustjóri á Grand Hótel
- 3 Delta hefur mikla trú á flugi til Íslands
- 4 Starfsmenn Arion útskrifast frá Bifröst
- 5 Sennilegt að IGS hafi misnotað markaðsstöðu sína
- 6 Skuldar 6,4 milljónir í dagsektir vegna Baldursgötu

Arion banki skemmtilegri

60 MINUTES

Sunnudaga og sunnudagskvöld á Stöð 2.

Íslenskir Tómatar

Úrval íslenskra tómatu hefur aldrei verið meira

Tómatarnir eru í ýmsum stærðum og gerðum og henta í mismunandi matargerð. Þeim er pakkað í endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma upplýsingar um tegund og ræktendur ásamt uppskriftum og ýmsum fróðleik.

Konfektítómatar
 eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjömeiri en kirsuberjatómatar. Konfektítómatar sem og aðrir tómatar eru einnig hollt og gott snakk.

Kirsuberjatómatar
 eru smávaxnir, bragðmiklir og sætir. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt. Upphaflega voru tómatarnir mun minni en þeir eru í dag eða á stærð við kirsuber og þaðan er nafnið komið.

Heilsutómatar
 innihalda þrefalt meira magn af lýkópeni sem er í flokki karótínóíða. Það gefur tómtum rauða litinn og er einnig öflugt andoxunarefni. Heilsutómatar eru ræktaðir bæði stórir og smáir.

Plómutómatar
 einkennast af góðu, kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögun plómutómata gerir þá ennfremur frábrugðna öðrum tómtum í útliti.

Íslenskir tómatar
 eru einstaklega bragðgóðir og spila stórt og mikilvægt hlutverk í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómatu eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.